



Íþróttabandalag Akraness

Stofnað 1946

Ársskýrsla 2017



74. ársþing 2017

Skýrsla framkvæmdastjórnar ÍA starfsárið 2017



Framkvæmdastjórn ÍA árið 2017 skipuðu:

Helga Sjöfn Jóhannesdóttir, formaður
Sigurður Arnar Sigurðsson, varaformaður
Marella Steinsdóttir, ritari
Svava Huld Þórðardóttir, gjaldkeri
Práinn Haraldsson, meðstjórnandi

Varamenn í stjórn:
Ragnhildur Inga Aðalsteinsdóttir og Pálmi Haraldsson

Starfsmenn ÍA 2017:

Hildur Karen Aðalsteinsdóttir
Gunnlaugur Sölvason
Petrea Emilía Pétursdóttir

Formenn aðildarfélaga ÍA árið 2017 voru:

Brynja Kolbrún Pétursdóttir formaður Badmintonfélags ÍA
Sædís Alexía Sigurmundsdóttir formaður Blakfélagsins Bresa
Guðmundur Claxton formaður Fimleikafélags Akraness
Þórður Emil Ólafsson formaður Golfklúbbsins Leynis
Ása Hólmarsdóttir, formaður Hestamannafélagsins Dreyra
Örnólfur Þorleifsson formaður Hnefaleikafélags Akraness til 1/9 2017
Oliver Máni Oliversson formaður Hnefaleikafélags Akraness frá 1/9 2017
Sigurlaug Njarðardóttir formaður Íþróttafélagsins Þjóts
Eydís Líndal Finnbogadóttir formaður Karatefélags Akraness
Guðmundur Sigurðsson formaður Keilufélags Akraness
Ragnar Þrastarson formaður Klifurfélags ÍA
Magnús Guðmundsson formaður Knattspyrnufélags ÍA
Sveinbjörn Hlöðversson formaður Knattspyrnufélagsins Kára
Einar Örn Guðnason formaður Kraftlyftingafélags Akraness
Jón Þór Þórðarson formaður Körfuknattleiksfélags ÍA
Guðmundur Benediktsson formaður Sigurfara - siglingafélags Akraness
Anna Bjarnadóttir formaður Umf. Skipaskaga
Guðrún Hjaltalín formaður Skotfélags Akraness
Trausti Gylfason formaður Sundfélags Akraness
Jóhann Pétur Hilmarsson formaður Vélhjólaíþróttafélags Akraness



Við erum öll ÍA

Á undanförunum árum hefur framkvæmdastjórn Íþróttabandalags Akraness lagt aukna áherslu á að gera merki ÍA sýnilegra á Akranesi, hjá aðildarfélögum sínum og í íþróttamannvirkjum bæjarfélagsins. Ástæðan er einföld, ÍA merkið er sameiningartákn bæjarbúa og bæjarfélagsins ekki ósvipað og Akrafjallið. Það að geta sameinast yfir einhverju sem fólk er stolt af er nefnilega gríðarlega mikilvægt þegar byggja skal gott samfélag, ekki síst á tímum þar sem fjölgun í bænum er hröð. Þá getur þátttaka í öflugu íþróttastarfi auðveldað aðlögun að nýjum heimkynnum, hvort sem flutt er frá næsta sveitarfélagi eða um hálfan hnöttinn.



Framkvæmdastjórn hefur einnig lagt áherslu á að verja félagsliti ÍA, gult og svart. Mikilvægt er að tryggja að nægjanlegt framboð sé ávallt til af stuðningsvörum og íþróttafatnaði sem hentar fyrir allar íþróttagreinar.

Á liðnu ári var athygli heimsins vakin á kynferðislegu ofbeldi og kynbundnu misrétti undir merkinu „#MeToo.“ Starfsemi íþróttahreyfingarinnar var þar ekki undanskilin og ljóst að víða er pottur brotinn. Einelti, kynþáttamisrétti og ofbeldi fellur einnig undir það sem kalla má ótilhlýðilega háttsemi og verður hún ekki liðin undir merkjum ÍA. Unnið er að stefnu og aðgerðaráætlun á þessu sviði í samráði við ÍSÍ og Akraneskaupstað.

Nú þegar betur árar í rekstri bæjarfélagsins er ljóst að byggja þarf upp ný íþróttamannvirki í stækkandi bæjarfélagi og hefja umfangsmiklar viðgerðir á eldra húsnæði. Akraneskaupstaður hefur tekið vel í það og var hafist handa við byggingu frístundamiðstöðvar við Garðavöll í

upphafi árs 2018. Þá var lokið við framkvæmdir á pottasvæði við Jaðarsbakkalaug og nýtt gervigras lagt á Akraneshöllina. Fyrir liggur svo bygging fimleikahúss við Íþróttahúsið við Vesturgötu og hugmyndavinna um framtíðaruppbyggingu við Jaðarsbakka er komin af stað. Um leið og Akraneskaupstað er þakkað fyrir það sem gert hefur verið þá er mikilvægt að minna á að langt er í land á mörgum sviðum þannig að íþróttamannvirki á Akranesi standist samanburð við þau sveitarfélög sem við viljum helst bera okkur saman við. Vörumerkin ÍA og Akranes eru samtvinnuð öflugu íþróttalífi og gríðarlega mikilvæg fyrir ímynd bæjarins okkar. Það þarf ekki mikið til að skemma þessa ímynd en um leið þarf ekki heldur mikið til að Akranes komist aftur í fremstu röð þeirra sem bjóða upp á góða aðstöðu til íþróttaiðkunar og verði um leið enn ákjósanlegri kostur fyrir þá sem vilja búa sér og fjölskyldum sínum framtíðarheimili.

Aðildarfélög ÍA eru nú 19 talsins eftir að Sigurfari – sjósportfélag Akraness varð fullgildur meðlimur á síðasta ársþingi. Íþróttahreyfingin er nokkuð stór atvinnurekandi á Skaganum, með um 400 milljón króna veltu en verðmæti þeirrar vinnu sem fram fer innan hreyfingarinnar er þó margfalt meira, t.d. starfa á annað hundrað sjálfboðaliðar í stjórnnum aðildarfélaganna og að mótahaldi kemur enn stærri hópur foreldra, forráðamanna, gamalla iðkenda og annara aðstandenda. Þessi styrkur er um leið hryggjarsúla í öflugu samfélagi á Akranesi, þverfaglegt samstarf bæjarbúa á öllum aldri sem stunda allt frá ungbarnasundi til línudans undir merkjum ÍA.





Alls eru iðkendur á fjórða þúsund í mismunandi íþróttagreinum. Mikil fjölgun hefur orðið á síðustu árum í kjölfar aukinnar heilsueflingar þar sem almenningur leggur áherslu á að stunda heilsuefningu bæði innan einstakra íþróttafélaga og utan þeirra. Akurnesingar vilja taka þátt í starfi íþróttahreyfingarinnar og vilja starfa undir merkjum Íþróttabandalags Akraness. Sú mikla vinna sem hefur farið fram á síðustu árum við að sameina krafta ólíkra íþróttafélaga og auka faglegt starf íþróttahreyfingarinnar er sannanlega að skila árangri.

Mikilvægt er fyrir bæði ÍA og Akraneskaupstað að fylgja þessari þróun eftir með bættri aðstöðu og aukinni þjónustu og fræðslu. Öll íþróttamannvirki eru nú í fullri notkun frá morgni til kvölds og bærinn okkar iðar af frísku íþróttastarfi. Svona viljum við hafa það því **ÍA er þar sem hjarta Akraness slær.**

Að koma saman er byrjun,
Að vera saman eru framfarir,
Að vinna saman er árangur.



73. ársþing ÍA



Þann 6. apríl 2017 var 73. ársþing Íþróttabandalags Akraness haldið í hátíðarsal ÍA að Jaðarsbökkum og var Sigurður Elvar Þórólfsson kjörinn þingforseti. Á ársþinginu var Helga Sjöfn Jóhannesdóttir endurkjörin formaður Íþróttabandalags Akraness. Karítas Jónsdóttir gaf ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu og tók Þráinn Haraldsson sæti hennar en hann hafði áður verið í varastjórn ÍA. Ragnhildur Inga Aðalsteinsdóttir kom ný inn í varastjórn. Helga Sjöfn tilkynnti í lok ræðu sinnar að hún og Sigurður Arnar Sigurðsson, varaformaður hygðust ekki gefa kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu eftir næsta ársþing 2018.

Á ársþinginu var Sigurfari – sjósportfélag Akraness formlega samþykkt sem 19. aðildarfélag ÍA.

Heiðursviðurkenningar

Fjórtán aðilar voru sæmdir bandalagsmerki ÍA á ársþinginu 2017 fyrir góð störf fyrir ÍA og aðildarfélög þess. Þeir sem tóku við viðurkenningu eru:



Anna Bjarnadóttir, Bjarney Guðbjörnsdóttir, Guðbjörg Árnadóttir, Guðlaug Sverrisdóttir, Gunnar Haukur Kristinsson, Hannibal Hauksson, Harpa Hrönn Finnbogadóttir, Hörður Kári Jóhannesson, Írena Rut Jónsdóttir, Jóhanna Hallsdóttir, Sigurður Jónsson, Stefán Jónsson, Þorbjörg Magnúsdóttir og Örn Arnarson.

Starfsemi íþróttabandalagsins

Hildur Karen Aðalsteinsdóttir starfar nú sem framkvæmdastjóri ÍA í fullu starfi og var starfsheiti hennar breytt á miðju ári í samræmi við starfsskyldur og það sem gerist í öðrum íþróttabandalögum. Skrifstofa ÍA er í íþróttahúsinu við Vesturgötu en þar er einnig góð fundaraðstaða fyrir aðildarfélög. Að auki starfar Gunnlaugur Sölvason í hlutastarfi við viðhald tækja í þrekaðstöðu ÍA og Petrea Emilía Pétursdóttir sér um bókhald íþróttabandalagsins.



Framkvæmdastjórn ÍA hélt reglulega fundi á árinu og hélt að auki formannafundi en á þeim fundum er farið yfir það helsta sem brennur á formönnum aðildarfélaganna og málefni sem snerta hreyfinguna eru tekin fyrir og rædd.

Rekstur

Rekstur ÍA var með ágætum á árinu 2017. Rekstrar- og fjármunatekjur námu ríflega 35,7 milljónum króna og rekstrargjöld um 35 milljónum og var hagnaður af rekstri ársins um 800 þúsund krónur. Framlög til aðildarfélag voru tæpar 11 milljónir en helstu tekjuliðir voru rekstur þrekaðstöðu og útleigu sem stendur undir ríflega helmingi tekna ÍA. Tekjur af Lottó og getraunum og styrkur frá Akraneskaupstað eru einnig mikilvæg í rekstrinum. Eigið fé íþróttabandalagsins er tæplega 70 milljónir króna í árslok 2017, þar eru stærstu liðirnir peningalegar eignir og eignarhlutur í íþróttamiðstöðinni á Jaðarsbökkum.

ÍA á samfélagsmiðlum

Vefur ÍA, (www.ia.is) er mikið nýttur og eru öll aðildarfélögin með sitt sérstaka svæði á vefnum þar sem setja má inn upplýsingar um félögin, fréttir o.þ.h. Vefur er þó ekki eins lifandi og ýmsir samfélagsmiðlar og því setti ÍA upp aðgang að bæði Facebook og Snapchat á árinu.

Á **Facebook** síðu ÍA eru settar inn tilkynningar og áminningar um viðburði á vegum ÍA og einstaka fréttir fá einnig að fljóta með. Þessi aðferð hefur reynst vel til að ná til stórs hóps fólks á stuttum tíma og með lítilli fyrirhöfn. Slóðin á Facebook síðu ÍA er:

www.facebook.com/ithrottbandalagakraness/

Snapchat aðgangur ÍA, [iaakranes](https://www.snapchat.com/add/iaakranes), er hugsaður þannig að aðildarfélög eða hópar á vegum þeirra geta fengið „ÍA-snappið“ lánað til að nota á einstaka viðburði. T.d. fótboltamóti í Kópavogi eða badmintonmóti á Akranesi. Nú þegar hafa fjölmörg félög nýtt sér þennan möguleika og eykur þetta klárlega stemninguna í kringum viðburðina og gefur fylgismönnum ÍA-snappsins tækifæri á að fylgjast með hinum ýmsu íþróttagreinum.

Almenningsíþróttir

Eitt af meginmarkmiðum Íþróttabandalags Akraness er að stuðla að bættri lýðheilsu á Akranesi. Á árinu 2017 stóð ÍA fyrir ýmsum viðburðum á því sviði en helsta má nefna viðburðina:

Kvennahlaup ÍSÍ en tæplega 200 þátttakendur hlupu í frábæru veðri á Skaganum þann 18. júní. Öflugur hópur iðkenda og foreldra úr 3. og 4. flokki kvenna í knattspyrnu sá um framkvæmdina með ÍA.



Hreyfivika UMFÍ en Skagamenn voru meðal virkustu sveitarfélaganna á landinu með 16 skráða viðburði dagana 29. maí – 4. júní.

Álmaðurinn á Akranesi sem ÍA skipulagði að þessu sinni með Sjóbaðsfélagi Akraness og Björgunarfélagi Akraness, með dyggum stuðningi frá Knattspyrnufélaginu Kára og Sigurfara. Frábær þátttaka var í Álmanninum að þessu sinni, fimm þriggja manna lið auk 26 einstaklinga hófu keppni í blíðskaparveðri þann 28. júní. Fjöldmargir áhorfendur mættu einnig á Aggapall til að fylgjast með síðasta sprettinum, sem var sjósund við Langasand.

Álmaðurinn var að þessu sinni Jónsmessuviðburður ÍA og gátu þeir sem ekki vildu keppa í Álmanninum, hjólað, synt eða gengið á fjallið á undan keppendum.

Hér má skoða myndband af Álmanninum 2017 <https://vimeo.com/225015014>



Prekstarfsemi ÍA

Ráðist var í nokkrar endurbætur á tækjum og tólum á árinu en að þessu sinni var megin áherslan á að bæta aðstöðuna að Jaðarsbökkum þrátt fyrir að langtímasamningur um rekstur þrekaðstöðunnar hafi ekki verið undirritaður við Akraneskaupstað. Lagðar voru gúmmímottur á hluta gólfsins og ný alhliða æfingastöð keypt. Að auki hefur verið bætt í handlóð, ketilbjöllur og ýmsar viðgerðir hafa einnig farið fram. Ef vilji er fyrir því að hafa fyrsta flokks þrekaðstöðu á Jaðarsbökkum og Vesturgötu fyrir iðkendur og almenning er ljóst að frekari endurbóta er þörf. Á meðan Akraneskaupstaður hefur ekki endurnýjað þjónustusamning um rekstur þrekaðstöðunnar til langs tíma hefur hins vegar ekki verið talið skynsamlegt að ráðist verði í þær framkvæmdir og fjárfestingar.

Rekstur þrekaðstöðunnar er mikilvægur ÍA á margan hátt. Í fyrsta lagi þá getur bandalagið þannig veitt keppnishópum aðildarfélaganna sinna gjaldfrjálsan aðgang að íþrótt- og þreksölum. Í öðru lagi þá nýtist aðstaðan einnig fyrir almenning á Akranesi og í þriðja lagi þá skilar rekstur þrekaðstöðunnar töluverðum tekjum sem m.a. eru notaðar í rekstrarstyrki til aðildarfélaganna ÍA. Hagnaður sem er af rekstri þrekaðstöðunnar er þannig færður til baka til félaganna í formi þjónustu ÍA, rekstrarstyrkja og gjaldfrjálsu aðgangi keppnishópa. Ýmis sjónarmið eru uppi um það hvort ÍA eigi að reka þessa þrekaðstöðu í samkeppni við einkaaðila en hagar íþróttafélaganna af því er þó augljós, gjaldfrjáls þrekaðstaða og rekstrarstyrkir.



Styrkir til félaga




Á árinu veitti ÍA alls 10,8 milljónum í beina rekstrarstyrki til aðildarfélaga sinna. Að auki veitti íþróttabandalagið Sigurfara og Hnefaleikafélagi Akraness sérstaka hvatningarstyrki, annars vegar vegna siglinganámskeiðs og mikillar sjálfboðavinnu fyrir ÍA og hins vegar vegna uppbyggingar á aðstöðu í íþróttahúsinu við Vesturgötu.

Fyrirtækin Skaginn hf., Þorgeir & Ellert hf. og 3X Technology ehf. ákváðu fyrir hönd starfsmanna sinna að styðja ÍA með þriggja milljóna króna framlagi í sjóð til að stuðla að bættum gæðum og faglegri vinnu við barna- og unglingastarf á Akranesi, með sérstakri áherslu á forvarnargildi íþróttaiðkunar. Fyrirheit var gefið um sambærilegan stuðning að ári. ÍA ákvað að auglýsa eftir umsóknum í sjóðinn og var úthlutað úr honum í ársbyrjun 2018.

Minningarsjóður Guðmundar Sveinbjörnssonar

Þrír afreksíþróttamenn fengu úthlutað afreksstyrkjum úr Minningarsjóði Guðmundar Sveinbjörnssonar á árinu 2017. Minningarsjóðurinn var stofnaður af íþróttabandalagi Akraness í virðingar- og þakklætisskyni fyrir hin veigamiklu störf Guðmundar í þágu Íþróttabandalags Akraness. Þeir þrír afreksmenn sem hlutu styrk voru Valdís Þóra Jónsdóttir kylfingur og íþróttamaður Akraness 2017, Einar Örn Guðnason kraftlyftingamaður sem lenti í öðru sæti í kjöri íþróttamanns Akraness og knapinn Jakob Svavar Sigurðsson en hann lenti í þriðja sæti í kjöri íþróttamanns Akraness. Jakob Svavar fékk að auki styrk til að taka þátt í Heimsmeistaramóti íslenska hestsins og Þórður Sævarsson fékk styrk til að kynna sér þjálfunaraðferðir í klifri.



Fyrirlestrar og málþing

Íþróttabandalagið fékk styrki á árinu frá Akraneskaupstað og Íþróttasjóði til að halda erindi og fyrirlestra fyrir aðildarfélög okkar. Styrkirnir voru nýttir til að fá þrjá af bestu fyrirlesurum landsins til okkar, þau Viðar Halldórsson, Vöndu Sigurgeirsdóttur og Pálmar Ingvarsson. Allir fyrirlestrarnir hafa verið vel sóttir og gagnlegir og mun ÍA halda áfram á sömu braut 2018 með vönduðum fyrirlesurum fyrir iðkendur, þjálfara og forsvarsmenn iðkenda og félaga.

Málþing um áhrif knattspyrnunnar á Akranesi var haldið í Tónbergi þann 27. október sl. í samvinnu við Knattspyrnufélag ÍA. Málþingið var vel sótt og voru líflegar og gagnlegar umræður um efni þeirra erinda sem flutt voru. Gestir málþingsins voru sammála um að þingið hefði verið mikilvægt innlegg um hin víðfeðmu áhrif sem knattspyrnan getur haft á heilt bæjarfélag.



Heiðursfélaga minnst

Á árinu létust þrír heiðursfélagar

Íþróttabandalags Akraness.

Þar má fyrstan nefna Ríkhart Jónsson, sem var einn þekktasti íþróttamaður Íslands fyrr og síðar. Ríkhartur var einnig formaður ÍA frá 1972-1977 og er heiðursfélagi Íþróttabandalags Akraness, Knattspyrnufélags ÍA og Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands.

Á árinu lést einnig Magnús Oddsson fyrrverandi formaður ÍA og heiðursfélagi Íþróttabandalags Akraness. Hann átti farsælan feril í starfi innan íþróttahreyfingarinnar hér á Akranesi og var formaður frá 1984 til 1992 og var þar meðal annars í forystu um byggingu Íþróttahússins á Jaðarsbökkum.

Þá lést Guðjón Finnbogason einnig á árinu. Hann var í stjórn ÍA um árabil og var heiðursfélagi ÍA og Knattspyrnufélags ÍA.

Íþróttabandalag Akraness þakkar þessum sómamönnum ómetanlegt starf í þágu íþróttalífs á Akranesi.

Íþróttamaður ársins 2017 á Akranesi



Valdís Þóra Jónsdóttir, kylfingur úr Leyni, var kjörin íþróttamaður Akraness 2017. Þetta er í sjötta sinn sem Valdís Þóra er efst í þessu kjöri og annað árið í röð. Einar Örn Guðnason kraftlyftingamaður varð annar í kjörinu og hestaíþróttamaðurinn Jakob Svavar Sigurðarson varð þriðji.

Valdís Þóra varð Íslandsmeistari í högggleik í golfi 2017, er margfaldur klúbbmeistari Golfklúbbsins Leynis og einn fremsti kylfingur meðal kvenna til margra ára og nú atvinnukona í golfi. Hún tryggði sér keppnisrétt á mótaröð þeirra bestu í Evrópu í lok árs 2016 og með góðum árangri þar tryggði hún áframhaldandi keppnisrétt í Evrópu LET mótaröðinni keppnistímabilið 2018. Valdís endaði keppnistímabilið á því að verða í 2. sæti á LET mót á Spáni og í 3. sæti á LET mót í Kína. Valdís Þóra keppti á US Open og varð þar með fyrsti Íslendingurinn til að keppa á þessu risamóti.

Tilnefndir íþróttamenn fyrir árið 2017:

Alexander Már Þorláksson, Knattspyrna
 Arnar Már Guðjónsson, Knattspyrna
 Ágúst Júlíusson, Sund
 Bergdís Fanney Einarsdóttir, Knattspyrna
 Bjarni Þór Benediktsson, Hnefaleikar
 Brimrún Eir Óðinsdóttir, Klifur
 Brynjar Már Ellertsson, Badminton
 Einar Örn Guðnason, Kraftlyftingar
 Guðmundur Sigurðsson, Keila

Guðmundur Örn Björnsson, Boccia
 Jakob Svavar Sigurðsson, Hestaíþróttir
 Jón Orri Kristjánsson, Körfuknattleikur
 Krístrún Bára Guðjónsdóttir, Karate
 Stefán Gísli Örlygsson, Skotfimi
 Valdís Eva Ingadóttir, Fimleikar
 Valdís Þóra Jónsdóttir, Golf
 Þorbjörn Heiðar Heiðarsson, Vélhjólaiþróttir



Íslands- og bikarmeistarar ÍA 2017

Badminton Brynjar Már Ellertsson Máni Berg Ellertsson María Rún Ellertsdóttir Boccia Guðmundur Örn Björnsson Fimleikar 4. flokkur kvenna 1 4. flokkur kvenna 2 2. flokkur kvenna 1. flokkur kvenna Opinn flokkur kvenna Golf Valdís Þóra Jónsdóttir	Hestaíþróttir Jakob Svavar Sigurðsson Hnefaleikar Bjarni Þór Benediktsson Karate Kristrún Bára Guðjónsdóttir Keila Arnar Daði Sigurðsson Róbert Leó Gíslason Guðmundur Sigurðsson Klifur Brimrún Eir Óðinsdóttir	Knattspyrna Knattspyrnufélagið Kári Kraftlyftingar Arnar Harðarson Bjarki Þór Sigurðsson Einar Örn Guðnason Svavar Örn Sigurðsson Viðar Engilbertsson Lára Bogey Finnbogadóttir Skotfimi Stefán Gísli Örlygsson Sund Ágúst Júlíusson Kári Geirlaugsson Vignir Barkarson
--	--	---

Framtíðaruppbygging á Jaðarsbökkum

Í október kynnti starfshópur um uppbyggingu Jaðarsbakkasvæðis, áfangaskýrslu um hugsanlega framtíðarsýn svæðisins. Kynningarfundinn sátu fulltrúar bæjarráðs, skóla- og frístundaráðs og skóla- og frístundasviðs og var það Þórður Guðjónsson formaður starfshópsins og formaður skóla- og frístundaráðs, sem kynnti tillögur starfshópsins.

Meðal hlutverka starfshópsins var að fara í þarfagreiningu vegna fyrirhugaðar uppbyggingu á svæðinu, koma með tillögur í samráði við hagsmunaaðila svæðisins sem og einnig tillögur um áfangaskiptingu framkvæmda. Fyrstu drög að hugsanlegri framtíðaruppbyggingu svæðisins eru eftirfarandi:

- Nýbygging milli Akraneshallarinnar og íþróttahússins. Byggingin mun hafa kjallara þar sem aðstaða starfsmanna, íþróttakennara og búningsaðstaða verður til staðar og að ofan verður byggt nýtt og öflugt íþróttahús.
- Tillaga er um að öll mannvirki verði tengd saman og að það verði einn inngangur í allt íþróttasvæðið.
- Í stað núverandi íþróttahúss verði byggð sundhöll með átta brautum ásamt stoðrymum.
- Einnig hefur komið fram tillaga um að loka Innnesveginum milli Grundaskóla og Jaðarsbakka til að tryggja öryggi barna og til að nýta svæðið betur.



Forysta og framkvæmdastjórn Íþróttabandalags Akraness hefur aldrei farið leynt með þá skoðun sína að uppbygging á Jaðarsbökkum er forgangsmál. Þar eru aðstæður mjög góðar til framtíðaruppbyggingar og brýnt að hefjast nú þegar framkvæmdir því mannvirkin sem nú standa á svæðinu uppfylla ekki lengur þarfir samfélagsins á Akranesi.

Ýmsir molar úr starfinu

Ókeypis ráðgjöf í íþróttasálfræði

Iðkendum, þjálfurum, foreldrum/forráðamönnum og stjórnarmönnum innan aðildarfélaga ÍA stóð til boða að nýta sér ráðgjöf á sviði íþróttasálfræði sér að kostnaðarlausu. Verkefnið var styrkt af Akraneskaupstað og ÍA og fólst í einstaklingsráðgjöf, ráðgjöf fyrir lið og hópa, fyrirlestrum og aðstoð við samskipti.

Ráðgjöfin var í höndum Guðrúnar Carstensdóttur M.Sc. Psychology of Sport and Exercise og mæltist hún vel fyrir.

Landsleikur í körfubolta á Akranesi

Ísland og Belgía áttust við í vináttulandsleik í körfuknattleik karla laugardaginn 29. júlí í íþróttahúsinu við Vesturgötu og var þetta síðasti leikur liðsins fyrir Evrópumótið í Finnlandi. Leikurinn var vel sóttur og áætlað að um 650 manns hafi verið á pöllunum að styðja liðið. Framkvæmd leiksins var Körfuknattleiksfélagi ÍA til mikils sóma og sýnir að svona viðburður getur vel farið fram á Akranesi. Ísland sigraði að sjálfstöðu leikinn 85:70.

Fjölnota poki



Akraneskaupstaður og Íþróttabandalag Akraness létu framleiða fjölnota poka til þess að gefa íbúum á Akranesi. Fjölnota pokarnir eru gulir að lit og merktir með skjaldarmerki Akraneskaupstaðar og merki ÍA ásamt gildum þeirra. Markmið með pokagjöfinni var að stuðla að bættri umhverfisvitund og sporna við notkun einnota innkaupapoka úr plasti. Verkefnið sýndi einnig hversu mikilvægt er fyrir Akraneskaupstað og Íþróttabandalag Akraness að vinna saman að verkefnum sem eru til hagsbóta fyrir samfélagið okkar.

Tryggingamál íþróttafélaga

Í samráði við tryggingaráðgjafa skoðaði ÍA hvernig málum er háttað varðandi tryggingar iðkenda og þjálfara. Fram kom að Íþróttabandalag Akraness er ekki með neina tryggingu sem tryggir iðkendum, félög eða þjálfara heldur fellur sú skylda á félögin sjálf. Skaðabótaskylda félaga og/eða þjálfara á eingöngu við ef sá sem stendur fyrir starfinu hefur sýnt af sér sök, t.a.m. vanrækslu við að gæta barna og það veldur slysi. Á heimasíðu ÍA er að finna nánari upplýsingar um tryggingamálin <http://ia.is/almennt-um-ia/idkendasida-ia/tryggingamal-idkenda-og-felaga/>

Rekstrarreikningur ÍA árið 2017 - 1. janúar - 31. desember

Rekstrartekjur:	2017	2016	Áætlun 2018
Lottó	6.860.287	6.487.714	7.000.000
Styrkur frá Akraneskaupstað	4.120.000	3.150.000	3.500.000
Húsaleiga	105.600	140.376	200.000
Útbreiðslustyrkur Í.S.Í	886.953	1.002.547	900.000
Hlutdeild í sölu getrauna	916.847	648.069	1.000.000
Trimm/aðstöðugjöld	2.924.996	2.919.157	3.000.000
Þreksalur	16.787.449	16.744.561	16.700.000
Ýmsar tekjur	2.020.000	270.000	1.000.000
Rekstrartekjur	34.622.132	31.362.424	33.300.000
Rekstrargjöld:			
Laun og launatengd gjöld	9.649.418	6.876.798	10.000.000
Aðkeypt þjónusta leiðbeinendur	28.000	166.500	150.000
Styrkir til aðildafélaga	10.800.000	12.952.046	15.000.000
Tryggingar	82.399	81.707	80.000
Fasteignagjöld	644.452	644.033	650.000
Íþróttaráhöld	2.359.582	2.165.939	3.000.000
Önnur áhöld	797.012	529.266	1.000.000
Viðhald fasteignar	248.562	690.901	500.000
Prentun, pappír og ritföng	51.705	271.955	50.000
Kaffi og veitingar	309.676	657.153	300.000
Auglýsingar ofl.	100.446	345.583	100.000
Sími og Internet og tölvuþj	553.317	1.296.777	1.500.000
Póstburðargjöld	17.338	1.104	20.000
Stuðningsmannavörur	2.371.600	2.139.636	1.500.000
Annar kostnaður	3.560.882	2.811.568	3.000.000
Afskriftir	3.324.818	2.038.147	3.500.000
Rekstrargjöld	34.919.207	33.669.113	40.350.000
Fjármunatekjur/fjármagnsgjöld:			
Vaxtatekjur og verðbætur	-1.396.348	-912.803	-1.400.000
Vaxtagjöld og verðbætur	298.086	192.275	300.000
Fjármunatekjur/fjármagnsgjöld	-1.098.262	-720.528	-1.100.000
Rekstrar (Tap) hagnaður ársins	801.187	-1.586.161	-5.950.000
Alls	34.622.132	31.362.424	33.300.000



Skýringar

1	Prentun, pappír og ritföng.	
	Prentun ljósmynda og árskorta	0
	Pappír, blekhylki og ritföng	51.705
		<u>51.705</u>
2	Sími og internet og tölvupj.	
	Dreifing sjónvarpsefni/Skjárinn/365/Vodafone	250.916
	Keypt tæki vegna ÍA TV	147.234
	Sími og internet	113.836
	ÍA vefurinn	15.704
	Tölvukostnaður	25.627
		<u>553.317</u>
3	Annar kostnaður.	
	Leiga á Nóra skráningarkerfi	168.372
	Netbókhald	86.889
	Kvennahlaup ÍSí	430.580
	Kostnaður v íþróttamaður ársins	625.850
	Innheimtugjöld/seðilgjöld	94.398
	Álmaðurinn	247.952
	Styrkur til Skagafrétta	240.000
	Námskeiðsgjöld/fyrirlestrar/ráðgjöf	587.800
	Jólagjafir formanna/minningakransar	430.206
	Kostnaður vegna fjölnotapoka	516.730
	Bandalagsmerki	120.000
	Ýmis kostnaður/gjafir ofl	12.105
		<u>3.560.882</u>
4	Afskriftir.	
	Staða áhalda, tækja og búnaðar 01.01	6.114.444
	Eignfært á árinu	7.184.825
	Afskriftir ársins	-3.324.818
		<u>9.974.451</u>
	Afskriftarhlutföll eru 25%	
5	Útistandandi kröfur	
	Akranesk. vegna uppg. Íþróttamiðst des 2017	1.168.688
	Lottó ósóttir vinningar 2017	116.006
	Lottó vegna des 2017	574.280
	Getraunir vegna 2017	880.847
	Útbreiðslustyrkur ÍSí v des 2017	83.297
	Minningarsjóður GS	150.000
		<u>2.973.118</u>


Efnahagsreikningur ÍA 31. desember 2017

Eignir:	2017	2016
Bankareikningar	30.050.903	29.546.882
Útistandandi kröfur	2.973.118	5.936.076
Fyrirframgreidd laun	0	0
ÍA íþróttavörur og búningar	1.600.000	1.011.008
Búnaður skrifstofu, fjölmiðlatæki ofl.	422.587	563.450
Búnaður veitingasal	3.437.215	736.953
Íþróttatæki	6.114.649	4.814.041
Eignarhluti í Íþróttamiðstöð Jaðarsbökkum	27.005.000	27.005.000
Eignir	71.603.472	69.613.410
Skuldir:		
Viðskiptaskuldir og ógreiddur kostnaður	1.651.369	151.115
Ógreidd laun og launatengd gjöld	0	311.379
Skuldir	1.651.369	462.494
Eigið fé:		
Eigið fé frá fyrra ári	69.150.916	69.187.077
Hækkun á fasteignarmati	0	1.550.000
Hagnaður/(Tap) ársins	801.187	-1.586.161
Eigið fé	69.952.103	69.150.916
Skuldir og eigið fé samtals	71.603.472	69.613.410

Ég kjörinn skoðunarmaður hef yfirfarið ársreikning þennan.

Legg til að hann verði samþykktur.

Akranesi 10. apríl 2018


Magnús D. Brandsson


Bergþór Guðmundsson


Helga Sjöfn Jóhannesdóttir, formaður ÍA



Minningarsjóður Guðmundar Sveinbjörnssonar

Rekstrarreikningur 1. janúar -31. desember 2017

TEKJUR:	2017	2016
Gjöf Akranesk. í tilefni 70 ára afmælis ÍA		500.000
Sala minningarspjalda	43.500	7.000
Vextir og verðbætur	106.417	120.842
Tekjur	149.917	627.842
GJÖLD:		
Þjónustugjöld	204	0
Styrkir	600.000	300.000
Gjöld	600.204	300.000
Gjöld umfram tekjur	-450.287	327.842
Alls:	149.917	627.842


Efnahagsreikningur 31. desember 2017

EIGNIR:	2017	2016
Landsbankinn 0186-15-670169	4.098.215	1.594
Landsbankinn 0186-15-720318	0	3.933.408
Inneign hjá Akraneskaupstað	0	500.000
Inneign hjá Pennanun	43.500	7.000
Eignir	4.141.715	4.442.002
SKULDIR:		
Skuld við ÍA	150.000	0
Skuldir	150.000	0
EIGIÐ FÉ:		
Eigið fé frá fyrra ári	4.442.002	4.114.160
(Halli)/hagnaður ársins	-450.287	327.842
Eigið fé	3.991.715	4.442.002
Skuldir og eigið fé	4.141.715	4.442.002

Ég kjörinn skoðunarmaður hef yfirfarið ársreikning þennan.

Legg til að hann verði samþykktur.

Akranesi 10. apríl 2018


Magnús D. Bránnsson


Bergþór Guðmundsson


Helga Sjöfn Jóhannesdóttir, formaður ÍA

Helstu rekstrartölur aðildarféлага ÍA 2017

Félag	Tekjur	Gjöld	Hagn. / Tap	Eignir	Skuldir	Eigið fé
Badmintonfélag Akraness	5.125.789	4.814.224	311.565	1.472.380	3.169	1.469.211
Blakfélagið Bresi	864.323	534.692	329.631	666.500	111.103	555.397
Fimleikafélag Akraness	39.914.124	42.366.111	-2.451.987	13.420.047	2.499.521	10.920.526
Golfklúbburinn Leynir	71.595.032	81.638.818	-10.043.786	118.355.173	19.592.207	98.762.966
Hestamannafélagið Dreyri	7.648.535	6.458.118	1.190.417	46.558.463	128.066	46.430.397
Hnefaleikafélag Akraness	1.881.566	2.191.757	-310.191	331.332	0	331.332
Íþróttafélagið Þjótur	1.532.923	1.783.132	-250.209	2.444.299	23.570	2.420.729
Karatefélag Akraness	2.580.458	2.031.229	549.229	1.587.496	61.915	1.525.581
Keilufélag Akraness	3.979.951	3.829.713	150.238	5.737.905	1.553.019	4.184.886
Knattspyrnufélag ÍA	202.409.147	201.172.964	1.236.183	27.017.451	7.775.405	19.242.046
Knattspyrnufélagið Kári	3.564.144	3.165.710	398.434	551.564	0	551.564
Klifurfélag ÍA	3.761.134	2.765.945	995.189	1.404.375	0	1.404.375
Kraftlyftingafélag Akraness	594.765	859.460	-264.695	348.452	0	348.452
Körfuknattleiksfélag Akraness	10.774.187	11.469.982	-695.795	814.289	0	814.289
Sigurfari	405.964	59.827	346.137	396.793	0	396.793
Skotfélag Akraness	2.660.833	2.230.750	430.083	5.606.839	10.000	5.596.839
Sundfélag Akraness	23.498.094	22.909.948	588.146	7.146.869	1.376.520	5.770.349
UMF Skipaskagi	465.215	489.235	-24.020	1.033.978	0	1.033.978
Vélhjólaiþróttafélag Akraness	2.454.223	2.728.416	-274.193	987.847	0	987.847
Samtals	385.710.407	393.500.031	-7.789.624	235.882.052	33.134.495	202.747.557
Íþróttabandalag Akraness	34.622.132	33.820.945	801.187	71.603.472	1.651.369	69.952.103
Samtals	420.332.539	427.320.976	-6.988.437	307.485.524	34.785.864	272.699.660



Rekstraryfirlit ÍA og aðildarfélaga þess

TEKJUR	Aðildarfélög		ÍA		Samtals
Fjárafánir, framlög og styrkir	131.159.985	34,0%	12.784.087	36,9%	143.944.072
Tekjur af mótum	51.299.410	13,3%	0	0,0%	51.299.410
Auglýsingatekjur	0	0,0%	0	0,0%	0
Húsa- og vallarleigutekjur	26.643.320	6,9%	3.030.596	8,8%	29.673.916
Félagsgjöld og sala leikmanna	48.798.736	12,7%	0	0,0%	48.798.736
Æfingagjöld	84.776.073	22,0%	16.787.449	48,5%	101.563.522
Aðrar tekjur	43.032.883	11,2%	2.020.000	5,8%	45.052.883
TEKJUR ALLS	385.710.407	100%	35.122.132	100%	420.332.539
GJÖLD					
Laun og verktakagreiðslur	145.842.660	37,6%	9.677.418	30,6%	155.520.078
Styrkir til einstaklinga og deilda	33.336.856	8,6%	10.800.000	34,2%	44.136.856
Félagaskipti og sala leikmanna	136.000	0,0%	0	0,0%	136.000
Búningar, áhöld og tæki	16.117.007	4,2%	3.156.594	10,0%	19.273.601
Ferðakostnaður v/móta innanlands	8.380.558	2,2%	0	0,0%	8.380.558
Ferðakostnaður v/móta erlendis	5.487.997	1,4%	0	0,0%	5.487.997
Þátttaka í mótum	8.524.867	2,2%	0	0,0%	8.524.867
Kostnaður v/mótahalds	25.638.964	6,6%	0	0,0%	25.638.964
Rekstur mannvirkja	32.586.774	8,4%	995.413	3,2%	33.582.187
Rekstur skrifstofu	9.735.673	2,5%	361.381	1,1%	10.097.054
Auglýsingar, kynning og fræðsla	489.042	0,1%	100.446	0,3%	589.488
Kostn. v/samkeppnisreksturs	50.000	0,0%	0	0,0%	50.000
Önnur gjöld	101.440.030	26,2%	6.503.137	20,6%	107.943.167
Gjöld alls fyrir fjármagnsliði	387.766.428	100%	31.594.389	100%	419.360.817
Hagnaður/tap fyrir fjármagnsliði	-2.056.021		3.027.743		971.722
Fjármagnsliðir og fyrningar	5.733.603		2.226.556		7.960.159
GJÖLD ALLS	393.500.031		33.820.945		427.320.976
HAGNAÐUR/TAP	-7.789.624		801.187		-6.988.437
EIGNIR					
Fastafjármunir	164.693.845		38.579.451		203.273.296
Veltufjármunir	71.188.207		33.024.021		104.212.228
EIGNIR ALLS	235.882.052		71.603.472		307.485.524
EIGIÐ FÉ	202.747.557		69.952.103		272.699.660
SKULDIR					
Langtímaskuldir	14.040.779		0		14.040.779
Skammtímaskuldir	19.093.716		1.651.369		20.745.085
SKULDIR ALLS	33.134.495		1.651.369		34.785.864
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ ALLS	235.882.052		71.603.472		307.485.524

73. ársþing ÍA haldið 6. apríl 2017 í Íþróttamiðstöðinni Jaðarsbökkum

Þingsetning

Helga Sjöfn Jóhannesdóttir formaður ÍA setti þingið og bauð þingfulltrúa og gesti velkomna til þings. Hún lagði til að Sigurður Elvar Þórólfsson yrði þingforseti og að Marella Steinsdóttir tæki að sér að vera fundarritari, það var samþykkt einróma. Sigurður Elvar tók við fundarstjórn að þessu loknu og þakkaði þennan heiður.

Kjörbréfanefnd

Þingforseti las upp tillögu um að Kjörbréfanefnd muni skipa þau: Jón Þór Þórðarson, Þórður Emil Ólafsson og Jónína Björg Magnúsdóttir og bað þingforseti Jón Þór að fara fyrir nefndinni og að hún tæki strax til starfa. Nefndin starfaði hratt og örugglega og gerði formaður kjörbréfanefndar grein fyrir niðurstöðu nefndarinnar. Alls bárust kjörbréf frá 14 af 18 aðildarfélögum ÍA, mættir voru 35 þingfulltrúar af 39. Jón Þór sagði nefndina hafa farið yfir kjörbréfin og voru þau samþykkt samhljóða.



Skýrsla framkvæmdarstjórnar ÍA

Lögð var fram ársskýrsla ÍA og gerði Helga Sjöfn Jóhannesdóttir grein fyrir því helsta í starfi ÍA á árinu 2016. Hún byrjaði á því að biðja fundarmenn að minnast þeirra félaga ÍA sem hafi látist á árinu 2016 með því að rísa úr sætum. Að því loknu sagði Helga frá því að ársskýrsla ÍA yrði einungis rafræn að þessu sinni og að hún væri nú þegar aðgengileg á heimasíðu ÍA, sem væri nú komin í fulla virkni. Hún sagði frá því að Jón Þór Þórðarson hefði látið af störfum sem íþróttafulltrúi ÍA og þakkaði honum vel unnin störf fyrir íþróttabandalagið á undanförunum árum. Hildur Karen Aðalsteinsdóttir var ráðin í starfið á haustmánuðum úr hópi 16 umsækjenda og bauð Helga Sjöfn hana velkomna til starfa fyrir ÍA og óskaði henni velfarnaðar. Farið var yfir hvaða breytingar hefðu orðið á aðstöðu ÍA í íþróttahúsinu við Vesturgötu en þar er nú aðsetur íþróttafulltrúa ÍA auk skrifstofuaðstöðu og fundarherbergis fyrir aðildarfélag ÍA. Búið er að laga mikið til, mála og kaupa búnað og húsgögn til að aðstaðan verði til fyrirmyndar. Helga nefndi einnig velheppnaða afmælishátíð ÍA og íþróttahússins við Vesturgötu sem fram fór á haustmánuðum og fjölmargir bæjarbúar mættu til. Sagt var frá því að ÍA hafi styrkt búnaðarkaup fyrir ÍA TV en það sé m.a. mögulegt vegna þess að fjárhagur ÍA stendur vel um þessar mundir. Fram kom að mikil viðhaldspörf væri á íþróttahúsnæði bæjarins og í vinnu við skilgreiningu á forgangsriðun verkefna hafi ÍA lagt áherslu á að skilja á milli viðhaldsvinnu og nýbygginga. Helga kynnti einnig að ÍA væri komið með verslun með ÍA fatnað og stuðningsmannavörur, en hugmyndin er að hægt verði að nota fatnaðinn milli íþróttagreina. Að lokum sagði formaður ÍA frá því að íþróttamaður Akraness 2016 hefði verið valinn Valdís Þóra Jónsdóttir kylfingur úr Leyni.

Helga Sjöfn endaði skýrslu framkvæmdastjórnar á því að tilkynna að bæði hún og Sigurður Arnar varaformaður hygðust hætta í framkvæmdastjórn ÍA á ársþinginu í apríl 2018.





Ársreikningar ÍA

Næst gaf þingforseti ÍA Svövu Huld Þórðardóttur orðið til að fara yfir ársreikninga ÍA. Svava Huld gerði grein fyrir ársreikningum íþróttabandalagsins fyrir árið 2016 og skýrði þar út helstu liði. Hún fór einnig yfir fjárhagsáætlun bandalagsins fyrir árið 2017 og gerði grein fyrir ársreikningum í tengslum við Minningarsjóð Guðmundar Sveinbjörnssonar. Heildarvelta íþróttahreyfingarinnar á Akranesi á árinu 2016 var tæplega 400 m. kr og reksturinn í ágætis jafnvægi. Tekjur íþróttabandalagsins voru um 31,4 m.kr og var um 250 þús. kr. tap af rekstrinum. Eignir íþróttabandalagsins eru um 69 m. kr, þar af er eignarhluti í Íþróttamiðstöðinni á Jaðarsbökkum einna stærstur. Þingforseti þakkaði Svövu Huld fyrir og gaf orðið laust um ársskýrslu og ársreikninga. Magnús Guðmundsson formaður KFÍÁ spurði hvers vegna ÍA væri með svona mikla peninga í sjóði og hvers vegna ÍA ætti eignarhlut í íþróttamiðstöðinni að Jaðarsbökkum. Helga Sjöfn svaraði því til að við þessu væri sama svar og á síðasta ári, sem væri að ekki hefðu náðst langtímasamningar við Akraneskaupstað um þrekaðstöðu og líkamsrækt og því hefði verið ákveðið að ráðast ekki í fjárfestingar fyrir þreksalina. Stefán Skapti Steinólfsson frá Skipaskaga bað þá um orðið og sagði að honum þætti þetta skynsamlegt hjá ÍA, það væri gott að eiga fé í sjóði ef upp koma áföll eins og t.d. slys eða lögsókn.

Þingforseti bar ársreikningana upp og voru þeir samþykktir samhljóða.

Heiðursviðurkenningar

Íþróttabandalagið sæmði eftirtalda einstaklinga bandalagsmerki ÍA sem viðurkenningu fyrir langt og farsælt starf tengt íþróttamálum á Akranesi: Anna Bjarnadóttir, Bjarney Guðbjörnsdóttir, Guðbjörg Árnadóttir, Guðlaug Sverrisdóttir, Gunnar Haukur Kristinsson, Hannibal Hauksson, Harpa Hrönn Finnbogadóttir, Hörður Kári Jóhannesson, Írena Rut Jónsdóttir, Jóhanna Hallsdóttir, Sigurður Jónsson, Stefán Jónsson, Þorbjörg Magnúsdóttir og Örn Arnarson.

Styrkveitingar úr minningarsjóði Guðmundar Sveinbjörnssonar

Þrír efstu í kjöri Íþróttamanns Akraness hlutu styrk úr sjóðnum, en það voru þau: Valdís Þóra Jónsdóttir, Ágúst Júlíusson og Einar Örn Guðnason. Þá var veittur sérstakur hvatningarstyrkur til Körfuknattleiksfélags ÍA vegna ÍA TV.

Lagabreytingar og skattur til ÍA

Þingforseti sagði að ekki lægju fyrir neinar tillögur að lagabreytingum og gat þess að ÍA hefði ekki rukkað aðildarfélög sín um neinn skatt undanfarin ár og lagði til að svo yrði áfram. Tillaga þess efnis að skattur til ÍA yrði áfram 0 kr. var samþykkt samhljóða.



Umsóknir um aðild að ÍA

Þingforseti fór yfir það að Sigurfari – siglingafélag Akraness hafi lokið umsóknarferli um að gerast aðili að ÍA og bar upp þá tillögu að Sigurfari yrði samþykkt sem 19. aðildarfélag ÍA, var það samþykkt einróma.

Kosning framkvæmdarstjórnar ÍA

Þingforseti las upp tillögu að formanni og framkvæmdastjórn ÍA:

Tillaga að formanni ÍA: Helga Sjöfn Jóhannesdóttir, samþykkt einróma með lófaklappi.

Tillaga að varaformanni ÍA: Sigurður Arnar Sigurðsson, samþykkt einróma með lófaklappi.

Tillaga um aðra í framkvæmdastjórn ÍA: Þráinn Haraldsson, Svava Huld Þórðardóttir og Marella Steinsdóttir, samþykkt einróma með lófaklappi.

Tillaga um varafulltrúa í framkvæmdastjórn: Ragnhildur Inga Aðalsteinsdóttir og Pálmi Haraldsson, samþykkt einróma með lófaklappi

Tillaga um skoðunarmenn reikninga: Bergþór Guðmundsson og Magnús Brandsson, samþykkt einróma með lófaklappi.

Tillögu um fulltrúa á íþróttaping ÍSÍ var vísað til framkvæmdastjórnar ÍA.

Karítas Jónsdóttir gekk úr stjórn og voru henni þökkúð góð störf fyrir ÍA.



Önnur mál

Þingforseti gaf orðið laust undir önnur mál og tóku nokkrir þingfulltrúar aðildarfélaganna til máls :

Hafsteinn Pálsson frá ÍSí kvað sér hljóðs og bað fyrir kveðju frá forseta ÍSí. Hann sagði einnig frá því að stjórnvöld hafi samþykkt að stórauka það fjármagn sem renna eigi í íþróttahreyfinguna. Hann fór einnig yfir áhyggjur stjórnenda íþróttahreyfingarinnar á Íslandi yfir veðmálastarfsemi og hagræðingu úrslita í tengslum við það.

Sigrún Ríkharðsdóttir bar fyrir kveðju frá aðstandendum Ríkharðs Jónssonar með þökkum fyrir þá virðingu og hjálp sem íþróttasamfélagið og bæjaryfirvöld á Akranesi sýndu við fráfalið Ríkharðs.

Sturlaugur Sturlaugsson kvað sér hljóðs og ítrekaði hamingjuóskir til þeirra sem voru heiðraðir á ársþinginu. Hann taldi það vera mikinn kost að ÍA ætti nokkurn sjóð, sérstaklega í tengslum við hugmyndir um að Akraneskaupstaður leysi til sín húsnæði ÍA og taldi að 130 milljónir væri ekki óraunhæft verð fyrir eignarhlut ÍA. Þá gæti verið gott að eiga sjóð til að byggja upp félagsaðstöðu annars staðar.

Anna Bjarnadóttir formaður Skipaskaga kvað sér hljóðs og kynnti Unglingalandsmótið á Egilsstöðum og Landsmót 50+ í Hveragerði. Þá sagði hún frá því að verið væri að endurvekja frjálsíþróttadeild innan Skipaskaga og að hjóladeild hafi verið stofnuð.

Hildur Karen Aðalsteinsdóttir íþróttafulltrúi ÍA bauð fram aðstoð við skráningu á Unglingalandsmót og Landsmót 50+. Einnig sagði hún frá Hreyfiviku UMFÍ og óskaði eftir því að félög sem vildu taka þátt hefðu samband. Að síðustu minnti hún félögin á að koma á framfæri hvað þau séu að bjóða upp á varðandi sumarnámskeið fyrir börn og unglinga.

Jón Þór Þórðarson kvað sér hljóðs og tók undir áhyggjur Hafsteins og ÍSí af veðmálastarfsemi. Hann þakkaði framkvæmdastjórn ÍA öflugt starf og benti á að ÍA sé að styrkja aðildarfélögin um 8 milljónir á ári á meðan Akraneskaupstaður styrki um 10 milljónir. Hann minnti einnig á mikilvægi þess að gæta jafnræðis milli félaga.

Fleiri kvöddu sér ekki hljóðs og þakkaði þingforseti því fyrir skemmtilegt og gott þing og gaf Helgu Sjöfn formanni ÍA orðið til að slíta þinginu.

Formaður ÍA óskaði öllum aðildarfélögum góðs gengis á komandi ári og sleit 73. ársþingi ÍA að því loknu.



Ársskýrslur aðildarfélaga ÍA



Badmintonfélag Akraness

Aðalfundur Badmintonfélags Akraness var haldinn í íþróttahúsinu við Vesturgötu 1. mars 2017.

Á aðalfundinum var ársskýrsla stjórnar og ársreikningar samþykktir.

Breytingar voru á stjórn félagsins þetta árið þar sem Brynja Kolbrún Pétursdóttir tók við sem formaður þar sem Birgitta Rán Ásgeirsdóttir hætti eftir nokkra ára veru sem formaður. Rannveig Guðmundsdóttir hætti sem gjaldkeri og Valdimar Þór Guðmundsson kom inn í stjórnina. Einnig kom Daníel Þór Heimisson í stjórn sem meðstjórnandi.

Stjórn félagsins :	Stjórn félagsins veturinn 2017-2018 :
Formaður :	Brynja Kolbrún Pétursdóttir
Gjaldkeri :	Valdimar Þór Guðmundsson
Ritari :	Irena Rut Jónsdóttir
Meðstjórnendur :	Daníel Þór Heimisson og Egill G. Guðlaugsson

Iðkendur

Fjöldi iðkenda á síðasta ári voru um 50-60 sem skiptast í 3 flokka auk þess sem við höfum verið með trimmara. Ákveðið var að halda áfram verkefninu okkar að leyfa einum árgang að æfa frítt, þetta árið er það árgangurinn 2008 og eru nú um 10-15 krakkar að æfa í þeim aldursflokki. Haldið verður áfram með þetta átak vonandi næstu árin allavega á meðan við höfum pláss á æfingum til þess og á meðan á uppbyggingu standur. Einnig erum við með opna tíma á sunnudögum sem hafa verið mjög vel nýttir og er ánægjulegt að sjá fólk á öllum aldri spila saman – jafnvel heilu fjölskyldurnar.

Þjálfarar

Badmintonfélagið hefur staðið á tímamótum í þjálfaramálum. Þar sem Helgi Magnússon hætti eftir síðasta tímabil eftir mörg ár í þjálfun hjá félaginu og standur félagið í þakkarskuld við hann. Irena Rut Jónsdóttir og Brynja Kolbrún Pétursdóttir þjálfuðu alla flokka í byrjun haust á meðan félagið var að leita að nýjum þjálfara. Nýr þjálfari frá Svíþjóð Pontus Rydström kom síðan í nóvembermánuði til reynslu í einn mánuð. Þjálfun gekk vel og kom Pontus aftur eftir áramótin og mun vera hjá félaginu næsta árið sem yfirþjálfari. Davíð Örn Harðarson og Brynjar Már Ellertsson hafa verið til aðstoðar með 2. og 3. flokk. Mikilvægt er að hafa elstu iðkendur sem aðstoðarþjálfara og hjálpa til með yngri kynslóðina.

Viðburðir starfsársins

Badmintonfélag Akraness stóð fyrir þrem opnum badmintonmótum á árinu. Atlamótið var haldið í 23. - 24. september 2017 þar sem keppt var í meistara-, A- og B-flokki fullorðinna. Gríslíngamótið var haldið 14. janúar 2018 fyrir u-9 og u-11 og Landsbankamót ÍA sem er unglingamót var haldið 24.-25. febrúar 2018. Öll mótin gengu mjög vel fyrir sig og viljum við þakka öllum foreldrum sem hafa hjálpað til, þeirra hjálp er ómetanleg.



Mikil sátt ríkir um það hjá Badmintonfélagi Akraness að iðkendur geti bara æft en sleppt því að keppa. Við viljum fá sem flesta og mega allir vera á sínum eigin forsendum hjá félaginu.

Iðkendur félagsins tóku þátt í fjölda annarra móta á árinu, bæði unglinga- og fullorðinsmótum og hafa staðið sig mjög vel. Á þessi mót er oftast ákveðinn kjarni sem fer og á unglingamótin eru að fara í kringum 10 krakkar og á fullorðinsmótin í kringum 3 krakkar.

Á Meistaramóti Íslands 2017 eignuðumst við Íslandsmeistaratitil í tvenndarleik í B-flokki þar sem Brynjar Már Ellertsson sigraði ásamt Ingibjörgu Rósu Jónsdóttur UMFS. Brynjar Már Ellertsson og Tómas Andri Jörgenson fengu silfur í tvíliðaleik í B-flokki og Tómas fékk einnig silfur í einliðaleik í B-flokki. Aðalsteinn Huldarsson fékk silfur í Æðstaflokki.

Keppendur hjá Badmintonfélagi Akraness tóku þátt í RIG sem haldið var hér á landi. RIG unglingameistaramót TBR var haldið dagana 3. – 4. febrúar 2018 og RIG – Iceland International Games var haldið 25. – 28. janúar 2018.

Næsta stórmót hjá unglingum er Íslandmeistaramótið sem haldið verður dagana 9. – 11. mars 2018 á Akranesi. Meistaramót Íslands verður svo haldið helgina 6. – 8. apríl 2018.

Akranesmót og lokahóf félagsins var haldið 21. maí 2017. Keppt var í einliða í u-11 - u-19 og fullorðinsflokki, tvíliðaleikurinn er þannig að það er einn spilar og einn fjölskyldumeðlimur sem spila saman. Gekk mótið mjög vel fyrir sig og voru allir almennt ánægðir með mótið. Veitt

voru verðlaun fyrir bestu ástundu, mestu framfarir eldri og yngri, besta æfingarfélagann og spilara ársins en að þessu sinni var Brynjar Már Ellertsson valin sem spilari ársins.

Einnig var Brynjar Már Ellertsson valin Badmintonmaður ársins 2017 eftir góða frammistöðu á síðastliðnu ári.

Farnar voru 2 ferðir erlendis, önnur ferðin var til Færeyja frá 31. mars - 3. apríl á Junior Faroe Island Open, en þangað fóru 12 krakkar ásamt 2 fararstjórum, var þetta í fyrsta skipti sem þetta mót er haldið og fannst stjórn Badmintonfélagsins tilvalið að fara þar sem krakkarnir okkar eru farin að þekkja krakkana í Færeyjum vel til þess að halda þessum tengslum.

Einnig fóru 5 krakkar og 2 fararstjórar á Victor Denmark junior 2017. Krakkarnir á afreksbrautinni fóru og kepptu á Victor Denmark Junior og fengu svo að horfa á topp spilara spila á Victor Denmark open. Þetta var frábær ferð sem væri gaman að endurtaka við tækifæri. Badmintonfélag Akranes hélt æfingabúðir fyrir aldurshóp U13-U17 dagana 17. – 24.júlí 2017. Þátttakendur voru 10 frá 4 badmintonfélögum á landinu. Þjálfarar frá Danmörku komu og stjórnðu æfingabúðunum. Mikil ánægja var með búðirnar og mun badmintonfélagið reyna að halda þessari hefð með að bjóða upp á badmintonþjálfun á Akranesi.

Í fyrsta sinn var haldið badmintonnámskeið í byrjun sumars 2017 fyrir yngri kynslóðina. Haldin voru tvö námskeið og voru þau vel sótt. Stefnt er að því að hafa námskeiðin aftur í byrjun sumars 2018 og áður en skólarnir byrja eftir sumarfrí.



Landsliðsmál

Eins og undanfarin ár átti félagið fulltrúa í landsliðum Íslands og fóru þeir reglulega á æfingar og í ferðir á vegum landsliðsins.

3 krakkar hafa verið á föstum landsliðsæfingum í vetur. Þar sem María Rún Ellertsdóttir og Máni Berg Ellertsson hafa verið í yngri landsliðshóp og Davíð Örn Harðarson og Brynjar Már Ellertsson hafa verið í eldri landsliðshóp. Einnig hefur Brynjar Már Ellertsson verið valinn í framtíðarhóp Badmintonsambands Íslands. Útbreiðsluæfingar hafa verið tvær í vetur og þá hafa fleiri ungir og efnilegir verið á æfingu.

Evrópuskólinn var haldin í Slóveníu dagana 8. – 15. júlí 2017 og fór Brynjar Már Ellertsson þangað sem fulltrúi frá Badmintonfélaginu.

North Atlantic Camp var haldið í Færeyjum dagana 7. – 14. ágúst 2017. Davíð Örn Harðarson var valinn að fara frá Badmintonfélagi Akraness sem spilari og Irena Rut Jónsdóttir sem þjálfari.

Rekstur félagsins

Almennur rekstur félagsins var rekin með hagnað í ár. Minni tekjur voru þar sem félagið hélt ekki æfingabúðir í ár fyrir Badmintonsamband Íslands en gjöldin lækkuðu líka þar sem þjálfarakostnaður lækkaði seinni hluta ársins 2017.

Það voru færri fjáraflanir á árinu en stjórn vildi reyna auka útbreiðslu með því að halda æfingabúðir og badmintonnámskeið sem ætti að vera fjárfesting fyrir framtíðina. Félagið fór í dósasöfnun og eldhús- og salernispappírsölu.

Mikilvægt er að allir iðkendur séu duglegir að sinna fjáröflunum því ella þarf að hækka æfingagjöldin sem tekist hefur að halda í lágmarki undanfarin ár.

Framtíðarsýn

Okkar helsta framtíðarsýn er að stækka félagið og koma okkur aftur í fremstu raðir badmintonfélaga á landinu. Okkar helstu aðferðir í ár við að fjölga iðkendum var að leyfa einum árgang að æfa frítt ásamt því að gefa nýjum iðkendum badmintonspaða að gjöf. Við vonumst til að geta haldið þessu áfram um ókomin ár. Einnig að badminton sé ein af grunníþróttum á Akranesi.

Framtíðarsýn fyrir Badmintonfélag Akraness er að koma iðkendum um og yfir 100 á næstu 5 árum og halda áfram okkar góða starfi með börnin.

Lokaorð og þakkir

Í heildina litið er félagið mjög ánægt með árið sem er að líða, krakkarnir hafa sýnt miklar framfarir og staðið sig vel á mótum og verið til sóma fyrir Badmintonfélag Akraness.

Við teljum að uppbyggingarstarfið sé byrjað og á góðri leið. Við vonumst til þess að halda okkar iðkendum og að næsta ár verði enn betra.

Blakfélagið Bresi

Starfsemi Blakfélagsins Bresa var með svipuðu sniði og undanfarin ár. Aðalfundur var haldin 6. mars og var mjög góð mæting. Kosning stjórnar þannig skipuð að Sædís Alexía Sigurmundsdóttir er formaður, Álfheiður Ágústdóttir gjaldkeri og Harpa Sif Þráinsdóttir ritari. Varamenn eru Jóna Björg Olsen og Ingunn Sveinsdóttir. Endurskoðendur eru Guðbjörg Árnadóttir og Eygló Karlsdóttir. Skráðir félagar eru 28.

Æfingar

Æfingar hófust eins og vanalega hjá okkur um mánaðarmótin ágúst/september. Arnór Snær Guðmundsson hefur séð um miðvikudagsæfingarnar og með honum í liði eru þau Steindóra Steinsdóttir og Piotr Kempisty. Æfingar eru á mánudögum og miðvikudögum frá kl. 19:30 – 21:00 og á sunnudögum frá 16:00 – 18:00.





Keppni/Íslandsmót

Bresi sendi þrjú lið til keppni í Íslandsmóti Blaksambandsins veturinn 2017-2018. Spila þessi lið í 2. deild, 4. deild og 5. deild og er ein túrnering eftir af þremur.

Einnig erum við að taka þátt í ýmsum hrað- og skemmtimótum sem standa yfir tímabilið og þá oft fleiri en eitt lið á mót.

Boggu-Bresamót 2016

Okkar árlega Boggu-Bresamót var haldið 30. september s.l og fengum við 26 lið á mótið. Allt voru þetta konur og var mikil ánægja með þetta mót og gekk það vel.

Öldungamót

42. Öldungamót BLÍ var haldið í Mosfellsbæ af Aftureldingu dagana 28. – 30. apríl. Félagið sendi fjögur lið til þátttöku. Þau spiluðu í eftirfarandi deildum.

A - liðið spilaði í 4. deild og endaði í 6. sæti

B - liðið spilaði í 5. deild og endaði í 2. sæti

C - liðið spilaði í 9. deild og endaði í 1. sæti

D - liðið spilaði í 10. deild og endaði í 7. sæti

Fimleikafélag Akraness

Frá síðasta aðalfundi skipuðu stjórn félagsins: Guðmundur Claxton formaður, Jóhann Sigurðsson varaformaður, Ingibjörg Indriðadóttir gjaldkeri, Anna Þóra Þorgilsdóttir ritari og Sigrún Mjöll Stefánsdóttir meðstjórnandi. Framkvæmdastjóri er Sigrún Ríkharðsdóttir. Yfirþjálfari er Þórdís Þöll Þráinsdóttir.


Rekstur félagsins er enn eitt árið í góðu jafnvægi. Tekjur ársins voru rétt tæpar 40 milljónir króna og gjöld rúmlega 42,5 milljónir króna. Það er því ljóst að tap er á rekstri félagsins þetta árið upp á tæpar 2,5 milljónir króna. Tapið má að miklu leyti rekja til framtíðar fjárfestingar í bæði menntun þjálfara og dómara sem og endurnýjunar íþróttatækja. Félagið er samt sem áður stöndugt með eigið fé upp á tæplega 11 milljónir. FIMA hefur sent þjálfara á eftirfarandi námskeið:

Námskeið	Fjöldi
1A	13
1B	21
1C	22
2A	9
2B	5
2C	Dagsetning námskeið óráðin
3*	Dagsetning námskeið óráðin
Móttaka 1	8
Móttaka 2	3
Dómaranámskeið	5 (3 endurnýjanir og 2 ný)
Parkour	2
Skynðihjálp	15

Félaginu hefur á árinu borist rausnarlegt framlag frá Íþróttabandalagi Akraness sem og styrkir frá Akraneskaupstað, Hvalfjarðarsveit og styrktarsjóði Skagans/Porgeirs og Ellerts hf. til áhalda-kaupa og menntun þjálfara og þökkum við kærlega fyrir stuðninginn.

Á hverju ári hefur fjöldi iðkenda FIMA aukist og biðum við núna eftir því að sjá fimleikahúsið komast í byggingu, þannig að félagið geti annað eftirspurn í fimleika, en biðlistar eru í suma hópa hjá okkur.

	Vor	Haut	Meðatal
2014	318	356	337
2015	383	454	419
2016	401	430	416
2017	454	468	461



Golfklúbburinn Leynir

Golfárið 2017 var 52. starfsár Golfklúbbsins Leynis

Golfsumarið 2017 var með hefðbundnu sniði, þrátt fyrir að vorað hafi seint þá kom sumarið að lokum og voru aðstæður til golfiðkunar góðar í sumar. Tíðin var góð og þurftu vallarstarfsmenn að leggja hart að sér við að halda grasinu í skefjum og sést það vel á unnum tímum við völlinn. Þrátt fyrir góða tíð þá fækkaði spiluðum hringjum á Garðavelli um samtals 12% milli ára og munar þar mestu um stóra hópa líkt og félagsmenn GR sem hafa um árabil verið einn stærsti hópur viðskiptavina. Lengi vel var Garðavöllur einn þriggja vinavalla sem félagsmönnum GR bauðst en í ár voru þeir um 10 og hafði þessi breyting mikil áhrif. Einnig komu til forföll með litlum fyrirvara hjá nokkrum forbókuðum fyrirtækjahópum. Þetta leiddi af sér töluverðan tekjumissi sem bregðast þarf við á nýju ári. Valdís Þóra náði frábærum árangri á árinu. Hún náði einum besta árangri íslensks kylfings á erlendri grundu með því að hafna í 2. og 3. sæti á mótum LET mótaráðarinnar. Hún tryggði enn fremur þátttökurétt sinn á mótaröðinni á næsta ári. Valdís endurheimti einnig Íslandsmeistaratitilinn í sumar á Hvaleyrarvelli. Sveitir GL tóku að vanda þátt í Íslandsmóti golfklúbba en karlasveitin spilaði í 1. deild sem spilaði í Kiðjabergi og héldu sæti sínu og spila aftur að ári í 1. deild. Kvennasveitin spilaði í 1. deild á Garðavelli og urðu hlutskipti að falla og spila þær í 2. deild 2018. Öldungasveit karla spilaði í 2. deild á Kirkjubólsvelli í Sandgerði og héldu sæti sínu og spila aftur að ári í 2. deild. Sveit 18 ára og yngri spilaði á Strandarvelli Hellu og endaði í 9. sæti af 9 sveitum. Sveitir 15 ára og yngri voru tvær og spiluðu á Hlíðarvelli Mosfellsbæ. Önnur sveitin endaði í 3. sæti og hin í 12. sæti af 13 sveitum. Viðsnúningur til hins verra var í rekstri klúbbsins og lækkuðu rekstrartekjur um 10% á milli ára og voru 19% lægri en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir. Rekstrarlegt tap var því rúmar 4.3 milljónir og heildar tap ársins að teknu tilliti til fyrninga og fjármunagjalda var rúmar 10 milljónir króna. Árið 2017 var fimmta ár Guðmundar Sigvaldasonar í stöðu framkvæmdastjóra Leynis og ber að þakka honum fyrir vel unnin störf í þágu klúbbsins. Birgir Leifur Hafþórsson kom heim á nýjan leik þegar hann tók að sér íþróttastjórastöðu klúbbsins og hafði aðkoma hans að starfinu strax jákvæð áhrif á okkar yngri kylfinga. Á árinu var skrifað undir samning við bæjaryfirvöld um byggingu á Frístundamiðstöð sem staðsett á að vera þar sem núverandi aðstaða er. Unnið er út frá því að framkvæmdir hefjist fyrir júl.

Aðalfundur 1. desember 2015

Á aðalfundi GL þann 6. desember 2016 var kosin ný stjórn fyrir starfsárið 2017.

Úr stjórn gengu : - Formaður til eins árs: Þórður Emil Ólafsson - Stjórnarmenn til tveggja ára: Berglind Helgadóttir og Hörður Kári Jóhannesson - Varamaður til eins árs: Ingibjörg Stefánsdóttir.

Kosnir í nýja stjórn fyrir starfsárið 2017 voru: - Formaður til eins árs: Þórður Emil Ólafsson - Stjórnarmenn til tveggja ára: Berglind Helgadóttir og Hörður Kári Jóhannesson - Varamaður í stjórn til eins árs: Ingibjörg Stefánsdóttir Áfram sátu Hannes Marinó Ellertsson og Eiríkur Jónsson, kosnir til 2 ára, tímabilið 2015 - 2017. Aðalfundur fór fram með hefðbundnum hætti.

Starf stjórnar á árinu

Haldnir voru 14 formlegir bókfærðir fundir stjórnar GL og þar að auki fjöldi óformlegra funda og samtala stjórnarmanna á milli. Eins eru tölvupóstsendingar mikið notaðar til skrafs og ráðagerða. Á vormánuðum var gengið frá samningum við Birgi Leif Hafþórsson um að hann tæki að sér starf íþróttastjóra Leynis. Aukning var á þátttöku barna og unglunga í starfinu og ánægjulegt að sjá aukið líf færast í hóp yngri kylfinga. Ánægja hefur verið með störf Birgis Leifs á árinu og sérstaklega er ánægjulegt að sjá aukna þátttöku þeirra í mótariðum GSÍ. Samstarf við Grastec ehf. og Brynjar Sæmundsson var einnig framhaldið og hefur það samstarf gengið vel sem hingað til. Haldið var áfram að framfylgja áætlun um endurnýjun vélafloata golfklúbbsins. Keypt var ný brautarvél, að gerðinni Toro RM5010D, fyrir sumarið og kom hún sérlega vel út í notkun. Stærsta einstaka verkefni stjórnar og framkvæmdastjóra á árinu voru samningaviðræður við Akraneskaupstað varðandi byggingu á frístundamiðstöð við Garðavöll. Samningar tókust um mitt ár og var niðurstaðan sú að byggja um 1000fm hús sem að stærstum hluta myndi verða nýtt af GL en yrði jafnframt samnýtt af hinum ýmsu stofnunum og félagasamtökum á vegum bæjarins. Fyrri reynsla Akraneskaupstaðar af samstarfsverkefnum með GL hjálpaði mikið til með það að þessi niðurstaða liggur nú fyrir, sbr. bygging vélaskemmunnar. Mikill tími hefur farið hjá framkvæmdastjóra Leynis í vinnu við undirbúning og skipulagningu á þessu verkefni og hefur sú vinna án efa komið verkefninu til góðs og er margra milljóna virði í heildarkostnaði verkefnisins. Nú er lokið þessu 52. rekstrarári Leynis og er stjórn GL ánægð með það að nú liggur fyrir bót í aðstöðumálum klúbbsins svo um munar. Stjórnin vil þakka Guðmundi framkvæmdastjóra fyrir vel unnin störf á árinu. Ákveðið áhyggjuefni er viðsnúningurinn sem varð á rekstri klúbbsins til hins verra og mun stjórn þurfa að taka á því með því að fara í naflaskoðun um hvernig búa megir um hnúta þannig að erfiðari rekstur komi ekki niður á gæðum Garðavallar með tilheyrandi keðjuverkun sem það getur haft í för með sér. Síðast en ekki síst ber að þakka félagsmönnum sem tóku virkan þátt í starfsemi klúbbsins með mjög svo óeigingjörnu sjálfbóðaliðastarfi. Golfklúbburinn Leynir er öfundsverður af jafn öflugum hópi félagsmanna.

Störf nefnda

Nefndastarf var með hefðbundnum hætti starfsárið 2017. Starfandi nefndir voru barna- og unglinganefnd, kvennanefnd, vallarnefnd, forgjafanefnd, öldunganefnd karla, og mótanefnd.

Keppnisgolf og afreksfólk

Valdís Þóra Jónsdóttir hafði í nógu að snúast á árinu og lék í fjölmörgum mótum á sínu fjórða ári sem atvinnumaður og stóð hún sig með stakri þrýði. Valdís Þóra hefur náð að hasla sér völl á efstu mótarið kvenna í Evrópu, LET, hún náði einum besta árangri íslensks kylfings á erlendri grundu með því að hafna í 2. sæti á móti á Spáni og 3. sæti á móti í Kína. Með þessum góða árangri tryggði hún enn fremur þátttökurétt sinn á mótariðinni á næsta ári. Valdís endurheimti einnig Íslandsmeistaratilinn í sumar á Hvaleyrarvelli. Nú hefur ísinn verið brotinn hjá henni hvað varðar að berjast um sigra á stærstu mótarið kvenna í Evrópu og vænta má mikils af henni á komandi misserum. Árangur úr barna og unglingastarfi GL var mjög góður

sumarið 2017. Það er langt síðan jafn mörg börn og unglingar tóku þátt í mótum á vegum bæði GL og GSÍ. 31 iðkandi frá GL tók þátt í mótum á vegum GSÍ sumarið 2017 sem er met í fjölda þátttakenda í GSÍ mótum. 11 tóku þátt í Íslandsbankamótaröðinni á einhverjum tímapunkti og rúmlega 20 iðkendur voru skráir til leiks á Áskorendamótaröð Íslandsbanka. Keppendur úr GL unnu til 27 verðlauna á 6 mótum í Áskorendamótaröðinni þetta árið. Á Íslandsbankamótaröðinni sem er sterkari mótaröðin þar sem keppt er um stigameistaratitil í hverjum flokki voru keppendur úr GL 5 sinnum á verðlaunapalli af 6 mótum sumarsins. Björn Viktor Viktorsson varð svo í 3. sæti í heildarstigakeppninni í flokki 14 ára og yngri karla. GL sendi að vanda hinar ýmsu sveitir til keppni á vegum GSÍ í Íslandsmót golfklúbba sem áður hét sveitakeppni GSÍ. Sveitir GL tóku að vanda þátt í Íslandsmóti golfklúbba en karlasveitin spilaði í 1. deild sem spilaði í Kiðjabergi og héldu sæti sínu og spila aftur að ári í 1. deild. Kvennasveitin spilaði í 1. deild á Garðavelli og urðu hlutskipti að falla og spila þær í 2. deild 2018. Öldungasveit karla spilaði í 2. deild á Kirkjubólsvelli í Sandgerði og héldu sæti sínu og spila aftur að ári í 2. deild. Sveit 18 ára og yngri spilaði á Strandarvelli Hellu og endaði í 9. sæti af 9 sveitum. Sveitir 15 ára og yngri voru tvær og spiluðu á Hlíðarvelli Mosfellsbæ. Önnur sveitin endaði í 3. sæti og hin í 12. sæti af 13 sveitum.

Félagafjöldi

Félagsmönnum í GL fjölgaði á árinu 2017 úr 435 í um 490 og er Golfklúbburinn Leynir 10. stærsti klúbbur landsins miðað við félagafjölda samkvæmt upplýsingum GSÍ. Á Vesturlandi eru 9 klúbbar og er GL stærsti klúbbur Vesturlands með rúmlega þriðjung félagsmanna skráða innan sinna vébanda. Alls eru 62 klúbbar skráðir á landinu og heildar fjöldi skráðra félaga innan vébanda GSÍ eru rúmlega 17.000. Hlutfall kvenna er 22% félagsmanna, hlutfall karla er 52% og hlutfall barna/unglinga upp að 21 árs aldri er 26% af hópi félagsmanna.





Mótahald

Mótahald gekk ágætlega sumarið 2017 og var starf mótanefndar þetta árið sem hingað til, til mikillar fyrirmyndar. Fjöldi móta í sumar voru 57 sem um 2233 kylfingar sóttu og er það fækkun milli ára sem nemur 11% en sumarið 2016 voru haldin 50 mót með þátttöku 2500 kylfinga. Aukning móta milli ára var fólgin í innanfélagsmótum og mótaroðum sem settar voru á dagskrá. Fækkun í mótaþátttöku má rekja til þess að golfvællir opnuðu seinna í vor eða um miðjan maí, veðurfarið framan af vori var ekki hagstætt kylfingum og sömuleiðis undir lok sumars var sama staða og því má segja að golftímabilið hafi að einhverju leyti valdið vonbrigðum þegar horft er til veðurfars. Garðavöllur var almennt í góðu ástandi og fékk jákvæða dóma kylfinga. Mótahaldið var að venju fjölbreytt blanda af innanfélagsmótum, barna- og unglingamótum, kvennamótum og opnum mótum ásamt mótahaldi í tengslum við mótaraðir GSÍ og LEK. Á mynd hér neðar má sjá hvernig mótahald hefur þróast undanfarin ár á Garðavelli. Meistaramót Leynis var haldið dagana 3. – 8. júlí. Þátttakan var góð og tóku um 115 félagsmenn þátt ásamt fjölda barna og unglinga í meistaramóti yngri kylfinga. Lokahóf mótsins var síðan haldið í sal ÍA við Jaðarsbakka og bornar voru fram veitingar frá 19. holunni.

Klúbbmeistarar urðu eftirfarandi:

Meistaraflokkur karla

1. Stefán Orri Ólafsson, 321 högg (sigurvegari eftir umspil)
2. Hannes Marinó Ellertsson, 321 högg
3. Þórður Emil Ólafsson, 323 högg

1. flokkur karla

1. Sigurður Elvar Þórólfsson, 322 högg
2. Guðmundur Hreiðarsson, 328 högg
3. Rúnar Freyr Ágústsson, 330 högg

2. flokkur karla

1. Karl Ívar Alfreðsson, 357 högg
2. Vilhjálmur E. Birgisson, 358 högg
3. Heimir Bergmann, 359 högg

3. flokkur karla

1. Bjarki Þór Pétursson, 370 högg
2. Þröstur Vilhjálmsen, 375 högg
3. Ingimar Elvar Ágústsson, 377 högg

4. flokkur karla

1. Óttar Ísak Ellingsen, 429 högg
2. Örn Arnarsson, 430 högg
3. Bjarni Þór Ólafsson, 439 högg

Karlar 50+

1. Björn Bergmann Þórhallsson, 242 högg
2. Aðalsteinn Huldarsson, 260 högg
3. Reynir Sigurbjörnsson, 264 högg

Meistaraflokkur kvenna

1. Hulda Birna Baldursdóttir, 368 högg

1. flokkur kvenna

1. Arna Magnúsdóttir, 351 högg
2. Hildur Magnúsdóttir, 359 högg
3. Elín Dröfn Valsdóttir, 371 högg

2. flokkur kvenna

1. Ragnheiður Jónasdóttir, 369 högg
2. Sigríður E. Blumenstein, 375 högg
3. Bára Valdís Ármannsdóttir, 383 högg

3. flokkur kvenna

1. Ingibjörg Stefánsson, 336 högg
2. Kristín Vala Jónsdóttir, 338 högg
3. Inga Hrönn Óttarsdóttir, 415 högg

Konur 50+

1. Ellen Ólafsdóttir, 289 högg
2. Ingunn Þóra Ríkhardsdóttir, 297 högg
3. Þórunn Halldórsdóttir, 299 högg

Stúlkur (rauðir teigar)

1. Elísabet Eir Magnúsdóttir, 16 punktar

Stúlkur (grænir teigar)

1. Vala María Sturludóttir, 41 punktur
2. Elín Anna Viktorsdóttir, 30 punktar

**Karlar 65+**

1. Jón Alfreðsson, 244 högg
2. Reynir Þorsteinsson, 251 högg (sigurvegari eftir bráðabana)
3. Þórður Elíasson, 251 högg

15 ára og yngri

1. Þorgeir Örn Bjarkason, 273 högg

Drengir 2004-2006 (rauðir teigar)

1. Kári Kristvinsson, 39 punktar
2. Kasper Úlfarsson, 38 punktar (fleiri punktar á seinni hring)
3. Daði Már Alfreðsson, 38 punktar

Drengir 2007-2008 (grænir teigar)

1. Marínó Ísak Dagsson, 72 punktar
2. Hilmar Veigar Ágústsson, 67 punktar
3. Elvar Ísak Jessen, 61 punktur

Mótahaldið í sumar tókst að vanda vel og á mótanefnd miklar þakkir skilið fyrir óeigingjarnt og vel unnin störf í sumar.

Framkvæmdir á árinu 2017

Í eftirfarandi samantekt er farið yfir verkefni ársins, ítarlegri samantekt má finna í skýrslu vallarnefndar þar sem verkefnum er gerð góð skil. Vinnudagar í apríl tókust vel og var unnið við almenna tiltekt, lagfæringar ýmiskonar, uppsetningu bekkja, brautarskilta og annað nauðsynlegt til að undirbúa völlinn fyrir opnun. Umhirða vallarins var með hefðbundnu sniði sumarið 2017. Sláttur flata byrjaði í lok apríl og síðasti sláttur var í lok október. Veðurfar á haustmánuðum gerði það að verkum að slá þurfti öll svæði, mis oft, út október sem er óvenju seint. Ráðist var í eitt stórt verkefni á Garðavelli á þessu rekstrarári. Skurð meðfram 4. flöt var lokað og svæði hægra megin við flötina lagað til og endurtyrft. Þá var unnið við drenskurð á 15./16. braut, og hreinsað upp úr helmingi skurðar milli 5./7. brauta. Lögð var aukin áhersla á viðhald púttflata, sérstaklega með aukinni söndun og tindagötun. Settir voru upp nýir lengdarhælar á brautir ásamt ýmsum smærri viðhaldsverkefnum yfir sumarið. Sérstaklega skal þakka öllum þeim félagsmönnum Leynis sem fúsir hafa lagt hönd á plóg með sjálfböðavinnu sinni í þeim ýmsu verkefnum sem við höfum unnið að þetta árið.

Rekstrarniðurstaða

Rekstrarniðurstaða Leynis árið 2017 er fremur veik og er umhugsunarverð. Rekstrartekjur lækkuðu um 10% milli ára og skýrist það helst af minnkuðum tekjum af velli sem og lægri framlög og styrkir. Rekstrargjöld voru hins vegar í línu við fyrra ár og voru 5% lægri en áætlun ársins gerði ráð fyrir. Rekstrarafkoma klúbbsins var neikvæð um rúmar 4,3 milljónir króna. Rekstrartekjur voru rúmar 71,5 milljónir króna eða 19% undir áætlun. Rekstrargjöld voru hins vegar tæpar 76 milljónir króna eða 5% undir áætlun. Þegar heildar niðurstaða ársins 2017 er skoðuð þá er tap ársins rúmar 10 milljónir króna. Efnahagur klúbbsins er í góðu horfi við lok þessa rekstrarárs þrátt fyrir neikvæðan rekstur á árinu. Í ljósi aðstæðna þurfti GL að fjármagna sig undir lok ársins með lántöku. Handbært fé klúbbsins stendur í rúmum 2,3 milljón krónum við lok rekstrarársins. Staða klúbbsins eftir rekstrarárið 2017 er sterk þegar á heildina er litið, umhugsunarefni er þó hversu mikið GL þarf að reiða sig á breytilegar tekjur í stað fastra tekna samanbórið við marga aðra golfklúbba. Áfram sem hingað til er það stefna stjórnar að klúbburinn sé rekinn af varfærni.



Starfsmannamál

Starfsmenn GL á árinu 2017 voru um 19 þegar mest lét frá vori til hausts með mismikið vinnuhlutfall. Guðmundur Sigvaldason framkvæmdarstjóri er eini launþegi á heils árs grundvelli. Birgir Leifur Hafþórsson íþróttastjóri er í hlutastarfi og launþegi klúbbsins. Birgir Leifur hefur umsjón með afreks-, barna- og unglingastarfi innan klúbbsins. Einnig störfuðu við völlinn hópur unglinga úr unglingavinnu Akraneskaupstaðar eins og verið hefur undanfarin ár. Mikilvægi þessa hóps og vinnuframlag fyrir Garðavöll er mikið og ber að þakka Akraneskaupstað fyrir samstarfið. GrasTec, félag í eigu Brynjars Sæmundssonar, sá um faglega umsjón og ráðgjöf á umhirðu Garðavallar og framkvæmda við hann eins og undanfarin ár en samstarfið hefur reynst klúbbnum afar farsælt frá árinu 2013.

Veitingasala

Samið var við Steinþór Árnason um rekstur veitingasölu GL. 19. holan bauð uppá fjölbreyttar og góðar veitingar í sumar. Samstarfið við Steinþór gekk með ágætum og var ekki laust við að aukið líf færðist í skálann okkar.

Samningar við aðra golfklúbba

GL endurnýjaði samstarfssamninga við valda golfklúbba sem félagsmenn gátu nýtt sér á ferðum sínum um landið. Vinavallarsamningar eru hugsaðir sem góð viðbót og ábati við það árgjald sem félagar greiða og innihéldu samningarnir afslætti af vallargjöldum. Samstarf var við eftirtalda klúbba:

Vesturland Golfklúbbur Borgarnes (GB) Golfklúbburinn Glanni (GGB) Golfklúbbur Jökull (GJÓ) Golfklúbburinn Vestarr (GVG) Golfklúbburinn Mostri (GMS)

Suðurland Golfklúbburinn Hellu (GHR) Golfklúbbur Hveragerðis (GHG) Golfklúbbur Selfoss (GOS) Golfklúbbur Vestmannaeyja (GV)

Norðurland Golfklúbbur Akureyrar (GA) Golfklúbburinn Hamar (GHD)

Reykjanes Golfklúbbur Grindavíkur (GG) Golfklúbbur Suðurnesja (GS) Golfklúbbur Sandgerðis (GSG)

Höfuðborgarsvæðið Golfklúbbur Mosfellsbæjar (GM) Golfklúbbur Brautarholts (GBR)

Umferð um Garðavöll

Umferð um Garðavöll tók miklum breytingum milli ára og fækkaði spiluðum hringjum um 12% frá árinu 2016 en í sumar léku 16.235 kylfingar Garðavöll. Skráning miðast við maí til loka september. Leiknir voru 14.000 hringir skv. skráðum rástímum og 2235 mótahringir, samtals gerir þetta um 16.235 hringi. Fjöldi spilaðra hringja á Garðavelli undanfarin sumur skv. skráningum Jákvæð þróun hefur orðið á spiluðum hringjum hjá erlendum gestum og samkvæmt skráningum eru þeir um 60 þetta árið og fara jafnt og þétt fjölgandi milli ára. Sumarið 2016 var haldið á Garðavelli mót í tengslum við norræna ráðstefnu heilbrigðisstarfsmanna og skýrir það muninn milli ára en það sumar voru flestar heimsóknir frá því samantekt á skráðum hringjum erlendra kylfinga hófst á Garðavelli. Stjórnendur GL horfa til þess að með nýrri frístundamiðstöð sem verður að fullu tekin í notkun vorið 2019 geti þessi hópur viðskiptavina stækkað enn frekar og verið góð og ábatasöm viðbót við gestahóp



Garðavallar. Fjöldi spilaðra hringja á Garðavelli undanfarin sumur skv. skráningum Hér neðar er listi yfir félagsmenn sem skipuðu 10 efstu sætin og voru með flestar skráðar komur á frá því samantekt á skráðum hringjum erlendra kylfinga hófst á Garðavelli. Stjórnendur GL horfa til þess að með nýrri frístundamiðstöð sem verður að fullu tekin í notkun vorið 2019 geti þessi hópur viðskiptavina stækkað enn frekar og verið góð og ábatasöm viðbót við gestahóp Garðavallar. Fjöldi spilaðra hringja á Garðavelli undanfarin sumur skv. skráningum Hér neðar er listi yfir félagsmenn sem skipuðu 10 efstu sætin og voru með flestar skráðar komur á Garðavöll á tímabilinu maí til loka september 2017. Sumir félagsmenn eru á þessum lista ár eftir ár og það er virkilega gaman að sjá hvað margir félagsmenn eru ávallt duglegir að spila Garðavöll. Þeir GL félagar sem eru með flesta skráða hringi eru: Guðmundur Sigurjónsson og Jóhannes Karl Engilbertsson 78 hringi, Þórir Björgvinsson 69 hringi, Bjarni Bergmann Sveinsson, Óskar Úlfar Kristófersson og Þórey Sigríður Ingvarsdóttir 67 hringi, Reynir Gunnarsson 66 hringi, Júlíus Pétur Ingólfsson og Sigríður V Gunnarsdóttir 63 hringi, Janus Bragi Sigurbjörnsson og Jón Ármann Einarsson 60 hringi, Karl Svanhólm Þórðarson og Skúli Bergmann Þórðarson 59 hringi og Edda Elíasdóttir fór 57 hringi.

Samskipti við Akraneskaupstað

GL átti gott samstarf við Akraneskaupstað á árinu eins og undanfarin ár. Sá stuðningur sem Akraneskaupstaður hefur veitt klúbbum í gegnum tíðina er gríðarlega mikilvægur fyrir klúbbinn til frambúðar. Gríðarlegt ánægjuefni er fyrir GL hversu gott viðhorf

Akraneskaupstaður er til starfseminnar sem fram fer á Garðavelli og sést það vel í aðkomu hans að uppbyggingunni sem nú stendur fyrir dyrum á aðstöðu klúbbsins.

Styrktaraðilar

Rekstur golfklúbbs er mikið og stórt verkefni og án dyggra félagsmanna, stuðningsaðila og stuðnings velgjörðaaðila væri reksturinn erfiður í alla staði. Aðal styrktaraðili klúbbsins líkt og undanfarin ár er Akraneskaupstaður og hefur GL treyst á aðkomu hans að rekstri klúbbsins og Garðavallar sem og þátttöku í ýmsum framkvæmdum. Almennur rekstur klúbbsins hefur notið góðs af mörgum góðum styrktaraðilum og ber þar fyrst að nefna Norðurál sem er einn af helstu styrktaraðilum klúbbsins en skorkort, teigmerki, fánar á flötum og brautarskilti er merkt fyrirtækinu. Landsbankinn er líkt og undanfarinn ár einn af helstu styrktaraðilum klúbbsins og styrkir mótahald félagsmanna, opið mót og er aðal styrktaraðili barna og unglingastarfsins en aðrir aðilar eins og Íslandsbanki leggja einnig til fjármagn í tengslum við barna og unglingastarfið. Aðrir megin styrktaraðilar sem að starfinu komu voru fjölmargir samanber eftirfarandi upptalningu: - Bernhard - Sjóvá - Húsasmiðjan - Byko - N1 - Síminn - Terma ehf - Ölgerðin - HB Grandi - Samhentir/Vörumerking - Icelandair Hotels - Jötunn/Vinnuvélar: Toro-Club Car - Öryggismiðstöðin - Billboard - Golfbúðin - Golfskálinn - ÍSAM: FJ-Ping-Titleist - Bílver - GrasTec - Verkalýðsfélag Akranes - Verslunin Bjarg - Terma - Úra- og skartgripaverslun Guðmundar B.Hannah - Omnis - Topp Útlit - Prentmet - Mannvit - BM Vallá - Rafþjónusta Sigurdórs - @home - Skóflan - BÓB vinnuvélar - Galito - Blikkverk - Blikksmiðja Guðmundar - Apótek Vesturlands - Telnet - Trésmiðjan Akur - Ver - ÞÞÞ - Gámaþjónusta Vesturlands - Club 71 - Sjammi - Gámaþjónusta Vesturlands - Matfugl - 365 / Golfstöðin - Guðni Örn Jónsson - Alhönnun - Heimili fasteignasala - Lögheimili fasteignasala - Valfell fasteignasala - Rafstöðin - Meitill - Klafi - Skaginn

Einnig eru ótaldir fjölmargir smærri styrktaraðilar og velunnarar Golfklúbbsins Leynis sem styðja við starfið á einn eða annan máta. Stjórn GL vill ítreka sínar þakkir við þann stuðning sem þessir aðilar sem og fjölmargir hafa veitt klúbbum á árinu og undanfarin ár.

Lokaorð

52. rekstrarári golfklúbbsins Leynis er nú lokið. Starfið var með hefðbundnu sniði þetta árið en hins vegar óhefðbundið þegar kemur að samningum sem undirritaðir voru á árinu um byggingu frístundamiðstöðvar. Mótahaldið var að venju fjölbreytt blanda af innanfélagsmótum, barna- og unglingamótum, kvennamótum og opnum mótum ásamt mótahaldi í tengslum við mótaraðir GSÍ og LEK. Óhætt að segja að árið hafi verið gott hjá Golfklúbbum Leyni í marga staði, fjölgun félagsmanna um 14% er sérstakt ánægjuefni. Ber þar helst að nefna aukið hlutfall kvenna í fjölda félagsmanna sem og aukin þátttaka þeirra í hinum ýmsu verkefnum sem kvennanefndin hefur staðið fyrir. Samningur við Akraneskaupstað um byggingu frístundamiðstöðvar er mikið ánægjuefni og spennandi tímar hvað það varðar fram undan. Rekstrarniðurstaða var óviðunandi og þarf að fara í naflaskoðun með tekjuöflun klúbbsins. Félagsstarfið er í miklum blóma og með nýrri aðstöðu mun það einvörðungu batna. Áfram verður lögð áhersla á að efla og bæta starfið hjá þátttakendum af yngstu kynslóðinni, sem jú er framtíðarauður GL. Með ráðningu Birgis Leifs í starf íþróttastjóra mátti finna aukningu á áhuga og þátttöku yngri kylfinga í starfinu og mikil þátttaka Leynisfélaga



Í GSÍ mótum var eftirtektarverð. Árangur Björns Viktors, Valdísar og Birgis Leifs er án efa hvatning fyrir okkar efnilegu kylfinga. Samningur GL við Akraneskaupstað um byggingu á frístundamiðstöð við Garðavöll er gríðarlega mikilvægur hornsteinn fyrir klúbbinn. Bætt félagsaðstaða mun gjörbreyta rekstrarumhverfi klúbbsins og auka möguleikana á bættu félagsstarfi innan hans. Enn fremur aukast tekjumöguleikarnir mikið þegar hægt verður að taka á móti stærri viðburðum tengdum golfinu og mögulega aukinni nýtingu allt árið um kring. Stjórn GL er einhuga um að þær skuldbindingar sem klúbburinn tekur á sig varðandi nýja félagsaðstöðu muni og eigi ekki að taka neinn fókus af vellinum hvorki fjárhagslega né metnaðarlega. Markmiðið er að þær fjárhagslegu skuldbindingar sem GL mögulega tekur á sig vegna byggingarinnar verði stilltar af á þann máta að tekjur af aðstöðunni muni fyllilega standa undir þeim skuldbindingum þannig að ekki þurfi að koma til niðurskurðar á fjármagni sem veitt er í Garðavöll. Þannig verði horft á nýja byggingu sem sjálfstæðs verkefni hvað fjármögnun varðar. Sé horft á rekstur klúbbsins árið 2017 er ljóst að stjórn þarf að fara í naflaskoðun varðandi reksturinn, renna þarf styrkari stöðum undir tekjuöflun klúbbsins því áframhaldandi taprekstur er ólíðandi og mun einvörðungu koma niður á gæðum Garðavallar sem er jú aðdráttaraflíð sem skapar svo stóran hluta tekna klúbbsins. Ný frístundamiðstöð mun án efa gefa GL möguleika á því að laða til sín stærri mót og viðburði á golf sviðinu en til þess að svo megi verða má heldur ekki slá af kröfunum um að viðhalda Garðavelli sem einum af bestu völlum landsins. Grunn reksturinn þarf að geta staðið undir eðlilegri starfsemi sem og áframhaldandi uppbyggingu á vellinum. Ef framhald verður á erfiðleikum við að afla tekna verður þessu markmiði erfiðlega náð. Taka þarf meðal annars upp viðræður við Akraneskaupstað um rekstrarsamninginn sem í gildi er, en hann er orðinn 12 ára gamall og að mati GL barn síns tíma. Almennt hefur hægst á fjölgun kylfinga á landsvísu eftir mikla sprengju á fyrsta áratug þessarar aldar. Áhyggjuefni er fækkun kylfinga af yngstu kynslóðinni á landsvísu. Þróunin hjá GL hefur verið jákvæð hvað þessa þætti varðar, fjölgun hefur verið í fjölda félagsmanna ólíkt því sem margir aðrir klúbbar eru að sjá og frekar hefur verið aukning hjá yngri kylfingum og kvenfólki hjá GL. Öflugt félagsstarf er mikilvægt fyrir klúbb eins og okkar og eykur það ánægju félagsmanna við ástundun íþróttarinnar. Félagsstarfið er borið uppi af félagsmönnum, áhuga og framlagi þeirra til starfsins. Stjórn GL vill sérstaklega þakka því fólki sem komið hefur að skipulagningu á félagsstarfinu, það vinnuframlag sem innt er af hendi er ómetanlegt til þess að gera félagsstarfið blómlegt og ánægjulegt. Mikið og gott starf nefnda á vegum GL og þeirra félaga sem í þeim starfa er gífurlega mikilvægt og skal það haft í hávegum í klúbbi eins og GL. Garðavöllur var í góðu standi í sumar, en þrátt fyrir það er ekki ástæða til þess að slaka á kröfunum um góðan golfvöll og mun stjórn kappkosta að halda áfram að bæta gæði vallarins og viðhalda honum þannig að hann verði áfram í fremstu röð golfvalla á Íslandi. Stjórn GL vil að lokum þakka félögum, nefndarmönnum, styrktaraðilum og starfsfólki fyrir framúrskarandi aðkomu að starfinu og umfram allt gott samstarf á rekstrarárinu 2017.



Hestamannafélagið Dreyri

Aðalfundur 28. nóvember 2017 í félagsheimilinu Odda, Æðarodda.

Í stjórn Dreyra voru á liðnu ári :

Formaður: Ása Hólmarsdóttir **Varaformaður:** Hrafn Einarsson **Ritari:** Sigurður Ólafsson

Gjaldkeri: Inga Ósk Jónsdóttir **Meðstjórnandi:** Guðmundur Gísli Sigurðsson

Varamenn: Fjóla Lind Guðnadóttir og Sigurður Arnar Sigurðsson

Stjórn hittist alls 7 sinnum á fundum og einnig voru fjölmörg mál rædd og afgreidd í síma eða rafrænt.

Félagar í ársbyrjun voru 248.

Frá aðalfundi 30. nóvember 2016 voru nefndir Dreyra svona.

Nefndir Dreyra árið 2017

Endurskoðendur: Bergþór Helgason og María Hlín Eggertsdóttir. Til vara: Sigurður Arnar Sigurðsson.

Beitarnefnd: Gísli Runólfsson, Bjarki Sigurðsson, Hjálmar Ingibergsson, Róbert V. Ólafsson og Sigurður Arnar Sigurðsson.

Fræðslu- og skemmtinefnd: Gróa Þorsteinsdóttir, Eydís Gunnarsdóttir og Ólafur Frímans Sigurðsson.

Hússtjórn: Þorbjörg Gunnlaugsdóttir, Ragnheiður Helgadóttir og Ragnheiður Stefánsdóttir.

Mótanefnd: Belinda Ottósdóttir, Aðalsteinn Maron Árnason, Guðmundur Gísli Sigurðsson, Einar Gunnarsson og Ólafur Guðmundsson.

Reiðveganefnd: Stefán Jónsson, Anton Ottesen, Ágúst Sigurjón Harðarson og Óttar Már Ellingsen.

Æskulýðsnefnd: Fjóla Lind Guðnadóttir, Viktoría Gunnarsdóttir, Aðalsteinn Maron Árnason, og Stína Laatch.

Uppstillingarnefnd: Sigmundur B. Kristjánsson og Inga Ósk Jónsdóttir

Fjórðungsmótsnefnd 2017: Valdimar Ólafsson og Sigurður Arnar Sigurðsson. Varamenn. Ása Hólmarsdóttir og Ólafur Guðmundsson.

Fulltrúar úr stjórn funduðu með bæjaryfirvöldum (bæjarráð, umhverfisfulltrúa, skipulagsfulltrúi og byggingafulltrúi) á Akranesi alls 3 sinnum. Á fundunum voru rædd ýmis málefni félagsins sem tengjast sveitarfélaginu s.s. umgengismál, umhverfismál, skipulag, kynningarmál vegna reiðskemmu, reiðvegi og fleira. Tveir fundir vorum haldnir með formönnum aðildarfélaga ÍA og framkvæmdastjórn ÍA. Einnig fundir með nefndum Dreyra, starfsmanni ÍSÍ vegna Felix-félagagrunni, og svo aðrir fundir/samskipti.

Samstarfsfundir formanna hestamannafélaganna á Vesturlandi voru tveir og haldnir í Borgarnesi í mars og september. Formannafundur LH var haldinn í Reykjavík 27. október. Fulltrúar félagsins voru Fjóla Lind Guðnadóttir formaður æskulýðsnefndar, Inga Ósk Jónsdóttir gjaldkeri og Ása Hólmarsdóttir.



Framhaldsaðalfundur var haldinn 14. febrúar s.l. þar sem m.a. ársreikningar 2016 voru samþykktir og gengið frá mönnun í nefndir. Þar var Ester Þóru Viðarsdóttur veitt viðurkenning sem efnilegasti ungi knapinn.

Síðastliðið ár var viðburðaríkt og ekki hægt að segja annað en að vel hafi tekist til á 70 ára afmælisári félagsins. Starfsárið hófst með lokasmölun úr flóanum á Gamlársdag og var boðið upp á vöffur og kakó í félagsheimilinu á eftir.

Afmælisteitið eða Góugleðin var haldin í félagsheimilinu 11. mars og fyrr um daginn var farið í félagsreiðtúr niður á Akranes, þar sem tekin var áning framan við bæjarskrifstofuna á Stilholti. Þessi reiðtúr fangaði auga ljósmyndara sem kom okkur á forsiðu Skessuhorns með glæsilegri mynd af Dreyrafélögum í bæjarferð. Á Góugleðinni fékk Valný Benediktsdóttir viðurkenningu frá stjórn Dreyra fyrir hennar vinnuframlag fyrir félagið á liðnum árum. Þá fékk einnig hrossaræktarúið Skipaskagi viðurkenningu sem hrossaræktarúið ársins.

Knapamerkjanámskeið I fyrir 12 - 16 ára unglinga var haldið á Skáney í Reykholtssdal á vordögum og fóru 6 ungir Dreyrafélagar þangað. Á Skáney fengu krakkarnir bæði hesta og reiðtygi auk bóklegrar og verklegrar kennslu. Foreldrar sáu um að keyra börnunum á staðinn einu sinni í viku. Námskeiðið mæltist vel fyrir hjá bæði börnum og aðstandendum. Þess má einnig geta að frammistaða Dreyrakrakka á knapamerkjaprófinu var sérlega góð. Á föstudaginn Langa, 14. apríl, var „Fjör á vellinum“ á vegum Æskulýðsnefndar að venju. Fjöldi barna, á aldrinum 3-14 ára, mætti í búningum og tóku þátt í skemmtilegri þrautabraut.

Á vegum æskulýðsnefndar var Helena Bergström fengin til að hafa námskeið í nokkur skipti fyrir yngri börnin og voru 12 krakkar á aldrinum 4 til 11 ára á námskeiðinu. Námskeiðið fór fram í reiðgerðinu en einnig í eitt skipti í reiðskemmu Borgartúns á Æðarodda 36 þegar veðrið var leiðinlegt.

Stjórn þakkar Jóni í Borgartúni kærlega fyrir aðstöðuna og skjót viðbrögð.

Linda Rún Pétursdóttir reiðkennari kom svo einnig til okkar í apríl og maí og var með námskeið fyrir alla áhugasama sem vildu bæta sig og reiðhestinn. Á námskeiðinu hjá Lindu Rún tóku 14 félagar þátt. Námskeiðið fór fram í reiðgerðinu í öllum veðrum og aflýsa þurfti tímum þegar veðrið var of vont. Reiðskemmuleysi okkar minnti heldur betur á sig þar.

Daníel Jónsson var með námskeið í reiðhöllinni á Litlu Fellsöxl í apríl með áherslu á undirbúning fyrir gæðingakeppni og kynbótasýningar. Það voru 8 Dreyrafélagar sem tóku þátt í afar vel heppnuðu námskeiði hjá Daníel. Sigurveigu og Jóni á Litlu-Fellsöxl eru færðar þakkir fyrir húsaskjólíð.

Dreyri 70 ára, 1. maí 2017

Mótið hófst í hressilegum vindi með hópreið félagsmanna um Æðaroddasvæðið undir félagsfána Dreyra og var það Ólafur Guðmundsson sem leiddi hópreiðina með glæsibrag. Lárus Á. Hannesson formaður Landssambands Hestamanna slóst í för með Dreyrafélögum í hópreiðinni.



Dómarar á mótinu voru Arnheiður Hjörleifsdóttir varaoddviti Hvalfjarðarsveitar, Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri á Akranesi, Lárus Á. Hannesson frá LH og Hildur Karen Aðalsteinsdóttir íþróttafulltrúi ÍA. Dómnefndin leysti hlutverk sitt vel af hendi og starfaði Lárus sem „sérfræðingur að vestan“ í dómnefndinni fyrir hin þrjú sem lítt eru vön dómstörfum í hestamennsku.

Fjölmargir Dreyrafélagar og aðrir gestir lögðu leið sína á Æðarodda á 70 ára afmælisdaginn og þáðu veitingar af kaffihlaðborði félagsins. Hildur Karen Aðalsteinsdóttir íþróttafulltrúi færði félaginu peningagjöf frá ÍA að upphæð 50.000 sem verður notuð í að gera jakka fyrir börn og unglinga en slíkur klæðnaður er ekki til hjá félaginu. Stjórn Dreyra þakkar ÍA góða gjöf.

Einnig tók til máls Lárus frá Landssambandi Hestamanna og lagði hann mikla áherslu á hvað reiðhús (reiðskemmur/reiðhallir) eru mikilvægur þáttur í nýliðunarstarfi hestamennsku og í þjálfun yngri flokka. Mikilvægi reiðhúsa hefur sannað sig um land allt. Hvatti hann Dreyrafélaga eindregið að halda áfram baráttu og vinnu við að fá slíkt mannvirki á Æðarodda. Sævar Freyr bæjarstjóri óskaði félaginu til hamingju með daginn, óskaði því velfarnaðar í starfinu og sagðist hann tilbúinn að vinna að góðu brautargengi margvíslegra verkefna og þarfa hestamannafélagsins.

Marteini Njálssyni og Hjörleifi Jónssyni voru veittar viðurkenningar fyrir störf sín fyrir félagið.

Úrslit voru eftirfarandi.

Þátttakendur í Pollaflokki:

Aldís Emilía Magnúsdóttir á Orku

Matthildur Svana Stefánsdóttir, Kapradís frá Skipanesi

Bjarndís Guðveig Guðbjartsdóttir á Fjöður frá Skipanesi.

Ólafur Frímann Sigurðsson á Mósa frá Hallkelsstaðahlíð.

Leó Þór Gunnarsson á Greifa.

Barnaflokkur:

1. Agnes Rún Marteinsdóttir á Arnari frá Barkarstöðum – Blikksmiðja Guðmundar

2. Rakel Ásta Daðadóttir á Fjöður – Hrossaræktarbúið Skipaskagi

3. Sara Mjöll á Húmor – Gámaþjónusta Vesturlands

Unglingaflokkur:

1. Ester Þóra Viðarsdóttir á Hraundísi frá Skipanesi – Verslun Einars Ólafssonar

2. Anna Sigurborg á Bjarti – Húsasmiðjan

Karlaflokkur:

1. Benedikt Kristjánsson á Flotta frá Akrakoti – Galíto

2. Stefán Ármannsson á Arnari frá Skipanesi – Sæmundur Víglundsson.

3. Hrafn Einarsson á Læk frá Bjarkarhöfða. – Brauða- og Kökugerðin

Kvennaflokkur:

1. María Hlín Eggertsdóttir á Eddu frá Samtúni – Þorgeir og Ellert ehf.



2. Viktoría Gunnarsdóttir á Erni frá Efra-Núpi. -Hrossafélagið Horn (Ólöf Samúelsd. og fjölsk.)
3. Ulrika Ramundt á Sóleyju frá Akurprýði.- Þróttur vélaleiga

Lítið fór fyrir mótahaldi hjá okkur s.l. vetur. Var þar bæði um að kenna veðri og hugsanlega ætluðu áhugaleysi keppenda. Reyndar var mikið um mótahald í reiðhöllinni í Borgarnesi þar sem bæði KB-mótaröðin fór fram og Vesturlandsdeildin en á þessum mótum eru nokkrir Dreyramenn að keppa.

Á sumardaginn fyrsta, 20. apríl var að venju farið í Langasandsreið og sumarblómin afhent heimilismönnum á Dvalarheimilinu Höfða.

Árlegur hreinsunardagur í Æðarodda var 22. apríl og fengum við gáma frá Akraneskaupstað sem voru á svæðinu í viku.

Í blíðskapar vorveðri laugardaginn 6. maí fór stór hópur Dreyrafélaga í reiðtúr niður í miðbæ Akraness. Áð var við Akratorg þar sem gestir og gangandi gátu heilsað upp á hestamenn. Þessi dagur var afar vel heppnaður og vakti athygli og ánægju.

Kynjareiðin var haldin 13. maí og stóð skemmtinefndin fyrir henni. Góður og skemmtilegur dagur.

Ferða- og skemmtinefndin kom með krafti inn í starfið á þessu ári. Nefndin skipulagði tveggja daga ferð á Snorrastaði á Mýrum þann 9. og 10. júní. Þessi ferð var frábær í alla staði og alls voru 56 Dreyrafélagar á baki.!

Á 17. júní, bæði á Akranesi og Hvalfjarðarsveit, tóku nokkrir Dreyrafélagar að sér að teyma undir börnum. Samtals var teymt undir í um 4 klst. og safnaðist ágæt upphæð fyrir vinnuna.

Gæðingakeppni Dreyra var haldin 3. júní og var hún einnig úrtaka fyrir Fjórðungsmót Vesturlands. Glæsilegasti gæðingur mótsins og einnig besta hryssa mótsins var Arna frá Skipaskaga en hún er í eigu Sigurveigar Stefánsdóttur og Jóns Árnasonar. Knapi mótsins var Ólafur Guðmundsson.

Hér eru úrslit keppinnar.:

Barnaflokkur

1. Agnes Rún Marteinsdóttir/ Arnar frá Barkarstöðum 7,92

Unglingaflokkur

1. Rúna Björt Ármannsdóttir/ Sneið frá Háabæ 8,13
2. Rakel Hlynisdóttir/ Gnótt frá Skipanesi 7,97
3. Ester Þóra Viðarsdóttir/ Edda frá Smáratúni 7,73

Ungmennaflokkur

1. Viktoría Gunnarsdóttir/ Kopar frá Akranesi 8,07



B-flokkur

- 1, Arna frá Skipaskaga/ Sigurður Sigurðarson 9,09
- 2, Stofn frá Akranesi/ Benedikt Þór Kristjánsson 8,60
- 3, Roði frá Syðri-Hofdölum/ Hanne Smidesang 8,40
- 4, Sveðja frá Skipaskaga/ Leifur George Gunnarsson 8,32
5. Gylling frá Sveinatungu/ Snorri Elmarsson 8,19

A-flokkur

1. Askur frá Akranesi/ Sigurbjörn J Þormundsson 8,34
2. Taktur frá Fremri-Fitjum/ Ólafur Guðmundsson og Benedikt Þór Kristjánsson í úrslitum 8,30
3. Skutla frá Akranesi/ Ólafur Guðmundsson 8,29
4. Dáð frá Akranesi/ Ulrike Ramundt 8,18
5. Bensi frá Skipaskaga/ Sigurður Sigurðarson 8,16

Linda Rún Pétursdóttir reiðkennari aðstoðaði börn og ungmenni við undirbúning gæðingakeppni Dreyra og fyrir keppni á Fjórðungsmótinu.

Fjórðungsmótið var haldið í Borgarnesi 28. júní til 2. júlí 2017. Mótshaldarar voru að venju hestamannafélögin á Vesturlandi og boðið er til keppni hestamannafélögum á Vestfjörðum, Húnavatnssýslum og Skagafirði. Dreyri lagði til 10 starfsmenn á mótinu á föstudegi og eru þeim færðar bestu þakkir fyrir sitt vinnuframlag.

Mótið gekk vel fyrir sig, umgjörðin góð og aðstaðan sömuleiðis. Mikið úrval af góðum hestum var á mótinu og keppni spennandi. Keppendur voru ánægðir með mótið og aðstöðuna. En mun færri gestir sóttu mótið og öflun auglýsinga mistókst þannig að þegar að upp var staðið var stórtap af mótinu. Vesturlandsfélögin fimm fengu í sinn hlut rúmlega 600 þúsund króna tap, hvert félag. Þessi niðurstaða er afar döpur og leiðinleg og er það nokkuð ljóst að næsta Fjórðungsmót Vesturlands verður með breyttu sniði eftir 4 ár.

Hér er árangur Dreyrafélaga.:

Tölt T1 Opinn flokkur

1. Jakob Svavar Sigurðsson / Júlía frá Hamarsey = 8.61 Dreyri

A-flokkur. gæðinga.

2. Sproti frá Innri-Skeljabrekku / Jakob Svavar Sigurðsson = 8.75 – Dreyri

B- flokkur gæðinga.-

1. Arna frá Skipaskaga / Sigurður Sigurðarson = 9.20 – Dreyri . Arna var valin besti gæðingur mótsins.
11. Stofn frá Akranesi / Benedikt Þór Kristjánsson = 8.51 – Dreyri
13. Roði frá Syðri-Hofdölum / Hanne Oustad Smidesang = 8.33 Dreyri

Barnaflokkur. Úrslit

13. Agnes Rún Marteinsdóttir / Arnar frá Barkarstöðum 7.90 Dreyri

Unglingaflokkur

10. Rúna Björt Ármannsdóttir / Sneið frá Há bæ = 8.28 Dreyri.

-Rakel Hlynisdóttir á Gnótt frá Skipanesi gerði því miður ógilt en átti góða sýningu.

Ungmennaflokkur

Viktoría Gunnarsdóttir, Kopar frá Akranesi.

Í júlí fór Ester Þóra Viðarsdóttir í ungmennabúðir FEIF, (Youth Camp). Að þessu sinni fór starfsemi ungmennabúðanna fram í Belgíu. Alls fóru 5 stelpur frá Íslandi í Youth Camp. Okkar fulltrúi var mjög ánægð með ferðina og hefur án nokkurs efa verið til fyrirmyndar. Stjórn Dreyra styrkti Ester Þóru til fararinnar.



Dreyrafélaginn Jakob Svavar Sigurðsson var stórtækur á árinu. Eftir gott gengi á Fjórðungsmótinu, varð hann tvöfaldur Íslandsmeistari á Júlíu frá Hamarsey, bæði í slaktaumatölti og fjórgangi. Á heimsmeistaramótinu sem fram fór í Hollandi, hampaði Jakop Tölthorninu eftirsóttu með því að verða heimsmeistari í tölti á Gloríu frá Skúfslæk. Stórkostlegur árangur.

Á uppskeruhátíð LH var Jakob útnefndur sem Knapi ársins 2017. Hann var einnig valinn íþróttaknapi ársins og tilnefndur í 2 öðrum flokkum, gæðingaknapi og kynbótaknapi ársins.

Stjórn Dreyra hefur valið Jakob Svavar sem hestaíþróttamann félagsins fyrir árið 2017.

Norðurálmsmótið var haldið 19. -21. ágúst í veðurblíðu. Mótahaldið var í höndum mótanefndar Dreyra. Fjöldi skráninga var um 160. Keppnisvöllurinn sem lokið var við í fyrra reyndist vel og ljóst að afar vel hafi tekist til við endurgerð vallarins. Mótið gekk vel að mestu leyti og mikill fjöldi af góðum hestum ásamt knöpum sínum tóku þátt í mótinu og margar glæsisýningar sem runnu um völlinn. Þátttakendur komu af Vesturlandi, höfuðborgarsvæðinu, Reykjanesi og Suðurlandi. Fyrir mótið fjárfesti Dreyri í 5 nýjum spjaldtölvum til að geta keyrt nýjan dóma-keppnisgrunn frá LH sem var í prófun á mótinu að beiðni LH. Auk þess var félagsheimilið nettengt og keyptur ýmis aukabúnaður til að tryggja góðan aðgang að Interneti. Nýju tölvurnar og keppnisgrunnurinn reyndist vel að mestu leyti en þó komu upp hnökrar og villur sem höfðu áhrif á framkvæmd dagskrár. Á mótinu voru einnig 12 dómaramenn sem dæmdu keppni úr brekkunni og báru sig þannig saman við hina 5 starfandi dómara mótsins. Þetta var hluti af námi þeirra til dómaraþéttinda fyrir keppni í hestaíþróttum.

Eins og gert var í fyrra þá stóð stjórnin fyrir Nefndateiti fyrsta vetrardag, 21. október, fyrir starfandi nefndarmenn og aðra sjálfboðaliða í ýmsum verkefnum félagsins. Stjórn setti upp svuntunarnar og eldaði dýrindis mat fyrir nefndarmenn. Líkt og í fyrra þá tókst vel til og vill stjórn með þessu móti þakka vinnandi félagsmönnum fyrir störf sín.

Málþing um úrbætur í reiðvegumálum var haldið í Borgarnesi 14. október. Málþingið var í umsjón LH og var vel sótt af fulltrúum hestamannafélaga af öllu landinu. Þetta var gott málþing og ljóst að verulega þarf að auka framlög til gerðar reiðvega, ekki síst vegna öryggismála.

Reiðskemmumál

Stjórn Dreyra sendi inn fyrir um ári síðan erindi til bæjarstjórnar Akraness og sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar um fjárstyrk vegna áforma Dreyra um byggingu á reiðhúsi. Fulltrúar Dreyra fóru á fund bæjarstjórnar og sveitarstjórnar og kynntu erindið og áformin. Styrkbeiðnin hlaut ekki jákvæðan hljómgrunn þá hvað varðar fjárútlát. Síðasta árið höfum við í stjórn verið að vinna í reiðskemmumálum óformlega með að taka samtal beint við sveitarstjórnarfolk og kynna okkar málstað. Þann 3. nóvember s.l. fóru t.d. formaður og varaformaður með 6 bæjarfulltrúa og framkvæmdastjóra ÍA í reiðskemmusköðunarferð á Snæfellsnes. Því miður komst enginn fulltrúi frá Hvalfjarðarsveit. Í ferðinni var reiðhöllin í Borgarnesi fyrst skoðuð, svo lá leiðin í Stykkishólm þar sem Lárus Á. Hannesson formaður LH tók á móti hópnum og fylgdi okkur um nýjar reiðskemmu í Stykkishólmi og Ólafsvík. Ferðin endaði svo með skoðun á nýrri reiðskemmu á Lýsuhóli. Skoðunarferðin tókst mjög vel í alla staði og vakti athygli og meðvitund bæjarstjórnar um aðstöðuleysi okkar. Stjórn sendi svo fyrr 2 vikum inn nýtt erindi til sveitarfélaganna tveggja um byggingu á reiðskemmu 25x45 á Æðarodda. Þegar þetta er skrifað hefur bæjarráð Akraness tekið jákvætt í erindið og falið bæjarstjóra að ræða við Hvalfjarðarsveit.

Hægt er að lesa nánar um starf nefnda félagsins í skýrslum þeirra.

Stjórn Dreyra vill þakka öllum þeim sem hafa unnið fyrir félagið á liðnu ári. Það er ómetanlegt að geta leitað til góðra félaga í sjálfboðavinnu. Hvert handtak er dýrmætt – við þurfum bara að vera fleiri í vinnuliðinu.

Hnefaleikafélag Akraness

Árið 2017 var níunda starfsár HAK síðan það var formlega stofnað 28.febrúar 2008.

Þetta var stórt ár fyrir HAK þar sem við eignuðumst Íslandsmeistara í 64 kg flokki ungmenna ásamt því að eiga fulltrúa á Norðurlandamótinu í ólympískum hnefaleikum.

Miklar breytingar urðu hjá okkur á s.l. ári, við fengum til að mynda Skagann 3X til að smíða fyrir okkur keppnishring og fengum pláss fyrir hann í salnum á Vesturgötunni. Þetta styrkir stöðu okkar til muna, bæði að fá að æfa reglulega í keppnisaðstæðum og að geta haldið mót með einföldum hætti.

Keppnir og úrslit

Hnefaleikafélag Akraness eignaðist nýjan Íslandsmeistara í ólympískum hnefaleikum á árinu. Bjarni Þór kom, sá og sigraði andstæðing sinn Sólon Ísfeld frá

hnefaleikafélaginu Æsi í 64 kg flokki ungmenna. Viðureignin var mjög spennandi og tæknileg enda fengu þeir félagar sérstaka viðurkenningu að loknu móti fyrir tæknilegustu viðureign kvöldsins. Mjótt var á munum undir lokin og var ákvörðun dómara klofin en í upphafi leiks hafði Bjarni yfirhöndina en hann jafnaðist þó þegar á leið. Í lok þriðju og síðustu lotu var mikil spenna um niðurstöðuna en Bjarni hafði þó betur og fagnaði því sínum fyrsta Íslandsmeistaratitli í ólympískum hnefaleikum.

Svo var komið að Norðurlandameistaramóti í Danaveldi þar sem Íslandsmeistarinn Bjarni Þór Benediktsson mætti mjög sterkum keppenda frá Svíþjóð en þurfti að láta í minni pokann og gefa leikinn undir lok fyrstu lotu.

Alls fóru átta keppendur frá Íslandi á þetta mót en keppendur komu einnig frá Svíþjóð, Noregi, Finnlandi og Danmörku.





Klúbbamótið sem HAK tók þátt í hér heima voru 5 talsins á árinu og kepptu þau Bjarni Þór Benediktsson og Katrín Jóna Ólafsdóttir fyrir hönd HAK. Bjarni sigraði alla sína andstæðinga á árinu en Katrín keppti tvisvar og tapaði naumlega í bæði skiptin.

Aðstöðumál

Aðstaðan var meira og minna í framkvæmdarham allt tímabilið. Verið er að setja upp setustofu/móttöku með góðri aðstöðu til að hella uppá kaffi, geyma yfirhafnir og setjast niður eftir æfingu til að slaka aðeins á. Ásamt því verður aðstaða fyrir þjálfara með skrifborði og tölvu svo þeir geti haldið utan um hópa og starfsemi ásamt því að geta skipulagt æfingar.

Iðkendafjöldinn á árinu 2017 var í kringum 50 manns, þeim var skipt niður í þrjá hópa:

Krakkabox, þjálfari: Bjarni Þór Benediktsson.

Fitnessbox, þjálfari: Katrín Jóna Ólafsdóttir

Keppnishópur, þjálfari: Örnólfur Stefán Þorleifsson

Stjórn HAK árið 2017

Formaður : Örnólfur Stefán Þorleifsson

Varaformaður : Jónas Heiðar Birgisson

Gjaldkeri : Þorbjörg Gunnlaugsdóttir

Ritari : Stella Bára Eggertsdóttir

Meðstjórnandi : Birna Árnadóttir

Stjórn – Breytingar.

Hér að neðan er samþykkt breyting á stjórn HAK á aðalfundi þann 14. mars 2018:

Formaður: Oliver Máni Oliversson

Varaformaður : Jónas Heiðar Birgisson

Gjaldkeri : Birna Árnadóttir

Ritari : Stella Bára Eggertsdóttir

Meðstjórnandi : Örnólfur Stefán Þorleifsson

Aðalfundur HAK var haldinn þann 14. mars kl.20:00 í fundarherbergi í íþróttahúsinu við Vesturgötu

Karatefélag Akraness

Um starfið

Starfsemi Karatefélags Akraness var með nokkuð líku formi og undanfarin ár. Félagið er áfram með um 40 iðkendum í þremur flokkum, karateskólinn, flokkur 2 og flokkur 1 sem jafnframt er meistaraflokkur. Hjá öllum flokkum hefur verið reynt að blanda saman félagsstarfi og leik í samblandi við karatekennsluna með ýmsum hætti eins og komið verður nánar að í kafla um starfsemi KAK.

Æfingar eru að jafnaði 3. sinnum í viku fyrir flokk 1 en tvisvar í viku fyrir karateskólann og flokk 2. Æfingar fara fram í speglasalnum í Íþróttahúsinu við Vesturgötu, Akranesi. Boðið var upp á byrjendanámskeið fyrir börn og unglinga á vor og haustönn. Á árinu var lögð áhersla á grunnkarate en æft er samkvæmt JKA Shotokan karatestílnum. Hjá félaginu er að jafnaði lögð áhersla á allar grunngreinar karate þ.e. grunnþjálfun, Kata og Kumite en á árinu 2017 var einnig áhersla á áframhaldandi Kumite þjálfun.

Á árinu 2017 var félagið áfram með Vilhjálmi Þór Þóruson sem aðalþjálfara en á móti Vilhjálmi sér Eydis Línal Finnogadóttir um þjálfun 1. flokks. Þá hefur Elsa María Gunnlaugsdóttir komið að þjálfun í afleysingum en Vilhjálmur var frá störfum í upphafi ársins vegna ferðar á æfingabúðir í Japan.





Það sem stendur upp úr frá árinu 2017 voru skemmtilegar æfingar, æfingabúðirnar Ærslagangur á Skaga sem voru haldnar á haustmánuðum og ferð 1. flokks á æfingabúðir í Noregi

Stjórn KAK

Aðalfundur KAK var haldinn 22. febrúar 2017 í Íþróttahúsinu Jaðarsbökkum.

Á fundinum var kosin ný stjórn en inn í stjórnina kom einn nýr stjórnarmeðlimur Daniela Gross í staðin fyrir Örne Björk Árnadóttur sem lét af störfum. Þökkum við Örne fyrir sín störf. Stjórn KAK árið 2017 skipuðu:

Formaður: Eydís Líndal Finnbogadóttir
Gjaldkeri: Berglind Erna Þórðardóttir
Meðstjórnendur: Valgerður Oddsdóttir, Sólrún Eiríksdóttir og Daniela Gross

Þjálfarar

Aðalþjálfari KAK á árinu 2017 var Vilhjálmur Þór Þóruson. Auk Villa störfuðu Eydís Líndal Finnbogadóttir sem þjálfarar framhaldshóps og Elsa María Guðlaugsdóttir við afleysingar. Þá voru þau Eiður Gunnlaugsson og Amalía Sif Jessen aðstoðarþjálfarar á árinu.

Á árinu reyndi nokkuð á afleysingar, einkum í upphafi árs þegar Vilhjálmur fór í leyfi vegna æfingaferðar til Japan. Það er því félaginu mikilvægt að hægt sé að leita til afleysingarþjálfara.

Gráðanir

Gráðanir eru einskonar stöðupróf sem iðkendur í karate taka einu sinni til tvisvar á ári. Hjá KAK hafa verið veittar viðurkenningar fyrir þátttöku í Karateskólanum og einnig viðurkenningar fyrir gráðun. Hjá KAK voru tvær gráðanir á árinu 2017, 19. maí vorgráðun og 13. desember var vetrargráðun. Við gráðun fá iðkendur viðurkenningarskjöl til staðfestingar á gráðun sem nefnist kyu upp að svörtu belti. Við gráðun geta iðkendur skipt um lit á beltum en litaröðin er þannig: Hvítt, gult, appelsínugult, rautt, grænt, blátt, fjólublátt, 3x brúnt og svart. Innan svartabeltisins eru svo gráður sem nefnast dan gráður.

Félagsstarf og heimsóknir

Að venju var haldin furðufataæfing í kringum öskudaginn og er það ávallt mikið fjör og orðinn fastur liður hjá KAK. Það er alltaf gaman að brjóta upp hefðbundna kennslu.

Í byrjun mars fengum við góðan gest til okkar frá Neskaupstað þegar hann Einar Hagen sem var aðalkennari KAK um 10 ára skeið heimsótti okkur. Á æfinguna komu einnig nokkrir iðkendur frá öðrum félögum og var æfingin fjölmenn og skemmtileg.

Vorönnin endaði með skemmtilegu innanfélagsmóti 24. maí. Keppt var í kata og í einföldu kumite. Veitt voru þátttökuverðlaun fyrir alla og eftir mótið var pizzaveisla fyrir alla.



Á haustönninni sem hófst í lok ágúst var félagið með stóran og kátan byrjendahóp. Starfið fór fram með hefðbundum hætti. Haldnar voru stórar æfingabúðirnar Ærslagangur á Skaga (sem fjallað er betur um hér aftar).

Farnar voru nokkrar ferðir á æfingar til Reykjavíkur.

Í lok annar var einnig haldið innanfélagsmót þar sem keppt var í Kata og endað með leikjum og veitingum í anddyrinu að Vesturgötu.

Dómaramál og KAI

Við þátttöku á mótum á vegum karatesambands Íslands (KAI) er öllum félögum sem senda keppendur á mótin gert að senda dómara. Eins og er hefur KAK aðeins einn virkan dómara til að senda á mót. Það já-kvæða er að einn til viðbótar sóttir dómaranámskeið í KATA á árinu sem hefur þó ekki enn náð að klára full-naðarréttindi sem felast í því að dæma á mót. Áætlað er að það gerist á árinu 2018. Mikilvægt er að vinna áfram í að fá eldri iðkendur til að taka dómaraéttindi en KAI heldur reglulega námskeið fyrir dómara.

Æfingabúðirnar Ærslagangur á Skaga

Segja má að starfið á haustinu 2017 hafi hafist af krafti með æfingabúðunum Ærslagangi á Skaga sem að þessu sinni var haldið 15–17. september. Þátttaka á æfingabúðunum var mjög góð, um 60 iðkendur og þjálfarar frá sjö félögum. Á sama tíma var haldið karatemót á vegum KAÍ en vegna breytinga sem gerð var á mótadagskrá KAÍ varð rými fyrir eitt mót á haustönn. KAÍ sá að mestu um skipulag þess. Að þessu sinni gistu iðkendur í Grundaskóla en dagskrá var bæði þar og í Þorpinu, meðal annars hin ómissandi hárgreiðslukeppni. Þakkar KAK báðum þessum stofnunum kærlega fyrir jákvætt samstarf ásamt starfsfólki Íþróttamiðstöðvarinnar að Jaðarsbökkum.

Þjálfarar á æfingabúðunum voru þeir Pétur Freyr Ragnarsson frá Fylki og Vilhjálmur Þóruson frá KAK. Æfingarnar voru fjölbreyttar og skemmtilegar að mati iðkenda. Framlag þjálfara var í sjálfbóðaliðsstarfi og þakkar KAK þeim kærlega fyrir aðstoðina og velvild. Á æfingabúðunum þarf að huga að mörgu öðru en þjálfun. Allir þátttakendur eru í fullu fæði og því var þátttaka foreldra og stjórnar KAK mikilvæg við ýmis störf s.s. tengdum matarmálum.

Þátttaka og árangur á mótum 2017

Árið 2017 var merkilegt hjá KAK fyrir það að þrjú mót voru haldinn á vegum Karatesambandsins á Akranesi m.a. Íslandsmeistaramót barna og unglunga. Þetta sýnir að Akranes er góður kostur til mótahalds til jafns við höfuðborgina.

Bushidomót KAÍ

2. Bushido mótið var haldið hjá okkur á Akranesi í Íþróttahúsinu Jaðarsbökkum 21. janúar. Átti KAK 5 keppendur á mótinu en þeir höfnuðu flestir í 5–6. sæti. 3. Bushidomótið var haldið hjá Fylki þann 24. mars. Á mótinu kepptu þátttakendur frá KAK í KATA og kræktu Ólafur Ían Brynjarsson og Krístrún Bára Guðjónsdóttir sér í 3 sætið í sínum flokki.

Reykjavík International Game RIG



KAK sendi keppendur á RIG sem haldið var þann 25. janúar. KAK átti þar nokkra keppendur sem allir stóðu sig vel en Krístrún Bára náði að krækja sér í brons verðlaun í KATA í sínum aldursflokki.

Íslandsmeistaramót barna og unglunga í KATA

Mótið var haldið í Íþróttahúsinu að Vesturgötu á Akranesi. Þetta var umfangsmikið mót sem vel tókst til enda húsið vel til þess fallið að halda svona mót. Frá KAK voru keppendur á öllum aldurstigum og unnu unglingarnir okkar til verðlauna. Ólafur Ían fékk 3. sætið í sínum aldurshópi og Krístrún Bára varð Íslandsmeistari í Kata 14 ára stúlkna. Þá fengu þau Óli og Krístrún ásamt félaga sínum honum Kristni, silfurverðlaun í hópkaða 14—15 ára.

Íslandsmeistaramótið í Kata

Fjórir keppendur frá KAK tóku þátt í Íslandsmeistaramótinu í KATA sem haldið var 4. mars. Ekki tókst hópnum að ná sér í verðlaun en mikilvægt var þó að félagið ætti þátttakendur á mótinu og var góð stemmning í hópnum.

Haustmót KAI

Mótið var haldið að Jaðarsbökkum á Akranesi í tengslum við æfingabúðirnar Ærslagangur á Skaga. Á mótinu kræktu þeir Ólafur Ían og Kristinn Benedikt Gross Hannesson sér í silfurverðlaun og Krístrún Bára náði í bronsverðlaun í KATA, hvert í sínum aldursflokki.

Liðsstjórar eru nauðsynlegir á hverju móti og mikilvægir fyrir keppendur. Allir liðsstjórar KAK á árinu 2017 fá þakkið fyrir þeirra framlag.

Æfingabúðir í Noregi

Í lok júní fóru 6 þátttakendur frá KAK á æfingabúðir í Fredrikstad í Noregi. Æfingabúðirnar eru haldnar árlega og hafa iðkendur frá KAK tekið þátt í þeim með nokkuð reglulegu millibili. Safnað var fyrir ferðinni yfir veturinn m.a. með karatemaræðni. Skemmst er frá því að segja að allir skemmtu sér konunglega og tóku miklum framförum í karate. Það var niðurstaða allra sem fóru að það væri vilji til að taka þátt í æfingabúðunum á næsta ári. Fararstjóri og þjálfari KAK í ferðinni var Elsa María en einnig fór Vilhjálmur sem þjálfari fyrir hönd Breiðabliks. Einnig fóru nokkrir foreldrar með í ferðina og höfðu gaman af.

Reykjavíkurför 2. flokks

Eins og undanfarin ár fóru þjálfarar með hóp af krökkum úr flokki 2. á æfingabúðir hjá Scott Langley sem haldnar voru hjá Karatefélaginu Þórshamri. Skemmtilegur hópur krakka tók þátt í æfingunum og fóru því næst út að borða á Grillhúsinu, Sprengisandi. Ferðir sem þessar hafa reynst vel við að kynnast krökkunum enn betur og eru mikilvægt fyrir krakkana í KAK að hitta aðra iðkendur og að reyna sig hjá öðrum þjálfurum. Foreldrar aðstoðuðu við akstur en þátttaka foreldra í þessum viðburðum er ákaflega mikilvæg.

Karatekona KAK árið 2017

Í útnefningu til íþróttamanns Akraness tilnefndi Karatefélag Akraness Krístrúnu Báru Guðjónsdóttur, (1. KYU) sem Karatekonu ársins 2017. Krístrún Bára hefur æft Karate í mörg

ár þrátt fyrir ungan aldur. Krístrún Bára hefur verið mikilvægur keppandi Karatefélags Akraness um nokkurt skeið og verið meðal bestu keppenda í KATA í sínum aldursflokki. Tilnefningin er valin af yfirþjálfara félagsins í samvinnu við formann. Krístrún Bára er flott fyrirmynd fyrir framtíðar keppendur í KATA.

Fjármál og rekstur

Árið 2017 var rekstrarlega í nokkuð góðu jafnvægi hjá KAK. Félagið hefur mest af tekjum sínum af félagsgjöldum en auk þess fékk félagið styrki frá Akraneskaupstað og frá Landsbanka Íslands. Fyrir fámenn félög eins og KAK getur reksturinn verið mjög viðkvæmur og litið má út af bera. Þjálfunarkostnaður er ríflega helmingur af útgjöldum félagsins og því eru styrkir líkt og frá Akraneskaupstað mikilvægir til þess að hægt sé að halda úti góðum þjálfurum og greiða keppnisgjöld svo eitthvað sé nefnt.



Keilufélag Akraness

Keilufélag Akraness hóf starfs- og keppnisárið í janúar 2017. Stolt okkar alla daga eru unglingarnir og helgina 4. - 5. mars var **Íslandsmót unglunga**. Í 5. flokki pílta tók Matthías Leó Sigurðsson þátt en í þeim flokki fá allir þátttakendur viðurkenningu. Í 4. flokki átti ÍA enga stúlku í keppni en allir þátttakendur pílta komu frá ÍA. Þar var Tómas Garðarsson í 4. sæti, Ólafur Hjalti Haraldsson í 3. sæti, Hrannar Þór Svansson í 2. sæti og Róbert Leó Gíslason í 1. sæti. Í 3. flokki stúlkna mættu 3 til leiks. Sara Bryndís Sverrisdóttir hampaði Íslandsmeistaratitlinum, Harpa Ósk Svansdóttir KFA varð í 2. sæti og Eyrún Ingadóttir KFR í því þriðja. Í þriðja flokki pílta keppti Hlynur Helgi Atlason um 1. sæti við Hinrik Óla ÍR. Hlynur stóð sig vel í undankeppninni en varð að láta í minni pokann eftir drengilega keppni. Arnar Daði Sigurðsson ÍA varð Íslandsmeistari í 2. flokki pílta. Hann vann einnig Opinn flokk og því voru hann og Elva Rós Hannesdóttir ÍR tvöfaldir Íslandsmeistarar í 2. flokki og Opnum flokki. Í 1. flokki pílta náði Ásgeir Darri Gunnarsson 2. sæti.

Dagana 11. – 12. mars fór fram **Íslandsmót með forgjöf**. ÍA eignaðist ekki Íslandsmeistara þar þetta árið en Matthías Leó Sigurðsson ÍA spilaði 4 leiki og setti Íslandsmet í einum, tveimur, þremur og fjórum leikjum. Leikir Matthíasar voru 132, 196, 142 og 136 og heildarskorið 606. Íslandsmetin eru sett í 5. flokki en í honum eru leikmenn 10 ára og yngri.

Íslandsmót Öldunga var haldið helgarnar 18. - 19. mars og 25. – 26. mars. Eftir spennuþrunginn leik í bæði flokki kvenna og karla kom í ljós í 10 ramma hver bæri sigur úr býtum. Í kvennaflokki voru það Ragna Matthíasdóttir KFR sem vann Jónu Gunnarsdóttur KFR. Í karlaflokki var það Guðmundur Sigurðsson sem vann Kristján Þórðarson KR.

9. – 16. apríl fór fram **Evrópumót unglunga** í keilu í Helsinki í Finnlandi. Guðmundur Sigurðsson var annar landsliðsþjálfaranna sem fylgdu unglingunum á mótið. Jóhann Ársæll Atlason fór einn keppenda frá ÍA og að lokinni keppni endaði hann í 34. sæti með 197,6 að meðaltali. Það var besti árangur íslensku keppendanna.

Lokaumferð í **Heimsbikarmóti AMF** fór fram helgina 13. – 14. maí. Matthías Leó Sigurðsson ÍA setti tvö ný Íslandsmet í flokki 10 ára og yngri. metin voru í 5 leikjum (722) og í 6 leikjum (857).

Deildarkeppni KLÍ 2017

ÍA átti tvö lið í þriðju deild karla og enduðu þau hnífjöfn í 10. og 11. sæti með 102, 5 stig.

Í annarri deild karla var ÍA með eitt lið og eftir veturinn enduðu þeir í 8. sæti með 103, 5 stig.

Í fyrstu deild karla var ÍA með eitt lið, ÍA-W sem endaði í 9. sæti með 69, 5 stig og féll því niður um deild.

Endurnýjun á þjálfarasamningi

5. júní var undirritaður samningur við Guðmund Sigurðsson ÍA og Stefán Claessen ÍR um þjálfun Afrekshóps unglunga til loka ársins 2018.

Dagana 13. – 21. ágúst fóru Björn Sigurðsson KFR og Guðmundur Sigurðsson ÍA á **Heimsmeistaramót 50+** í München í Þýskalandi. Eftir margra daga keppni og oft erfiðar

aðstæður endaði Guðmundur í 101. sæti með 179 pinna að meðaltali en Björn í 119. sæti með 173 að meðaltali. Alls voru 162 karlar og 110 konur sem tóku þátt í mótinu.



Irish Open Youth var haldið fyrstu helgina í nóvember, í Sillorgan-hverfinu í Dublin á Írlandi. Ísland átti þar 4 keppendur, þá Jóhann Ársæl Atlason, Ólaf Svein Ólafsson og Matthías Leó Sigurðsson úr ÍA og Hinrik Óla Gunnarsson úr ÍR.

Jóhann og Óli kepptu í flokki 16-19 ára og voru í yngri kantinum þar sem allir fæddir fyrir 1. september færðust upp um flokk. Því var ekki auðvelt að etja kappi við sér eldri og reyndari. Jóhann komst í undanúrslit og var þá í 16. sæti. Í undanúrslitum voru spilaðir 3 leikir til viðbótar og endaði Jóhann í 12. sæti en einungis 4 komust áfram í úrslit. Ólafur Sveinn endaði í 23. sæti. Hinrik Óli spilaði í flokki 12-16 ára og stóð sig vel, endaði í 27. sæti. Til gamans má geta að Hinrik keppti í dansi í Dublin áður en keilumótið byrjaði og vann þar til tvennra verðlauna. Greinilega fjölhæfur íþróttamaður þar á ferð.

Matthías Leó keppti í flokki undir 12 ára. Hann komst í undanúrslit eftir að hafa verið í 2. sæti eftir 12 leiki. 12 efstu spiluðu í undanúrslitum þrjá leiki til viðbótar og þar náði Matthías öruggri forystu. Í úrslitum voru svo spilaðir 3 leikir þar sem spilað var maður á mann, fjórir efstu. Matthías vann alla sína leiki og þar með sinn flokk. Matthías hlaut kúlu í verðlaun fyrir 1. sæti en var einnig með hæsta leikinn í sínum flokki og fékk 25 evrur fyrir það. Frábær árangur hjá Matthías.

Á **Íslandsmóti í tvímenningi** þann 10. desember setti Matthías Leó Sigurðsson ÍA fjögur íslandsmet í hæstu leikjaröð unglunga, 5. flokki pílta 10 ára og yngri.

Voru þetta met:

Í einum leik þar sem að hann spilaði 223 og var það bæting á fyrra meti sem að hann átti um 2 pinna

Í fjórum leikjum þar sem hann spilaði 637, og var það bæting um 31 pinna frá fyrra meti sem hann átti

Í fimm leikjum þar sem hann spilaði 781, og var það bæting um 59 pinna frá fyrra meti sem hann átti

Í sex leikjum þar sem hann spilaði 995 og var það bæting um 138 pinna frá fyrra meti sem hann átti.

Fyrir átti hann met í tveimur og þremur leikjum.

Matthías spilaði í tvímenning með föður sínum Sigurði Guðmundssyni og enduðu feðgarnir í 8. sæti á mótinu.

Ef rétt er tekið saman þá hefur Matthías Leó Sigurðsson alls sett 9 Íslandsmet á árinu. Því var ansi súrt í broti að mega ekki nefna hann sem keilumann ársins hjá Keilufélagi Akraness en skv. tilmælum skulu börn 14 ára og yngri ekki tilnefnd.

Konur úr Keilufélagi Akraness hófu aftur keppni í deildarkeppni kvenna í september og hófu leika í 2. deild.





Klifurfélag Akraness

Klifurfélag ÍA stendur á tímamótum og fagnar fimm ára afmæli á árinu 2018. Gaman er að líta til baka og rifja upp þegar æfingar hófust í kjallaranum að Vesturgötu með 3-4 iðkendum. Í dag eru á sjötta tug klifrara sem mæta á æfingar hjá félaginu.

Klifurfélag ÍA hóf árið 2017 af krafti og hófust æfingar 12. janúar. Sem fyrr var boðið upp á klifur fyrir allan grunnskólaaldur og vel mætt í alla hópa. Auk þeirra laumuðu nokkrir eldri klifrarar sér á vegginn. Iðkendafjöldi hefur aukist jafnt og þétt og síðustu tölur telja á sjötta tug klifrara sem brölta á litla veggnum okkar.

Á haustdögum var boðið upp á nýbreytni með tímum fyrir fullorðna klifrara en það hefur lengi verið draumur þjálfara félagsins að fjölga eldri klifurum hér á Akranesi. Eins og gefur að skilja hafa aðstöðumál nokkuð um það að segja en við létum samt reyna á það og það hefur gengið þokkalega.

Í mars var tekið á móti hóp fjölbrautanema sem prófuðu að klifra á flísinni og í sumar var þjálfari félagsins á þönum upp í Akrafjalli með hópa frá Alþjóðamóti Skáta.

Þar var mikið klifrað með misjöfnum árangri en sýndi kannski best hve gott svæðið er fyrir hópa nýrri klifrara að byrja á.

Klifurveggir voru settir upp á leikskólunum Garðaseli og Akraseli hér á Akranesi við mikla hrifningu yngstu kynslóðarinnar. Á Garðaseli voru settar upp sex leiðir til að byrja með þar sem litagleðin var í fyrirrúmi. Á Akraseli voru sjö klifurleiðir settar upp sem hver og ein tekur mið af aldri og þroska barnanna.

Klifurfélaginu bauðst í sumar að sjá um dósagám tjaldsvæðisins og sáu stjórnarmenn og foreldrar iðkenda um að tæma gáminn og koma dósunum í endurvinnslu Fjöliðjunnar. Ágóði af söfnuninni kemur í góðar þarfir, m.a við frekari kaup á búnaði og gripum.

Laugarvatn

Hópur ÍA klifrara gerðu sér ferð á Laugarvatn til æfinga og skemmtunar. Með í för voru nokkrir hressir klifurpabbar sem sáu um að halda algjörum lágmarksaga á hópnum. Björgunarsveitin Ingunn lánaði aðstöðu til æfinga, en það verður að viðurkennast að sú aðstaða hefur séð betri daga og þar mætti taka hressilega til og laga annars fínan klifurvegg.

Eftir hressilega gistinótt og morgunmat var farin laugarferð í Fontana Spa og því næst haldið á Lyngdalsheiði í átt að Gjábakahelli. Förin stöðvaðist þó nokkrum kílómetrum frá hellinum þar sem heiðin var nokkuð þung yfirferðar. Þá var einfaldlega brugðið á það ráð að ganga síðasta spölin að hellismunnum, í gegnum hellinn og aftur til baka í rútuna. Krakkarnir voru óvenju stillt á heimleiðinni og heyrðist ekki mikið til þeirra. Vel heppnuð og skemmtileg ferð í alla staði.

Mótaröð og innanfélagsmót á vorönn

ÍA klifrarar tóku þátt á öllum mótum sem fram fóru á árinu og stóðu sig með mikilli þrýði og oftast en ekki mátti sjá ÍA merki á verðlaunapalli. Skemmtilegt innanfélagsmót var haldið 25. mars og var vel mætt. Íslandsmeistarmótaröðin hélt áfram eftir jólafrí og að loknum fjórum grjótglimumótum stóðu Skagamenn á verðlaunapalli í flokki 13-15 ára þegar Brimrún Eir landaði silfri og tryggði sér þátttökurétt á Bikarmóti Íslands. Þar háði hún harða baráttu við Gabríelu Einarsdóttur um gullið var einni tilraun frá því að tryggja sér Bikarmeistartitli. En gott silfur gulli betra og Skagamenn stoltir af sínum kliflara.



Klifurafrek utandyra

Hefð hefur myndast fyrir klifri í Akrafjalli á sumardaginn fyrsta og í ár varð engin breyting á. Grjótharðir ÍA klifrarar mættu í Akrafjallið og bröltu þar í línu í snjókomu, bálroki, og síðar logni og síðdegissól. Svona er Akrafjallið skemmtilegt. ÍA klifrarar hökuðu við nokkrar skemmtilegar leiðir á árinu. Brimrún Eir átti fínt útiklifurár þótt stutt hafi verið. Hún byrjaði á því að leiða hina klassísku "Eilífur er ekki hér" (5.8), sem hún skildi eftir frá fyrra ári, og bætti svo við "Náttgagninu" (5.6). Næst heimsótti hún Munkapverá í Eyjafirði og klifraði "Sófus" (5.8) á meðan undirritaður brölti upp "Tímaglasið" (6c / 5.11a). Í Pöstunum undir Eyjafjöllum klifraði hún Sóley (5.8) og á Hnappavöllum klifraði hún svo leiðirnar "Mona Lís" (5.8), "Argasta snilld" (5.9), "Græna byltingin" (5.9) og "Hellisbúinn" (5.10a).



Sylvía Þórðardóttir klifraði yngst klifrara "Upp í hellinn" (5c), sem er fyrsta grjótglímuleiðin sem opnuð var og skrásett í fjallinu svo undirritaður viti til. Einnig opnaði hún nýja grjótglímuleið í fjallinu sem hún gaf nafnið "Whip, Whip", sem er skemmtileg leið fyrir yngri klifrara að glíma við. Sylvía leiddi einnig nokkrar leiðir á árinu, ""Sætur álfur" (5.4), og "Írskir dagar" (5.4) í Akrafjalli, auk þess sem hún var fyrst til að leiða nýja leið í Akrafjalli, "Turninn" (5.5), sem er skemmtileg þriggja bolta leið norðan við Berjadalsána. Á Hnappavöllum leiddi hún "Nýfundnaland" (5.4) og fór "Út um grænar grundir" (5.5) í ofanvaði.

Í Akrafjalli klifraði Gyða Alexandersdóttir "Sæta álfinn" (5.5) í ofanvaði, Kolbeinn Brynjólfsson klifraði "Varðmenn spýjunnar" (5.5) einnig í ofanvaði og Ester Guðrún Sigurðardóttir (þá 7 ára) brótti hálfa leið upp bæði "Sæta álfinn" og "Varðmenn spýjunnar".

Að lokum endurtóku þrír reykvískir klifrarar "Stjakann" (7a+ / 5.12), sem er erfiðasta línuleiðin í fjallinu.

Hér vantar örugglega einhver klifurafrek á blaðið en minni þjálfara takmarkast við því miður við þessi afrek. Með hækkandi sól verður aftur byrjað að klípa í berg utandyra og þá má gera ráð fyrir að ÍA klifrarar setji mark sitt við fleiri klifurleiðir.

Akrafjall

Akrafjall hélt áfram að gefa af sér og nú hafa verið útbúnar 14 klifurleiðir í hömrnum þar sem ýmist er hægt að klifra í ofanvaði eða leiða. Klifurfélagið fjárfesti í veglegri borvél sem hefur nýst mjög vel. Undirritaður boltaði og frumfór nokkrar skemmtilegar línuleiðir fyrir á vorinu; "Skátamót" (5.5), "Mulningur" (5.5), "FlórídaSkaginn" (5b / 5.7). "Lýsisperlan" (5.9 / 5c), "Sólarmegin" (6b / 5.10c) og "Bremsufarið" (6b / 5.11b)

Af grjótglímuleiðum sem opnaðar voru má helst nefna "The Jesus Christ Pose" (7A+), sem undirritaður opnaði á vordögum eftir fjögurra ára glímu. Leiðin er önnur erfiðasta grjótglímuleiðin á Akrafjalli en að fleiri slíkar leiðir gefa svæðinu nauðsynlega breidd svo klifrara á mismunandi getustigi hafi ástæðu til að heimsækja það.

Norðurfjörður

Auk þess að byggja upp klifursvæðið í Akrafjalli gerðu fulltrúar ÍA góða ferða á Norðurfjörð fyrir vestan, en þar eru klifrarar byrjaðir að vinna í nýjum leiðum og möguleikarnir miklir í háum hömrnum. Þjálfari félagsins boltaði við annan mann fyrstu spönn í um 70 metra leið í hömrnum. Stefnan er tekin vestur með vorinu til að ljúka seinni spönninni og hefja vinnu við fleiri leiðir.

Nordic Youth Camp

Klifurfélag ÍA tók þátt á samnorrænum æfingabúðum sem fram fóru á Íslandi þetta árið. Þar hittust um 60 ungir klifrarar ásamt þjálfurum og klifruðu saman í viku. Fyrstu fimm dagar ferðarinnar voru á Hnappavöllum þar sem slegið var upp tjaldbúðum, í ausandi rigningu. Það rættist þó fljótt úr veðri og næstu fimm daga var klifrað frá morgni til kvölds, eða þar til blæddi vel úr fingurgómum. Stutt æfingahlé var gert miðja vegu og farið í skoðunarferð um Öræfasveitina. Hápunktur ferðarinnar fyrir margar var sjálfsagt að komast í sturtu í



sundlauginni á Hellu á heimleiðinni enda flestir farnir að lykta eftir fimm daga klifur og tjaldbúðir. Síðustu tvo dagana var svo klifrað og leikið sér í Björkinni í Hafnarfirði og í Klifurhúsinu. Brimrún Eir fór fyrir hönd ÍA ásamt þjálfara félagsins, Valgerði og Sylvíu. Æfingabúðirnar heppnuðust einstaklega vel og var þetta mikil lærdómsferð fyrir íslensku klifrarana.

Mótaröð 2017-2018

Mótaárið byrjaði eftir eftir sumarfrí með Haustfagnaði Klifurhússins. Hátt í tuttugu ÍA klifrarar tóku þátt og skemmtu sér konunglega. Í flokki 11-12 ára stúlkna sigraði Sylvía og í drengjaflokki tylltu þeir Hjalti Rafn og Rúnar sér í annað og þriðja sæti. Brimrún Eir hafnaði svo í öðru sæti á sínu fyrsta ári í 16-19 ára flokki.

Stórskemmtilegt og hrikalegt Hrekkjavökumót ÍA var haldið í lok október og fylltu allskyns óvæur og púkar klifurvegginn. Í nóvember var fyrsta mótið af þremur til Íslandsmeistaratitils haldið og byrjaði það vel fyrir ÍA. Brimrún Eir sigraði í 16-19 ára flokki, Sylvía hafnaði í öðru sæti í 11-12 ára flokki og Hjalti Rafn í því þriðja í sama aldursflokki.

Íslandsmeistaramótið í línuklifri var haldið í Björkinni í Hafnarfirði í byrjun desember. Mótið var ágætis skemmtun en það hefur ekki verið mikil hefð fyrir línuklifurkeppnum hér á landi. einfaldlega vegna þess að viðunandi aðstaða er ekki fyrir hendi. En hvað um það. Brimrún Eir sigraði í flokki 16-19 ára og landaði þar með fyrsta Íslandsmeistaratitli ÍA í klifri. Úlfheiður Embla Ásgeirsdóttir tók þátt á sínu fyrsta móti og hafnaði í öðru sæti og fékk silfur fyrir vikið. Sylvía hafnaði í 2-3 sæti í stúlknaflokki og Hjalti Rafn í því þriðja.

Jólamót ÍA í klifri var haldið í desember og heppnaðist mjög vel. Við munum án ef halda svona mót aftur.

Klifrari ársins 2017

Klifrari ársins er Brimrún Eir Óðinsdóttir sem tryggði ÍA fyrsta Íslandsmeistaratitilinn í klifri. Í stuttu máli er Brimrún Eir hörkudugleg, samviskusöm og flott fyrirmynd fyrir ungu klifrarana okkar. Lengri útgáfu má finna á netinu. Klifurfélag ÍA óskar Brimrúnu Eir til hamingju með góðan árangur.

Knattspyrnufélagið Kári

Stjórn Kára 2016

Á aðalfundi knattspyrnufélags Kára 2017 var stjórn Kára skipuð og samþykkt: Sveinbjörn Geir Hlöðversson formaður, Eypór Ólafur Frímannsson varaformaður, Valdimar Kristmunds Sigurðsson gjaldkeri, Guðmundur Páll Jónsson ritari, Valgeir Valdi Valgeirsson meðstjórnandi, Arnar Freyr Sigurðsson varamaður og Jón Þór Hauksson varamaður. Fram undan var krefjandi verkefni sem var þriðja ár félagsins í sterkri 3. deild. Ákveðið var að breyta umgjörð félagsins frá því í fyrra og var ákveðið að hverfa frá því að vera með þriggja manna þjálfarateymi sem væri flakkandi á milli Kára og 2. flokks og hafa í staðinn einn aðalþjálfara sem myndi hafa fullan fókus á liði Kára, en að auki var ákveðið að gera þjálfarastarf Kára að heilsársstarfi sem og að styrktarþjálfari kæmi að þjálfun liðsins. Lúðvík Gunnarsson sem var einn af þremur í þjálfarateymi Kára 2016 var kynntur sem aðalþjálfari liðsins, en Lúðvík er gríðarlega metnaðarfullur þjálfari sem hentar félaginu fullkomlega og með brennandi áhuga á því að vinna að frekari árangri með félagið. Hjalti Rúnar Oddsson styrktarþjálfari KFÍA var svo fenginn til að sjá um skipulag og uppbyggingu á styrktarþjálfun Kára á undirbúningstímabilinu. Eins og oft áður að þá var ljóst að félagið þyrfti að gefa örlítið í varðandi fjármögnun félagsins enda mikið af ferðalögum fram undan og breytingar á stöðu þjálfara. Samstarf Kára og KFÍA var endurnýjað snemma árs enda frábært verkefni sem hefur vakið athygli víða og fengið mikið hrós frá bæði almenningi og fólki í íþróttaheiminum. Stjórnin hélt áfram viðskiptasambandi sínu við Icepharma sem aðalbirgi Kára varðandi Nike fatnað og íþróttabúnað.

Fjárafilanir og fjárhagsleg staða

Það var ljóst í upphafi árs að félagið ætlaði sér stærri hluti en áður í 3. deild og takmarkið einfalt, en það var að enda sem sigurvegarar í 3. deild. Eins og áður að þá var mikilvægt að félagið væri vel rekið og að fjáraflanir myndu ganga vel. Stjórn Kára ákvað að halda áfram að bjóða til sölu valfrjálsa aðgangsmiða á heimaleikjum félagsins að upphæð 1.000 kr. þar sem innifalið yrði kaffi, bakkelsi og happdrætti, en að auki var ákveðið að gefa út ársmiða Kára sem seldir yrðu á 7.000 kr. og myndu gilda á alla heimaleiki Kára. Káramenn fengu nokkur góð fjáröflunarverkefni frá Íþróttabandalaginu sem kom sér mjög vel fyrir félagið. Stjórn Kára samdi við nokkur frábær fyrirtæki í bænum og ber þar helst að nefna Toppútlit, Jötunstál, Landsbankann, VÍS, GJ Málun, Símann hf., Vigni G. Jónsson og síðast en ekki síst Skagaverk sem var okkar aðalstyrktaraðili og kom Káramönnum á milli staða í sumar með miklum myndarbrag. Káramenn sáu sjálfir um kaup á æfingafatnaði sínum með því að greiða fyrir fatnaðinn á heildsöluverði. Stærsta tekjulind Kára á árinu var eins og oft áður Happdrætti Kára sem fór fram í byrjun árs 2017 en metnaður var settur í að gera vinningaskrá Kára glæsilegri en nokkru sinni fyrr og takmarkið sett á að heildarverðmæti vinninga yrði að minnsta kosti 1.5 milljón til að hægt væri að selja miðana á hærra verði en áður og ná inn meiri tekjum. Staða félagsins á árinu í heild var nokkuð góð og var ágætis afgangur í lok árs. Reksturinn var nokkuð þægilegur og munaði miklu árangur Kára í Bikarkeppni KSÍ sem skilaði félaginu góðri upphæð

fyrir svokallaðan sjónvarpspott. Framtíðarstaða félagsins er góð, en félagið þarf þó að gefa verulega í varðandi fjármögnun með veru sinni í næstu deild fyrir ofan að ári.



Iðkendafjöldi og þjálfaramál

Fjöldi iðkenda á árinu var breytilegur eftir tímabilum, en ólíkt fyrri árum var meiri kjarni sem myndaðist strax í upphafi sem hélt út tímabilið og má þakka það heilsársstarfi þjálfara Kára og meiri metnaði félagsins. Í upphafi árs voru líklega um 40 strákar sem mættu að einhverju leyti á æfingar félagsins, en mismikið. 26 strákar tóku þátt í fótboltnet mótinu sem hófst í byrjun febrúar og 26 strákar tóku þátt í Lengjubikarnum og voru þar meðtaldir nokkrir 2. flokks strákar. Gríðarlega sterkur og stór hópur reynslumikilla leikmanna með góða reynslu í efstu tveimur deildunum bættist í hópinn á vormánuðum og átti það eftir að hafa mikil og góð áhrif á liðið. Fjöldi iðkenda sem tók þátt í Bikarkeppni KSÍ og Íslandsmótinu 3. deild voru um 30 strákar, bæði Káramenn og 2. flokks strákar. Eins og áður hefur komið fram að þá var ákveðið að búa til eina heilsársstöðu fyrir þjálfara Kára, sem og bæta við styrktarþjálfara. Lúðvík Gunnarsson sá um þjálfun og stýringu liðsins, en Brandur Sigurjónsson mætti með honum til aðstoðar stærsta hluta tímabilsins í sjálfboðavinnu. Hjalti Rúnar Oddsson sá svo um styrktarþjálfun liðsins.

Helstu viðburðir

Stærsti viðburðurinn á árinu var klárlega þátttaka félagsins á Íslandsmótinu 3. deild, en þar að auki tók félagið þátt Borgunarbikarnum sem er bikarkeppni KSÍ, Lengjubikarnum b-deild og fótboltnet mótinu c-deild. Að auki lék félagið nokkra æfingaleiki á árinu. Ýmislegt var gert til að halda uppi góðum félagsanda í félaginu og var til að mynda haldið liðspartý Kára hjá formanni félagsins á vormánuðum sem og önnur partý, liðið nýtti sér líka langar heimferðir í að halda uppi léttri rútustemmningu ásamt góðum snæðingi þegar það hentaði. Eftir glæsilegt gengi liðsins á árinu var ákveðið að slá upp góðu bikarapartýi þar sem var farið í hina ýmsu leiki og skemmt sér vel. Að lokum var svo haldið lokahóf félagsins í hátíðarsal ÍA þar sem Galito sá um veislumatinn. Tilkynnt var svo um kosningu leikmanna og þjálfara á besta leikmanni ársins sem og efnilegasta leikmanni ársins, en aldrei áður í sögu Kára hafa svo margir leikmenn komið



til greina og kosningin verið svona jöfn. Úrslitin komu samt fáum á óvart, en fyrir valinu að þessu sinni var Alexander Már Þorláksson leikmaður ársins, en hann var að auki markahæsti leikmaður liðsins sem og deildarinnar með 17 mörk í 18 leikjum. Kristófer Daði Garðarsson var svo valinn efnilegasti leikmaður liðsins.

Þátttaka og gengi í mótum

Mikil spenna var fyrir gengi Kára á árinu enda liðið búið að vera í toppþrjátíu á einhverjum tímamarki síðustu 2 ár. Koma fjölda reynslubolta jók spennuna fyrir sumarið og í spá fobolti.net að þá var Kára og Þrótti Vogum spáð efstu tveimur sætum með afgerandi hætti, en Þrótti sigri með örfáum stigum fleiri en Kári. Breyting á þjálfun liðsins hafði skilað sér einnig í væntingarnar og árangur liðsins í upphafi undirbúningstímabils framúrskarandi. Káramenn byrjuðu undirbúningstímabilið mjög vel og höfðu unnið alla æfingaleiki sem liðið tók þátt í. Fyrsta mót vetrarins var fobolti.net mótið c-deild, en liðið var í riðli með Tindastól, Hamri og Berserkjum. Káramenn enduðu riðilinn á toppnum með fullt hús stiga og heilum 6 stigum á undan næsta liði. Liðið spilaði svo úrslitaleik mótsins gegn Víði Garði í Akraneshöll í hörkuleik, en Káramenn sýndu þar yfirburði sína og sigruðu að lokum með sannfærandi 4-1 sigri og liðið því fobolti.net meistari í annað sinn á þremur árum.

Næsta mót var svo Lengjubíkarinn b-deild, en það mót innihélt töluvert fleiri andstæðinga. Káramenn voru í riðli með Aftureldingu, Þrótti Vogum, Víði Garði, KFG og KH. Káramenn enduðu í 3. sæti eftir að hafa tapað naumlega gegn Víði Garði á útivelli 1-2 og misstu þar með af toppsætinu. Liðið vann 2 leiki, gerði 2 jafntefli og tapaði einum leik og endaði því með 8 stig og ljóst að liðið kæmist ekki í úrslitakeppni mótsins.

Næst var komið að bikarkeppni KSÍ eða Borgunarbikarnum. Mótherji Kára í fyrsta leik var 4. deildarlið Léttis úr Breiðholti, en spilað var í Akraneshöll. Káramenn voru töluvert betri aðilinn og sigruðu að lokum 6-2 og voru þar með komnir í 2.umferð. Káramenn mættu þar 4. deildarliði Augnabliks, en liðið var mikið á milli tannana á þeim tíma enda mikið af fyrrverandi leikmönnum meistaraliðs Breiðabliks frá 2010 búnir að skipta yfir í liðið. Mikið jafnræði var á liðunum í leiknum og mikil barátta, en á 67 mínútu sauð upp úr og endaði það með að 2 leikmenn Augnabliks sáu rautt og liðið allt í einu tveimur færri, eftirleikurinn var Káramönnum auðveldur og 3 mörk undir lok leiks sendu Augnablik úr keppni og Káramenn áfram í 32-liða úrslit keppninnar. Mikil spenna var þegar dregið var í 32-liða úrslitum enda öll stóru liðin úr Pepsi-deild komin í hattinn. Niðurstaðan þínu svekkjandi, en það var útileikur gegn mjög sterku 1. deildarliði Selfoss. Ljóst að Káramenn þyrftu að taka honum stóra sínum til að eiga möguleika á að henda í óvænt úrslit og slá Selfyssinga út. Leikurinn byrjaði ansi illa fyrir Káramenn, en á fyrstu 15 mínútum leiksins höfðu Selfyssingar skorað 2 mörk og útlitið slæmt, en Káramenn eru þekktir fyrir að hætta aldrei og smátt og smátt komust þeir betur og betur inn í leikinn, á 21 mínútu náði Andri Júlíusson að minnka muninn með góðu marki og leikurinn orðinn galopinn aftur. Staðan í hálfleik 2-1 fyrir Selfoss. Káramenn gáfu Selfyssingum góðan leik þrátt fyrir að spila 2 deildum neðar og á 61 mínútu skoraði Arnór Snær Guðmundsson gott mark og jafnaði fyrir Káramenn. Mikið jafnræði var með liðunum það sem eftir lifði leiks, en 2

mínútum fyrir leikslok náðu Selfyssingar að knýja fram sigur með skallamarki af stuttu færi og þáttöku Kára þar með lokið í Bikarkeppni KSÍ 2017 eftir mikla og góða baráttu gegn sterku 1. deilarliði Selfoss.

Þann 13. maí tók svo alvaran við, Íslandsmótið í 3. deild. Markmið Kára var klárt, en það var einfaldlega að standa uppi sem sigurvegari í deildinni. Liðið stimplaði sig svo sannarlega vel inn í mótið, en liðið sigraði sprækt lið Vængja Júpíters 3-1 í fyrsta leik. Næsti leikur var svo útileikur gegn Berserkjum, en eftir að hafa lent marki undir að þá komu Káramenn til baka og skoruðu samtals 9 mörk og Káramenn komnir á topp deildarinnar. Næsti leikur var sannkallaður toppleikur, en þá tóku Káramenn á móti Þrótti Vogum á heimavelli, en þessum liðum hafði verið spáð efstu tveimur sætunum með miklum yfirburðum. Þrátt fyrir ítrekaða sóknartilburði og verandi miklu meira með boltann að þá náðu Káramenn ekki í gegnum sterka vörn Þróttara sem á móti náðu að pota inn einu marki sem skilaði þeim 0-1 sigri í hörkuleik. Káramenn létu ekki deigan síga og í næstu þremur leikjum komu 3 sannfærandi sigrar gegn KF á heimavelli 6-1, KFG á útivelli 1-5 og Reyni S. á heimavelli 4-1. Þessir leikir skiluðu Kára toppsætinu. Við tók frekar dræmur kafli hvar varðar stigasöfnun, en liðið gerði 3 jafntefli í næstu 3 leikjum, en það var gegn Einherja á útivelli, Ægi á heimavelli og gegn Dalvík/Reyni á útivelli og toppbaráttan allt í einu orðin æsisþennandi. Ljóst var að Káramenn þyrftu að spýta í lófana ef þeir ætluðu ekki að missa af toppbaráttunni og markmiði sínu í deildinni. Það gekk svo sannarlega eftir og liðið náði 5 sigurleikjum í röð gegn Vængjum Júpíters, Berserkjum, Þrótti Vogum, KF og KFG og tylltu sér á þægilegan stað á toppi deildarinnar. Það var ljóst að þegar 4 umferðir voru eftir að það þyrfti að ganga ansi illa það sem eftir var ef Káramenn ætluðu ekki að klára deildina með sigri. Smá hikst kom þó á Káravélina í næsta leik, óvænt 2-2 jafntefli á útivelli gegn Reyni Sandgerði sem voru svo gott sem fallnir úr 3.deild. Það var hinsvegar ljóst eftir þá umferð að Káramönnum dyggði sigur gegn Einherja á heimavelli þegar 3 umferðir voru eftir til að tryggja sér Íslandsmeistaratitilinn í 3. deild. Mikil spenna var í loftinu fyrir þennan leik og ljóst að Káramenn ætluðu sér sigur í deildinni. Einherjamenn baráttuglaðir eins og alltaf, en Káramenn töluvert betra liðið og svo fór að Káramenn lönduðu 2-0 sigri og titilinn í höfn þrátt fyrir að 2 leikir væru eftir. Káramenn áttu eftir að sigra Ægi 3-4 á útvelli í stórskemmtilegum leik eftir að hafa lent 3-0 undir og svo mæta Dalvík/Reyni í lokaleiknum þar sem Íslandsmeistaratitilinn yrði afhentur með pomp og prakt. Mikil spenna var í Káramönnum í lokaleiknum og eftirvæntingin mikil eftir að taka á móti bikarnum, en Káramenn létu þó spennuna ekki fara með sig og þrátt fyrir að hafa lent marki undir að þá komu þeir til baka í lokaleiknum og sigruðu að lokum 6-1 og innsigluðu þar með frábært tímabil sitt í 3.deild þar sem þeir unnu deildina með yfirburðum eða með 9 stig í forskot og 23 mörkum í plús betur en næsta lið. Guðni Bergsson formaður KSÍ og Gísli Gíslason stjórnarmaður afhentu Káramönnum sigurlaunin í 3. deild við mikinn fögnuð stuðningsmanna. Stórkostlegu sumri Káramanna lokið og stóri bikarinn kominn hús. Besti

árangur Knattspyrnufélags Kára frá upphafi staðreynd og liðið búið að vinna sér sæti í mjög krefjandi 2. deild að ári.



Lokaorð og þakkir

Það er ljóst að áhugi heimamanna á liði Kára hefur aukist ár frá ári og í takt við aukinn árangur liðsins og það hefur skilaði sér í frábærri mætingu á heimaleiki liðsins og stuðningsmenn Kára mjög líklega með bestu mætingu allra liða í deildinni. Það er von okkar í stjórn Kára að félagið eigi eftir að vaxa og dafna áfram á næstu árum og að bæði rekstur félagsins og leikmannahópur Kára muni styrkjast enda leikmannakjarni Kára orðinn mjög stór og sterkur ásamt því að mikill efniviður er á leið sinni upp yngri flokka KFÍA og ljóst að margir þeirra munu njóta góðs af veru Kára hér á Akranesi.

Knattspyrnufélagið Kári vill svo enda á því að þakka öllum þeim sem komu að starfsemi félagsins með einum eða öðrum hætti kærlega fyrir stuðninginn. Félagið vill senda sérstakar þakkir til helstu styrktaraðila félagsins sem og þeim frábæru fyrirtækjum og einstaklingum sem hjálpuðu okkur við gerð happdrættis Kára 2017, að lokum sendum við frábærar kveðjur til þeirra sem mættu á völlinn og studdu Kára á árinu 2017 og vonum við að við munum sjá sem flesta aftur á nýju tímabili í nýrri deild.



Knattspyrnufélag ÍA

Almennt

Fótboltaárið 2017 var minnisstætt fyrir margra hluta sakir. Kvennalandsliðið lék í úrslitakeppni EM í Hollandi þriðja skiptið í röð og karlalandsliðið tryggði sér svo rétt til að spila í úrslitakeppni HM í Rússlandi 2018 í fyrsta skipti. Þessi dæmi sanna hvernig knattspyrnan á Íslandi hefur tekið miklum framförum á liðnum áratugum og er útlit fyrir að hún haldi áfram að þroskast og dafna á komandi árum.

Um áramótin 2017-2018 voru iðkendur í Knattspyrnufélagi ÍA um 500 talsins á breiðu aldursbili og er félagið stærst þeirra íþróttafélaga sem eru undir merkjum Íþróttabandalags Akraness. Aðstaða til knattspyrnuíðkunar á Akranesi er góð og er hún öll á svæði félagsins á Jaðarsbökkum þar sem eru opin úti æfingasvæði, knattspyrnuhöll og aðalleikvangur.

Árið 2017 var viðburðaríkt fyrir Knattspyrnufélag ÍA. Meistaraflokkur karla spilaði á köflum ágætan fótbolta en því miður endaði liðið í neðsta sæti efstu deildar og féll niður í Inkasso-deildina. Meistaraflokkur kvenna endaði í 5. sæti í 1. deild kvenna og spilaði góðan fótbolta stærsta hluta sumarsins. Ágætur árangur náðist hjá yngri flokkum hjá báðum kynjum. Meðal annars náði varð B lið 2. flokks karla í öðru sæti í Íslandsmótinu og nokkrir aðrir flokkar voru nálægt því að komast í úrslitakeppni í sínum aldursflokkum.

Samtals voru leiknir 474 opinberir leikir á árinu 2017 í öllum flokkum félagsins og skiptast þeir þannig að 155 leikir voru skráðir í kvennaflokkum og 319 í karlaflokkum. Knattspyrnufélag ÍA lék alls 124 leiki í Akraneshöllinni og 125 leiki á Norðurálsvellinum. Alls voru leiknir 166 leikir í Akraneshöllinni og 129 leikir á Norðurálsvellinum. Slíkt umfang leikja er ekki mögulegt nema með góðri samvinnu fjölmarga iðkenda, þjálfara, annarra starfsmanna, aðstandenda, dómara og vallarstarfsmanna og ber að þakka öllu þessu góða fólki fyrir frábær störf. Einnig ber að þakka fjölmörgum sjálfboðaliðum og styrktaraðilum félagsins og Akraneskaupstað fyrir beinan og óbeinan stuðning við starfið.

Starfsmannamál

Alls störfuðu á þriðja tug þjálfara hjá félaginu á árinu 2017 og leikmenn meistaraflokka fengu greidd einhver laun. Starfsmenn félagsins í fullu starfi voru átta talsins, þ.e. framkvæmdastjóri, skrifstofumaður, yfirþjálfari, þjálfarar mfl. karla og kvenna og þrír þjálfarar hjá yngri flokkum KFÍA. Þjálfari mfl. kvenna er Helena Ólafsdóttir en þjálfari mfl. karla er Jóhannes Karl Guðjónsson en hann var ráðinn á haustmánuðum ásamt Sigurði Jónssyni sem aðstoðarþjálfari. Jóhannes Karl tók við því starfi af Gunnlaugi Jónssyni en aðstoðarþjálfari hans var Jóni Þór Haukssyni. Gunnlaugi og Jóni Þór eru þökkuð vel unnin störf fyrir félagið.

Á skrifstofunni starfa Tjörvi Guðjónsson, skrifstofumaður (frá 1. febrúar 2018), Lúðvík Gunnarsson, sem er yfirþjálfari félagsins, en framkvæmdastjóri er Hulda Birna Baldursdóttir. Jón Þór Hauksson, yfirþjálfari, og Elfa Björk Sigurjónsdóttir, skrifstofumaður, hættu störfum

fyrir KFÍÁ í lok árs 2017 og er þeim þakkað kærlega fyrir vel unnin störf innan félagsins á liðnum árum.

Aðalstjórn og Uppeldissvið

Lítils háttar endurnýjun varð í stjórnnum félagsins frá síðasta aðalfundi. Magnús Guðmundsson var endurkjörinn formaður Aðalstjórnar og Sævar Freyr Þráinsson var endurkjörinn sem varaformaður. Stjórnir Knattspyrnufélags ÍA eru tvær og eru þær skipaðar 15 fulltrúum. Aðalstjórn hélt 22 bókaða fundi á starfsárinu og Uppeldissvið hélt 20 fundi á árinu.

Eftirfarandi aðilar skipuðu stjórnir félagsins á starfsárinu 2017:

Aðalstjórn

Magnús Guðmundsson formaður
Sævar Freyr Þráinsson varaformaður
Viktor Elvar Viktorsson gjaldkeri
Ólafur Ingi Guðmundsson ritari
Bjarnheiður Hallsdóttir*
Örn Gunnarsson
Varamenn:
Sigríður Kr. Valdimarsdóttir
Þórir Björgvinsson

Uppeldissvið

Heimir Fannar Gunnlaugsson, formaður
Arnbjörg Stefánsdóttir
Jófríður María Guðlaugsdóttir
Jóhannes Hjálmar Smárasón
Rannveig Guðjónsdóttir
Varamenn:
Helena Rut Steinsdóttir og Krístrún
Marteinsdóttir

*Bjarnheiður hætti störfum í Aðalstjórn á fyrri hluta árs 2017.

Kjörnefnd var skipuð þeim Gísla Gíslasyni, Jóhönnu Hallsdóttur og Magnúsi D. Brandssyni.





Fjármál og rekstur

Aukning varð bæði í tekjum og útgjöldum á öllum vígstöðvum, þ.e. hjá meistaraflokki karla og kvenna og hjá yngri flokkunum. Rekstrartekjur voru 202,9 m.kr. Rekstrargjöld námu 200,2 m.kr. Félagið skilaði rúmlega 1,6 m.kr. hagnaði. Eigið fé í árslok nam 19,2 m.kr.

KSÍ framlag sem félagið fékk vegna EM var nýtt vel - Aukið var afreks- og styrktarþjálfun hjá yngri flokkum og mun þetta framlag einnig nýtast á árinu 2018. Seldir ársmiðar voru svipaðir og í fyrra en færri komu á völlinn.

Málþing um knattspyrnuna á Akranesi

Málþing um áhrif knattspyrnunnar á Akranesi var haldið í Tónbergi sal Tónlistarskóla Akraness að Dalbraut 1 þann 27. október 2017. Dagskráin var eftirfarandi:

- Opnun á málþingi - Gunnar Sigurðsson fyrrverandi formaður KFÍA
- Samstarf ÍA og KSÍ í gegnum árin - Guðni Bergsson formaður KSÍ
- Saga knattspyrnunnar á Akranesi - Jón Gunnlaugsson og Stefán Jónsson
- Hvað hefur Akraneskaupstaður gert fyrir knattspyrnuna og hvaða áhrif hefur knattspyrnan haft á bæjarlífið síðan 1951 - Gísli Gíslason
- Hvað ungur nemur gamall temur - Skarphéðinn Magnússon og Hjördís Brynjarsdóttir
- Fótbolta- og skólabærinn Akranes - Hulda Birna Baldursdóttir
- Lífið var fótbolta - dætur Ríkharðs Jónssonar
- Samfélagið og afreksmenn - Viðar Halldórsson
- Vegurinn fram undan - Magnús Guðmundsson, formaður KFÍA
- Samantekt í lok fundar - Sigurður Elvar Þórólfsson
- Fundarstjóri var Heimir Fannar Gunnlaugsson

Málþingið var vel sótt og voru líflegar og gagnlegar umræður um efni þeirra erinda sem flutt voru. Gestir málþingsins voru sammála um að þingið hefði verið mikilvægt innlegg um hin víðfeðmu áhrif sem knattspyrnan getur haft á heilt bæjarfélag.

Á málþinginu var einnig mikilvægt tækifæri til að minnast þeirra miklu frumkvöðla sem hefðu átt stærstan þátt í að gera veg knattspyrnunnar á Akranesi svo mikinn sem raun ber vitni.

Starf yngri flokkanna

Starf yngri flokkanna gekk heilt yfir ágætlega á árinu 2017 og náðist á mörgum vígstöðvum góður árangur. Sem dæmi má nefna að B lið 2. fl. karla varð í öðru sæti á Íslandsmótinu. Að öðru leyti var nóg um að vera hjá iðkendum í félaginu í öllum aldursflokkum.

Samantekt um árangur yngri flokka 2017

2. flokkur kvenna stóð sig ágætlega í sumar. Stelpurnar enduðu í 2. sæti B-riðils og endurheimtu sæti sitt í A-riðli. Þjálfari liðsins var Aníta Lís Svansdóttir.

2. flokkur karla stóð sig vel á tímabilinu. Sameiginlegt lið ÍA og Kára endaði í 6. sæti A-riðils og B liðið endaði í 2. sæti í sínum riðli. B liðið tapaði svo í úrslitaleik um Íslandsmeistaratitilinn. Þjálfarar liðsins voru Elinbergur Sveinsson og Sigurður Jónsson.

3. flokkur kvenna stóð sig ágætlega á tímabilinu. Stelpurnar enduðu í 8. sæti A-riðils. Þjálfarar liðsins voru Aníta Lía Svansdóttir og Skarphéðinn Magnússon.

3. flokkur karla stóð sig vel á árinu. Strákarnir enduðu í 6. sæti A-riðils og B liðið endaði í 4. sæti í sínum riðli. Þjálfarar liðsins voru Heimir Eir Lárusson og Þorsteinn Gíslason.

4. flokkur kvenna stóð sig með ágætum í sumar. Sameiginleg lið ÍA og Skallagríms endaði í 4. sæti B-riðils og B liðið endaði í 3. sæti. Þjálfari liðsins var Aníta Lía Svansdóttir.

4. flokkur karla var með viðunandi árangur í sumar. Strákarnir enduðu í 10. sæti A-riðils. B liðið endaði í 9. sæti í sínum riðli og C liðið endaði í 6. sæti í sínum riðli. Þjálfarar liðsins voru Guðjón Heiðar Sveinsson og Sigurður Jónsson.

5. flokkur kvenna stóð sig ágætlega á árinu. Stelpurnar enduðu í 11. sæti í A-riðli og B liðið endaði í 12. sæti í sínum riðli. Þjálfari liðsins var Kristín Ósk Halldórsdóttir.

5. flokkur karla var með viðunandi árangur á tímabilinu. Strákarnir enduðu í 11. sæti í A-riðli, B liðið endaði í 10. sæti í sínum riðli. C liðið endaði í 9. sæti í sínum riðli. Að lokum endaði D liðið í 6. sæti í sínum riðli. Þjálfarar liðsins voru Lúðvík Gunnarsson og Kristinn Guðbrandsson.

Fyrir utan Íslandsmótið tóku yngri flokkarnir þátt í fjölda annarra minni móta. Árangur þeirra var ávallt með ágætum og krakkarnir lögðu sig fram og gerðu sitt allra besta. Er krökkunum og öllum sem að starfinu koma þakkað fyrir frábært samstarf og góða ástundun.

Eftirfarandi tafla sýnir fjölda iðkenda í yngri flokkum sumarið 2017 hjá Knattspyrnufélagi ÍA:

	KK	KVK
2. flokkur	37	18
3. flokkur	38	14
4. flokkur	51	19
5. flokkur	61	20
6. flokkur	57	16
7. flokkur	51	15
8. flokkur	25	5
Samtals:	320	107

Norðurálsmótið 2017

Norðurálsmótið er knattspyrnumót fyrir stráka í 7. flokki og hefur það verið haldið á Akranesi um langt árabil. Mótið tókst vel sumarið 2017 og var veðrið með ágætum sem skiptir miklu máli fyrir framkvæmd mótsins. Metþátttaka var í mótinu sumarið 2017 en um 1600 keppendur öttu kappi í knattspyrnu helgina 23. - 25. júní 2017 og er talið að allt að 8000 gestir hafi sótt Akranes heim vegna mótsins. Knattspyrnufélag ÍA reiðir sig á mikinn fjölda sjálfboðaliða og almenna velvild bæjarbúa til að allt gangi upp við framkvæmd Norðurálsmótsins enda er það stærsta fjáröflun félagsins ár hvert. Um 650 manns lögðu fram vinnu við Norðurálsmótið 2017 þar á meðal iðkendur úr elstu flokkunum sem meðal annars sinntu dómgæslu. Einnig léku

ýmsir styrktaraðilar Knattspyrnufélags ÍA mikilvæg hlutverk til að framkvæmdin gengi sem best en fyrirtækið Norðurál er aðal styrktaraðili mótsins eins og nafnið gefur til kynna.

Stínubikarinn og Donnabikarinn

Stínubikarinn var afhentur í fyrsta sinn haustið 2015 á lokahófi yngri flokka og er hann farandbikar fyrir efnilegasta leikmanni yngri flokka kvenna. Stínubikarinn 2017 fékk Sigrún Eva Sigurðardóttir en hún er 15 ára miðjumaður sem stóð sig vel með 3. flokki og 2. flokki kvenna og var byrjunarliðsmaður í meistaraflokki kvenna seinni hluta sumars.

Stínubikarinn er nefndur í höfuðið á Kristínu Aðalsteinsdóttur, Stínu, sem er fyrsta landsliðskona ÍA. Kristín var burðarás í liði ÍA í kringum 1980 og lék sinn fyrsta landsleik árið 1981 og alls 3 landsleiki á árunum 1981-1982. Stínubikarinn á að vera hvatning til ungra stelpna að stefna hátt og vinna sér sæti í meistaraflokki ÍA og landsliðinu eins og Stína gerði á sínum tíma. Gefandi bikarsins er fyrirtækið Þorgeir og Ellert hf.

Donnabikarinn var einnig afhentur efnilegasta leikmanni yngri flokka karla á lokahófi yngri flokka. Donnabikarinn var fyrst afhentur árið 1983. Donnabikarinn var gefinn af fjölskyldu Donna, sem hét fullu nafni Halldór Sigurbjörnsson, en hann var burðarás í fyrsta Gullaldarliði Skagamanna. Hann lék 110 leiki fyrir Skagamenn og skoraði 40 mörk, en einnig lék hann 8 landsleiki fyrir Íslands hönd.

Að þessu sinni hlaut Ísak Bergmann Jóhannesson Donnabikarinn en hann er 14 ára miðjumaður fæddur árið 2003. Hann spilaði að mestu með 3. flokki karla í sumar og Ísak vann sér sæti í U15 landsliðinu á árinu og stóð sig vel í verkefnum landsliðsins en hann lék þrjá landsleiki.

Meistaraflokkur karla



Meistaraflokkur karla lék í efstu deild sumarið 2017 en lenti því miður í neðsta sæti deildarinnar með 17 stig og féll niður í Inkasso-deildina. Liðið átti góða spretti af og til í deildinni en á endanum dugði það ekki til.

Þjálfari liðsins, Gunnlaugur Jónsson, sagði af sér á miðju tímabili og tók Jón Þór Hauksson við sem þjálfari fram til loka tímabilsins. Eftir tímabilið tók Jóhannes Karl Guðjónsson við sem þjálfari liðsins og Sigurður Jónsson varð aðstoðarþjálfari.

Meistaraflokkur karla lék samtals 35 formlega leiki á árinu, í [fótolti.net](http://fotbolti.net) mótinu, Lengjubíkar, Borgunarbíkar og Pepsi-deild karla. Að meðaltali komu 718 áhorfendur á heimaleiki meistaraflokks karla og samtals voru áhorfendur á heimaleiki þeirra sumarið 2017 rúmlega 8000 talsins.

Meistaraflokkur kvenna



Meistaraflokkur kvenna spilaði í 1. deild kvenna sumarið 2017 og endaði í 5. sæti deildarinnar með 27 stig. Liðið var ungt og efnilegt og spilaði á löngum köflum í deildinni góða knattspyrnu.

Þjálfari liðsins er Helena Ólafsdóttir og aðstoðarþjálfari er Aníta Lís Svansdóttir.

Meistaraflokkur kvenna lék samtals 28 leiki á árinu 2017, í Faxaflóamótinu, Lengjubíkar, Borgunarbíkar og 1. deild kvenna. Meðalfjöldi áhorfenda á heimaleiki meistaraflokks kvenna var um 100 manns sumarið 2017 og samtals komu rúmlega 1000 manns á þá leiki.

Meistaraflokksráð karla og kvenna

Til að styrkja bakland meistaraflokks karla ákvað Aðalstjórn knattspyrnufélags ÍA (KFÍA) að setja á laggirnar meistaraflokksráð karla á haustmánuðum 2017. Hlutverk ráðsins er að eiga reglubundin samskipti við þjálfara meistaraflokks karla og 2. flokk karla um markmið og árangur og hafa ráðgefandi hlutverk í leikmannamálum og þjálfaramálum. Einnig er hlutverk ráðsins að stuðla að því að gildi KFÍA verði í hávegum höfð en þau eru; **Metnaður – Vinnusemi – Þrautseigja – Virðing – Agi.**

Aðalstjórn KFÍA fékk reynslumikla einstaklinga til að taka þátt í starfi meistaraflokksráðs en allt eru það fyrrverandi leikmenn meistaraflokks með mikla reynslu að baki m.a. sem atvinnumenn í erlendum liðum. Þetta eru Viktor Elvar Viktorsson formaður en hann situr í Aðalstjórn KFÍA, Haraldur Ingólfsson, Sigurður Sigursteinsson, Stefán Þór Þórðarson og Þórður Guðjónsson.

Á vormánuðum er áformað að setja á laggirnar meistaraflokksráð kvenna sem hafi samskonar hlutverk og meistaraflokksráð karla.

Landsliðsverkefni

Alls tóku 31 leikmenn ÍA þátt í úrtaksæfingum landsliða og 11 leikmenn tóku þátt í landsleikjum á árinu 2017. Alls tóku þessir 11 leikmenn (þrjár konur og átta karlar) þátt í 28 landsleikjum og skoruðu fjögur mörk.

Fulltrúar Knattspyrnufélags ÍA í landsliðsverkefnum 2017

U-15 karla: • Árni Salvar Heimisson (2 leikir) • Jóhannes Breki Harðarson (2 leikir) • Ísak Bergmann Jóhannesson (2 leikir, 1 mark) • Hákon Arnar Haraldsson (2 leikir) U-16 kvenna: • Katrín María Óskarsdóttir • Selma Dögg Þorsteinsdóttir • Sigrún Eva Sigurðardóttir • Erla Karítas Jóhannesdóttir • Ásta María Búadóttir U-16 karla: • Gylfi Karlsson • Ísak Örn Elvarsson • Oliver Stefánsson U-17 kvenna: • Bergdís Fanney Einarsdóttir (4 leikir, 1 mark) • Katrín María Óskarsdóttir (1 leikur)	U-18 karla: • Arnleifur Hjörleifsson • Oskar Wasilewski (3 leikir, 1 mark) • Stefán Ómar Magnússon • Sigurður Hrannar Þorsteinsson • Bjarki Steinn Bjarkasson U-19 kvenna: • Sandra Ósk Alfreðsdóttir • Bergdís Fanney Einarsdóttir (2 leikir, 1 mark) U-19 karla: • Arnór Sigurðsson • Hilmar Halldórsson U-21 karla: • Albert Hafsteinsson • Stefán Teitur Þórðarson • Steinar Þorsteinsson (3 leikir) • Tryggvi Hrafn Haraldsson (2 leikir, 1 mark) • Aron Ingi Kristinsson (3 leikir)
---	---

- Sigrún Eva Sigurðardóttir (1 leikur) U-17 karla: - Marteinn Theodórsson - Gísli Laxdal Unnarsson - Brynjar Snær Pálsson	- Hafþór Pétursson A-landslið karla: - Tryggvi Hrafn Haraldsson (1 leikur)
--	---

Dómarar og dómgæsla

Á árinu 2017 voru 17 dómarar sem störfuðu fyrir Knattspyrnudómarafélag Akraness (KDA). Samtals dæmði þessi hópur dómara mörg hundruð leiki fyrir ÍA og KSÍ. KDA/ÍA eiga fjóra dómara sem dæma í efstu deild karla og eiga fá félög á Íslandi jafnmarga dómara sem starfa í deild þeirra bestu. Þetta er dómarinn Ívar Orri Kristjánsson og aðstoðardómararnir Halldór Breiðfjörð Jóhannsson, Steinar Berg Sævarsson og Bjarki Óskarsson. Alls eru 14 dómarar/eftirlitsmenn sem starfa fyrir KSÍ frá KDA og þykir það mjög gott frá ekki stærra bæjarfélagi en Akranes er. Valgeir Valgeirsson hætti að dæma í efstu deild í fyrra og er honum þökkuð frábær störf sem dómari og góður fulltrúi KDA og ÍA. Undir lok ársins var Ívar Orri Kristjánsson gerður að milliríkjadómara hjá KSÍ og er honum óskað til hamingju með þann frábæra árangur. Er þetta gott dæmi um gæði dómgæslunnar hjá KDA og ÍA.

Heimasíða og samfélagsmiðlar

Heimasíða félagsins og fésbókarsíða eru mikilvægir miðlar til að koma upplýsingum um starfið til fjölmargra áhugasamra dag hvern. Stöðugt er unnið að því að gera betur við miðlun upplýsinga til stuðningsmanna og samfélagsins í heild en þróun á sviði upplýsingatækni og samfélagsmiðla er mjög ör og kröfur breytast sífellt.

Ný heimasíða félagsins www.ia.is/kfia/ var sett í loftið 2017.

Styrktaraðilar

Alls eru þeir lögaðilar sem styrkja Knattspyrnufélag ÍA með ómetanlegum hætti um 100 talsins en þeir 14 stærstu eru eftirtaldir:

Akraneskaupstaður	Norðurál ehf.
Brim hf.	Bílaumboðið Askja ehf.
Safalinn ehf. (Errea)	HB Grandi hf.
Íslandsbanki hf.	Kaupás ehf. (Krónan)
Verslunin Nína ehf.	Olíuverslun Íslands hf.
Bílaleiga Akureyrar	Síminn hf.
Vífilfell hf.	Vátryggingafélag Íslands hf.



Afmælishald og viðurkenningar 2016

Aðalfundur Knattspyrnufélags ÍA var haldinn þann 16. febrúar 2017 og var um hefðbundin aðalfundarstörf að ræða. Á fundinum var hjónanna Hallberu Guðnýju Leósdóttur og Ríkharðs Jónssonar minnst en þau féllu bæði frá fyrir aðalfundinn. Var Ríkharðs sérstaklega minnst fyrir sitt mikilvæga hlutverk í að gera ÍA að stórveldi í fótbolta.

Á aðalfundinum veitti Knattspyrnufélag ÍA eftirtöldum gullmerki og heiðursviðurkenningar félagsins:

Gullmerki:

Steinn Helgason

Steinn lék með yngri flokkum ÍA og var í leikmannahóp meistaraflokks karla frá 1971-1976 og varð Íslandsmeistari 1974 og 1975. Hann þjálfari meistaraflokk kvenna um árabil og varð ÍA Íslandsmeistari undir hans stjórn 1984 og 1985. Hann var landsliðsþjálfari kvenna 1992. Steinn hefur stutt félagið af fagmennsku og heilindum og sinnt ýmsum verkefnum fyrir hönd ÍA í gegnum árin.

Heiðursviðurkenningar:

Haraldur Ingólfsson

Haraldur er á meðal leikjahæstu leikmanna ÍA frá upphafi. Hann lék 401 leik og skoraði 110 mörk fyrir ÍA á glæsilegum ferli. Hann varð fimm sinnum Íslandsmeistari, tvisvar sinnum bikarmeistari og vann auk þess deildarbikarinn og meistarakeppni KSÍ. Hann lék 20 landsleiki fyrir hönd Íslands auk þess að spila í öllum yngri landsliðum KSÍ. Hann gengdi stöðu framkvæmdastjóra KFÍA frá 2013-2016.

Jónína Víglundsdóttir

Jónína er á meðal leikjahæstu leikmanna ÍA frá upphafi. Hún lék 160 leiki og skoraði 59 mörk fyrir ÍA á frábærum ferli. Hún varð þrisvar sinnum Íslandsmeistari og fjórum sinnum bikarmeistari með félaginu. Hún lék 11 landsleiki fyrir hönd Íslands. Hún hefur sinnt ýmsum verkefnum fyrir hönd ÍA í gegnum árin.

Lárus Ársællsson

Lárus hefur verið mjög virkur í starfi KFÍA um langt árabil. Hann var í stjórn Uppeldissviðs 2009-2014 og síðan formaður þess 2015-2017. Hann var í stjórn Afrekssviðs 2014-2015 og í Aðalstjórn 2015-2017. Lárus hefur verið mjög virkur við stjórn og undirbúning Norðurlásmótsins frá 2010-2017 og haldið utan um mótahald og samskipti við þátttökufélög.

Sigrún Ríkharðsdóttir

Sigrún ólst upp með sínu fólki samhliða knattspyrnunni á Akranesi og er einn dyggasti stuðningsmaður félagsins um árabil. Hún tók virkan þátt í foreldrastarfi félagsins um margra ára skeið. Hún hefur verið í stjórn Knattspyrnufélags ÍA og varð meðal annars formaður þess 2005.

Að lokum

Þó að knattspyrnan sé aðalatriðið í starfi Knattspyrnufélags ÍA, þá koma gríðarlega margir að starfinu sem leggja fram margvíslega vinnu og fjármuni til að styðja við starfið. Það er erfitt að fara að telja upp alla sem ber að þakka fyrir þeirra ómetanlega framlag og vinnu en þeir helstu eru eftirtaldir:

- Stuðningsmenn Knattspyrnufélags ÍA
- Heimaleikjahópar meistaraflokka
- Sjálfboðaliðar
- Starfsfólk skrifstofu
- Fulltrúar í stjórnnum og ráðum
- Akraneskaupstaður og fjölmargir styrktaraðilar
- Þjálfarar, aðstoðarþjálfarar, sjúkrarþjálfarar og aðrir í þjálfarateymi
- Dómarar og aðstoðardómarar
- Foreldrar og aðrir aðstandendur

Fótboltaárið 2018 er spennandi fyrir ÍA og margar áskoranir sem bíða okkar í félaginu innan sem utan vallar. Fótboltaárið 2018 er líka spennandi fyrir Ísland vegna Heimsmeistarakeppninnar í knattspyrnu karla í Rússlandi næsta sumar. Því fylgja ýmis tækifæri og aukin athygli á knattspyrnuna sem Knattspyrnufélag ÍA þarf að nýta sem best.

Mikilvægasti þátturinn í þessu öllu saman er þó að Skagamenn séu gulir og glaðir og standi saman sem ein heild við bakið á sínu fólki á knattspyrnuvellinum. Mætum á völinn á þessu ári og styðjum okkar fólk.





Kraftlyftingafélag Akraness

Aðalfundur

Aðalfundur félagsins var haldin 22 febrúar. Talað var um að halda áfram að kaupa meiri búnað á meðan húsakostur leyfði.

Á fundinum var kosið í nýja stjórn og hana skipa.

Formaður: Einar Örn Guðnason

Gjaldkeri: Lára Bogey Finnbogadóttir:

Ritari: Sigurgeir Guðmundsson

Meðstjórnendur: Eva Ösp Sæmundsdóttir, Arnar Harðarson

Varamenn: Arnar Dór Hlynsson, Kári Rafn Karlsson

Kraftlyftingamaður Akraness

Kraftlyftingamaður Akraness árið 2017 var Einar Örn Guðnason og þegar upp var staðið hafnaði hann í 2 sæti í kjörinu. Eftirfarandi er texti úr tilnefningu hans.

„Árið 2017 hefur verið virkilega gott keppnisár hjá Einari. Einar vann 4 Íslandsmeistaratitla og 2 bikarmeistaratitla á árinu auk þess sem hann setti 10 Íslandsmet og er því búinn að setja 63 Íslandsmet frá árinu 2011. Hann hækkaði um eitt sæti á styrkleikalista KRAFT óháð þyngdarflokki á milli ára og er kominn upp í 3 sæti, sem er gríðarlega góður árangur því að á þessum lista eru virkilega öflugir kraftlyftingamenn þar með talinn Evrópu- og heimsmeistari.

Og þess má til gamans geta að Einar er einungis 12 kg frá lágmarki á heimsmeistaramót í kraftlyftingum sem fer fram í Svíþjóð í nóvember 2018 og líkurnar eru miklar á að hann nái því í ársbyrjun. Einar er mjög sterkur karakter og vekur alltaf mikla athygli hvert sem hann fer, hann er einstaklega laginn við það að hrífa salinn með sér bæði í sínum lyftum sem og annara, hvetur salinn óspart til að sýna öðrum keppendum stuðning ef þörf er á.

Einar er mikil og góð fyrirmynd fyrir unga keppendur í þessari grein og duglegur að miðla sinni reynslu til þeirra sem eru að stíga sín fyrstu skref í greininni.“

Árangur á mótum

Það er nokkuð ljóst að árið 2017 hafi verið eitt besta árið hingað til hjá Kraftlyftingafélagi Akraness þegar litið er til árangurs félagsmanna á mótum innanlands og erlendis. Félagsmenn settu fjöldann allan af Íslandsmetum í aldurstengdum flokkum sem og opnum flokki. Hér ætla ég að telja upp Íslandsmeistaratitla sem félagsmenn unnu á árinu. En auk þess að vinna fjöldann allan af titlum má ekki gleyma að einnig fengum við fullt af silfri og bronsi í safnið.

Íslandsmeistarar Unglinga og Öldunga.

Arnar Harðarson

Íslandsmeistari í -93 kg. flokki unglunga í klassískum kraftlyftingum.

Íslandsmeistari unglunga í klassískum kraftlyftingum

Svavar Örn Sigurðsson

Íslandsmeistari í -74 kg. flokki drengja í klassískum kraftlyftingum.

Íslandsmeistari drengja í klassískum kraftlyftingum

Bjarki Þór Sigurðsson

Íslandsmeistari í -120 kg. flokki öldunga í klassískum kraftlyftingum.

Íslandsmeistari öldunga í klassískum kraftlyftingum

Íslandsmeistarar í opnum flokki

Viðar Engilbertsson

Íslandsmeistari í -93 kg. flokki í réttstöðu

Lára Bogey Finnbogadóttir

Íslandsmeistari í +84 kg. flokki í klassískum kraftlyftingum

Bjarki Þór Sigurðsson

Íslandsmeistari í -120 kg. flokki í réttstöðu

Einar Örn Guðnason

Íslandsmeistari í -105 kg. flokki í klassískum kraftlyftingum

Íslandsmeistari í -105 kg. flokki í kraftlyftingum

Íslandsmeistari í -105 kg. flokki í réttstöðulyftu

Íslandsmeistari í -105 kg. flokki í bekkpressu

Bikarmeistari í -105 kg. flokki í klassískum kraftlyftingum

Bikarmeistari í -105 kg. flokki í kraftlyftingum

Íslandsmeistari í bekkpressu óháð þyngdarflokki

Íslandsmeistari í klassískum kraftlyftingum óháð þyngdarflokki

Bikarmeistari í kraftlyftingum óháð þyngdarflokki

Árið 2017

Á árinu náðu félagar mögnuðum árangri sem tekið var eftir bæði hér í bænum og á landinu öllu Íslands- og bikarmeistaratitlar ljúga ekki og eru þeir á árinu 2017 18 talsins. Íslandsmetin eru enþá fleiri og verður það að teljast magnað hjá félagi sem í lok árs 2017 telur 51 iðkenda.

Við höldum 3 mót á árinu öll sömu helgina og hefur það ekki verið gert áður á Íslandi.

Mótin voru: „Íslandsmeistaramót í bekkpressu með og án útbúnaðar og Íslandsmeistaramótið í réttstöðulyftu, og var það á allra vörum keppenda og áhorfenda að mótin hafi verið til mikillar fyrirmyndar og afar vel heppnuð í alla staði. Og er það orðið ljóst að við komum til með að halda Íslandsmeistaramót unglunga og öldunga í kraftlyftingum og bekkpressu á árinu 2018.

Árið 2017 var gott ár, jafnvel það besta hingað til í sögu kraftlyftinga á Íslandi. Ísland átti keppendur á öllum stærstu mótum sem haldin voru á árinu og tóku með sér heim mörg verðlaun frá þeim.

Kraftlyftingasambandið stendur vel að vígi fjárhagslega og hafa styrkir frá ríkinu til kraftlyftinga margfaldast á milli ára með flokkun KRAFT sem afrekssambands.

Hjá okkur gengur lífið sinn vanagang og fjölgar iðkendum jafnt og þétt og aðstaðan okkar verður betri og betri. Fjárfest var í einum kombórekka og bætt í stangasafnið ásamt ýmsum öðrum nauðsynjum.

En með auknum fjölda iðkenda virðumst við vera að sigla í strand með núverandi aðstöðu og er nokkuð ljóst að mjög fljótlega ef ekki strax verðum við að fara að huga að stækkun. Því til að byggja félagið upp á þann stað sem við vitum að það getur orðið verðum við að hafa stærri og fjölbreyttari aðstöðu.

Og verður það að teljast mjög gott verkefni fyrir komandi ár að vinna að aðstöðumálum félagsins. Hvort sem það verðum að skipuleggja betur núverandi aðstöðu eða sem best væri að stækka ennþá meira og sjá hvert það leiðir okkur því kraftlyftingar eru svo sannarlega í sókn.





Körfuknattleiksfélag ÍA

Stjórn:

Formaður: Jón Þór Þórðarson

Gjaldkeri: Jónas H. Ottósson

Ritari: Hannibal Hauksson

Varamenn: Örn Arnarson og Ómar Helgason

Á aðalfundi félagsins í febrúar 2017 varð töluverð breyting á stjórn, Örn Arnarson lét af formennsku og einnig hætti Ómar Örn Helgason sem gjaldkeri félagsins. Í þeirra stað var Jón Þór Þórðarson kosinn formaður og Jónas H. Ottósson, gjaldkeri, Hannibal Hauksson var einnig endurkjörinn sem ritari. Á ársþingi ÍA í apríl 2017 voru Hannibal Hauksson og Örn Arnarson sæmdir Bandalagsmerki ÍA fyrir störf þeirra tengd íþróttamálum, í umsögn um þá segir eftirfarandi:

“Hannibal Guðmundur Hauksson er fæddur árið 1979, borinn og barnfæddur Skagamaður. Hannibal tók að sér formennsku hjá körfuknattleiksfélagi ÍA árið 2011 og var formaður til ársins 2014, hann er ennþá virkur í stjórn félagsins og sinnir þar mörgum verkefnum í tengslum við afreksstarf félagsins. Hann á stóran þátt í þeim mikla uppgangi sem verið hefur hjá Körfuknattleiksfélaginu undanfarin ár þar sem barna og unglingastarfið hefur verið stöðugt vaxandi og meistaraflokkur félagsins að festa sig í sessi í 1. deild karla.”

“Örn Arnarson er fæddur árið 1976 og hefur verið búsettur á Akranesi frá árinu 2001. Örn hóf að leika með körfuknattleikslíði ÍA fljótlega eftir að hann flutti á Skagann og lék með hléum til ársins 2014, hann tók þá við formennsku í félaginu og gegndi því embætti til byrjun árs 2017. Á þessum tíma hefur Örn verið mjög ötull í starfi félagsins hvað varðar fjáröflun og innra starf, hann á heiðurinn að því að koma af stað beinum netútsendingum frá heimaleikjum ÍA í körfubolta og er það grunnurinn að því sem nú er ÍA TV.”

Leiktíðin 2016/2017

Meistaraflokkur

Á vormánuðum 2016 tóku þeir Jón Þór Þórðarson og Stefán Jóhann Hreinsson við þjálfun meistaraflokks af þeim Fannari Frey Helgasyni og Áskeli Jónssyni. Mikil óvissa var um leikmannahóp liðsins fyrir leiktíðina en ákveðið var að skrá til leiks lið í 1. deild karla sem og b lið í 3. deild karla þar sem sýnt þótti að ekki væri nægur fjöldi leikmanna til að vera með drengja- eða unglingaflokk. Það voru alls 21 leikmaður sem komu við sögu hjá meistaraflokk þessa leiktíð og það var töluvert þúsluspil á ná saman hóp á æfingar og í leiki þar sem margir af leikmönnum liðsins bjuggu ekki á Akranesi eða voru uppteknir vegna vinnu. Fyrir tímabilið var fenginn til liðsins bandarískur leikmaður Derek Shouse að nafni, en hann er sonur hins margfræga Danny Shouse sem lék með Ármann og Njarðvík uppúr 1980 og vann sér það til frægðar að skora 100 stig í einum leik. Derek Shouse reyndist góður leikmaður og karakter sem féll vel inn í liðið þrátt fyrir sérstakar aðstæður, hann stóð sig vel þó svo að hann næði ekki að skora 100 stig eins og faðir hans gerði. Það fór svo að liðið sigraði 6 leiki af 24 og hafnaði

í 8. sæti 1. deildar. ÍA b sem lék í 3. deild vann 1 leik af 14 og hafnaði í 10. sæti. Þrátt fyrir slakt gengi þá fengi margir ungir og upprennandi leikmenn tækifæri til að spreyta sig í meistaraflokki og er það mikilvægt veganesti í framtíðina. Í lok leiktíðar var Jón Orri Kristjánsson valinn körfuknattleiksmaður ársins 2017, í umsögn um hann segir:

“ Jón Orri spilaði stórt hlutverk í körfuknattleikslíði ÍA sem lék í 1. deildinni leiktíðina 2016/2017, á leiktíðinni skoraði hann um 9 stig í leik, tók 9 fráköst og var með 16,6 í heildar framlag sem var það 14. hæsta í allri deildinni. Jón Orri er einnig fyrirliði liðsins og þar er hlutverk hans ekki síður mikilvægt, öll lið, sama í hvaða deild þau spila, vilja hafa einn Jón Orri í klefnum. Hann lætur menn heyra það þegar þess þarf en á sanngjarnan hátt og hvetur alla áfram í kringum sig, enda metnaðarfullur maður. Hann er því gríðarlega mikilvægur fyrir liðið enda góður karakter og íþróttamaður í alla staði.”



Yngri flokkar

Áframhaldandi gróska var í yngriflokkastarfi félagsins veturinn 16/17, jöfn og þétt fjölgun varð á iðkendum í minnibolta 6 - 12 ára. Farið var á mörg opin minniboltamót eins og td. Síamót Fjölnis, Jólamót Vals og svo að sjálfögðu á stóra Nettómótið í Reykjanesbæ þar sem ÍA var með 10 lið. Á Íslandsmóti yngri flokka var ÍA með samtals með 3 lið, í 7. & 8. flokk og í minnibolta 12 ára sem endaði í 5. sæti. Alls fóru 12 iðkendur fyrir hönd félagsins í úrvalsbúðir KKÍ 10 - 12 ára sem voru í maí og ágúst. Um sumarið stóð iðkendum í 7. flokk og eldri til boða að stunda þrekæfingar hjá Metabolic Akraness 2 x í viku og mæltist það vel fyrir. Þjálfun yngri flokkanna var í höndum Jóns Þórs Þórðarsonar og honum til aðstoðar voru þeir Axel Fannar Elvarsson og Derek Shouse.

Landsleikur á Akranesi

Ísland og Belgía áttust við í vináttulandsleik í körfuknattleik karla laugardaginn 29. júlí í íþróttahúsinu við Vesturgötu á Akranesi. Þetta var fimmti A-landsleikurinn í körfubolta sem fram fer á Akranesi og var hann sá síðasti sem liðið lék hér á landi áður en það keppti á Evrópumótinu í Finnlandi. Leikurinn var vel sóttur og áætlað að um 650 manns hafi verið á pöllum að styðja liðið, fyrir leikinn voru Pavel Ermolinskij og Kristófer Acox heiðraðir, en feður þeirra, Alexander Ermolinskij og Terry Acox, spiluðu báðir fyrir ÍA á sínum tíma. Óperusöngkonan Hanna Þóra Guðbrandsdóttir söng svo íslenska þjóðsönginn fyrir fullum sal af stuðningsmönnum. Ísland var betri aðilinn allan leikinn og komst snemma í forystu sem liðið hélt svo út allan leikinn, lokatölur 85:70 og sigurinn aldrei í hættu. Við hjá Körfuknattleiksfélagi ÍA þökkum



kærlega fyrir þann heiður sem KKÍ sýndi okkur að vera með landsleik í körfubolta á Akranesi og þann stuðning sem Akraneskaupstaður og ÍA veitti okkur til að gera þetta verkefni að veruleika. Umgjörð og framkvæmd leiksins var okkur öllum til sóma, eina sem fór úrskeiðis var það að Belgarnir villtust og fóru í smá skoðunarferð um bæinn, það var bara fínt enda Akranes einn stærsti og fallegasti smábær á Íslandi. Miðað við umsagnir þeirra landsliðsmanna sem spiluðu leikinn þá erum við sannarlega búinn að stimpla okkur inn á körfuboltakortið.

Fjármál og helstu styrktar- og stuðningsaðilar

Fjármál félagsins eru í jafnvægi þrátt fyrir að samtals um 695 þúsund króna tap hafi verið á rekstrinum árið 2017. Ástæður tapsins er helst til að telja að telja að ráðist var í endurnýjun búninga fyrir meistaraflokk auk þess sem umsvifin í kringum yngri flokkana jukust umtalsvert. Það jákvæða er að það var til innistæða til að mæta þessum útgjöldum, félagið er skuldlaust og eigið fé um áramót kr 814 þúsund. Félagið reiðir sig enn sem fyrr á styrki frá fyrirtækjum auk æfingagjalda iðkenda, auk eigin fjáraflanna eins og happdrættis og Hvalfjarðaknattracts. Stærstu styrktaraðilar KÍA á árinu voru Brim Seafood, Íslandsbanki, Elkem, Landsbankinn, Galito, Domino's, Skagaverk, Askja og Próttur ehf. Íþróttabandalag Akraness og Akraneskaupstaður gera vel í því að styðja fjárhagslega við barna- og unglingastarf íþróttafélaganna á Akranesi og nýtur Körfuknattleiksfélagið svo sannarlega góðs af því. Við þennan lista bætast svo fleiri fyrirtæki og einstaklinga sem studdu við bakið á félaginu með minni framlögum og kann félagið öllum stuðningsaðilum þess bestu þakkar fyrir.

Félagið þakkar einnig þeim aðilum sem standa að ÍA Tv sem sendi beint út frá öllum heimaleikjum félagsins, einnig fær Jónas H. Ottósson sérstakar þakkir fyrir myndatökur hjá bæði hjá meistaraflokk og yngri flokkunum, ómetanlegt að eiga safn af góðum myndum og myndböndum.

Lokaorð

Körfuknattleiksfélag ÍA stendur nú á tímamótum þar sem margir af lykilmönnum undanfarinna ára eru smá saman að draga sig í hlé, ungir leikmenn hafa fengið aukin tækifæri í meistaraflokki og yngriflokkastarfið lofar góðu. Verkefni næstu ára er að vinna að því að halda úti frambærilegu liði í meistaraflokki á meðan markvisst er unnið að því að byggja upp yngri flokka sem síðan skila sér upp í meistaraflokk. Markmiðið er að árið 2022 verði félagið með keppnislið í öllum flokkum frá minnibolta upp í meistaraflokk. Það er félaginu afar mikilvægt að sem flestir séu tilbúnir að leggja sitt af mörkum í þetta uppbyggingar starf sem er í gangi og að unnið sé markvisst að því að efla félagið bæði félagslega og fjárhagslega. Við horfum jákvæð og bjartsýn fram á veginn með þolinmæðina að vopni, áfram ÍA!



Sigurfari - Sjósportsfélag Akraness

Fjöldi funda: félagsfundir 4 stjórnarfundir 6

Nafnbreyting félagsins frá fyrri ársskýrslu er að kröfu ÍSí. Orðið sport er ekki til í þeirra safni og óljóst í þeirra huga hvað sport er. "Sjósportsfélag" hefur breiðari skírskotun en siglingafélag, finnst okkur, en við verðum að hlýta vilja ÍSí.



Við sendum út greiðsluseðla í vor og borguðu tæplega 40 manns. Kunnum við þeim miklar þakkir fyrir því í raun var ekkert tryggt að þetta fólk sæi mikla eftirtekju.

Atburðir

Tveir hápunktar voru á þessu ári. Fyrst er að nefna að félagið var samþykkt sem eitt af aðildarfélögum ÍA á ársþingi í vor, sem er viðurkenning á tilveru og starfi félagsins.

Jafnmerkilegt var siglinganámskeiðið sem haldið var í júní. Þátttakendur voru sex og þjálfari var Hilmar Páll Hannesson, margreyndur og verðlaunaður siglingakappi úr Reykjavík. Það var mjög bjart yfir þessu námskeiði, þátttakendur og aðstandendur voru mjög sáttir og þjálfarinn var mjög ánægður með móttökurnar. Bátar fengust að láni frá Brokey í Reykjavík og Björgunarfélag Akraness lánaði tuðru og mótör. Spölur styrkti ferðir þjálfarans um göngin og Faxaflóahafnir lögðu til húsnæði. Bestu þakkir til allra þessara.

Enn einn stóratburður, sem reyndar skráð saman, var Faxaflóamót kjölbáta. Veður setti þar stórt strik í reikninginn. Sett var upp samkomuáðstaða í hafnarhúsinu en eðli málsins samkvæmt var hún ekki notuð.

Sjóbaðsfélagið leitaði til okkar um aðstoð við Helgasund, Skarfavararsund og Helgusund, sem reyndar var aflýst. Þetta eru góð dæmi um hvernig félög innan ÍA geta unnið saman og styrkt hvort annað og það mun verða framhald á því.

4. maí. Kynning á feel free kajökum frá Ósi

17. ágúst. Kayak-kynning GG-sport í Akraneshöfn

7. nóv. Wind-surf kynning á Jaðarsbökkum. Geir Sverrisson kynnti fagið og kom með úrval af vængjum og brettum. Kom fram hjá honum að þeir væru mjög ánægðir með aðstöðuna hér á Skaga.

Formaðurinn sat í mars fræðslufund á vegum Íþrótt- og ólympíusambands Íslands um stjórnun og rekstur íþróttafélaga sem var gagnlegur.

Formaðurinn sat einnig formannafund Siglingasambands Íslands í nóvember. Þar var margt spjallað sem er nokkuð fjarri okkur enn, en áhugavert er að kynnast. Þar tilkynntu formenn Ýmis í Kópavogi og Þyts í Garðabæ að mögulegt væri að við gætum fengið hjá þeim báta í tengslum við endurnýjun þeirra flota. Það mál er í vinnslu.

Styrkir

Síðsumars fengum við hvatningarstyrk frá ÍA upp á kr. 75 þús., sem sýnir að þar er tekið mark á félaginu og nú eftir áramót var okkur úthlutað kr. 100 þús. úr styrktarsjóði sem Skaginn 3X/P&E. settu á laggirnar. Og nú síðast fengum við 200 þús. kr. úr Styrktarsjóði Akranesbæjar til menningar- íþrótt- og atvinnumála.

Ósvarað er umsóknum til Íþróttasjóðs og Lýðheilsustofnunar landlæknis.



UMF Skipaskagi

Stjórn Ungmennafélagsins Skipaskaga skipa þau, Anna Bjarnadóttir (AB) formaður, Skafti Steinólfsson(SS) gjaldkeri, Guðrún S Gísladóttir (GSG) ritari, Guðmundur S Jónsson (GSJ) og Jóna Adolfsdóttir (JA) meðstjórnendur.

Á síðasta aðalfundi UMF Skipaskaga kom Helgi Gunnarsson fjármálastjóri UMFÍ á fundinn og veitti hann Skafta Steinólfssyni starfsmerki UMFÍ. Einnig var á fundinum Hildur K Aðalsteinsdóttir framkvæmdastjóri ÍA. 12 mættu á fundinn.

Skýrsla stjórnar

Í febrúar fór AB á fund í þjónustumiðstöð UMFÍ með formönnum og framkvæmdastjórum sambandsaðila UMFÍ, auk starfsfólks þjónustumiðstöðvarinnar. Margar nýjar hugmyndir kynntar og ræddar.

Formaður (AB), sat þrjá fundi hjá Aðalstjórn ÍA.

Formaður (AB) og meðstjórnandi (JA) sátu þing ÍA. Formaður (AB) og gjaldkeri (SSS) sátu þing UMFÍ sem haldið var á Hallormsstað.

Í maí tók Skipaskagi þátt í Move Week verkefninu sem UMFÍ heldur utan um, ásamt Akranesbæ og ÍA, margt var í boði til hreyfingar og var Skipaskagi með 2 morgungöngur kl. 06.00 á Guðfinnuþúfu og Hjóladeildin bauð upp á hjólaferð um Skagann sem og farið yfir ýmsar upplýsingar um hjólin sem vert er að hafa í hug er hjólavertíðin hefst.

Skipaskagi tók þátt í gönguverkefni með FÍ (Ferðafélagi Íslands) sem var alla miðvikudaga í september sl. Boðið var upp á hinar ýmsu göngur með fræðslu um Akranes. Vel var mætt í allar göngurnar eða um 30 manns í hverja göngu. Skemmtilegt verkefni sem FÍ setti upp í tilefni á 90 ára afmæli félagsins.

Formaður (AB) fór með gestabókina á Guðfinnuþúfu í Akrafjalli, auglýsti ferðina og bauð sigurvegurum síðustu ára sérstaklega velkomna í ferðina. Í desember var farið og náð í gestabókina og farið yfir hana til að finna göngugarpa ársins 2017, sem að þessu sinni voru þau Helga Hallfríður og Sigtryggur Karlsson sem fóru flestar göngurnar á Guðfinnuþúfu.

Formaður (AB) fór til Álaborgar í Danmörku, ásamt 50 öðrum formönnum og framkvæmdastjórum hinna ýmsu félaga inn UMFÍ til að fylgjast með og kynnast því hvernig Danir halda landsmót. Mjög skemmtileg upplifun og lærðum við mikið á því að vera á mótinu. Ferðin var um mánaðamótin júní/júlí sl. í fimm daga.

Skipaskagi hefur reynt að halda úti frjálsípróttæfingum og það hefur gengið mis vel. Fengum Ómar Ólafsson til að vera með æfingar í höllinni frá jan.-jún. og var hann með æfingar 1-2x í viku. Krakkarnir gátu svo mætt á æfingar í Borgarnesi í sumar. Ingibjörg Brynjólfssdóttir var svo með æfingar einu sinni í viku sept. – des.



SamVest verkefnið

Samböndin eru Héraðssamband Snæfellsness og Hnappadalssýslu (HSH), Ungmennasamband Borgarfjarðar (UMSB), Ungmennasamband Dalamanna og N-Breiðfirðinga (UDN), Ungmennafélagið Skipaskagi (USK) Akranesi, Héraðssambandið Hrafnaflóki (HHF) á sunnanverðum Vestfjörðum, Héraðssamband Strandamanna (HSS) og Ungmennafélag Kjalnesinga (UMFK).

SamVest stendur að sameiginlegum æfingum í frjálsíþróttum á Vesturlandi og í FH höllinni, erum með samning við FH til 2018, þeir sjá okkur fyrir gestgjálfurum þegar farið er þangað. Markmið samstarfsins er að gefa iðkendum tækifæri til að prófa að æfa við góðar aðstæður sem fyrirfinnast á höfuðborgarsvæðinu. Æfingarnar eru fyrir 10 ára og eldri. Einnig er staðið að frjálsíþróttamótum barna og fullorðinna. Farið með sameiginlegt lið á stærri stigamót FRÍ. Þetta samstarf gengur vel. Mjög góð þátttaka hefur verið í æfingabúðum SamVest.

FEBAN íþróttaklúbbur

Boccia æfingar eru frá september – maí, á þriðjudögum og föstudögum á Kirkjubraut og á miðvikudögum í íþróttahúsinu við Vesturgötu. Það eru um 40 manns sem taka þátt.

FEBAN heldur innanfélagsmót og þá er keppt í einmenningsmóti, tvímenningsmóti og sveitakeppni, þátttakendur á hverju móti voru um 20. Fjögur lið tóku þátt í tvímenningsmóti í Mosfellsbæ, fjögur lið tóku þátt í Vesturlandsmóti í Borgarnesi, eitt lið tók þátt í móti á Siglufirði og þrjú lið tóku þátt í móti í Garðabæ. FEBAN ásamt FEBBN sáu um einmenningsmót í íþróttahúsinu Vesturgötu, 48 þátttakendur mættu á mótið þar af 16 frá FEBAN. Fimm lið fóru á Landsmóti 50+ í Hveragerði.

Púttíð byrjaði í maí og var fram í september, æfingar eru á mánudögum og fimmtudögum. Innanfélagsmótin eru þrjú og er þá keppt um Maríustyttuna, Guðmundarbikara og Reynisbikara, á hvert mót mættu um 20 þátttakendur. Fjórir þátttakendur frá FEBAN tóku þátt í púttmóti FÁÍA í Reykjanesbæ. FEBAN og Borgarbyggð keppa í pútti um Húsasmiðjubikarinn, keppt er á Hamarsvelli, Leynisvelli og í Nesi í Reykholtssdal. Þátttakendur voru um 60 þar af voru 34 frá FEBAN. Nokkrir félagar tóku þátt í Landsmóti 50+ í Hveragerði.

Keilan byrjar í október og er fram í maí ár hvert. Æfingar eru á mánudögum og fimmtudögum. Haldið er innanfélagsmót í keilu.

Línudans, það eru um 30-35 manns sem æfa einu sinni í viku en æfum oftast ef mikið stendur til. Hjá hópnum er stefnan sett á Golden Age Gym festival sem haldið er annað hvert ár og 2018 er farið til Pesaro á Ítalíu 2018. Þar eru sýningar og mörg skemmtileg og áhugaverð námskeið sem þátttakendur geta tekið þátt í meðan hátíðin er. Leiðbeinendur eru Sigríður Alfreðsd. og Huguína Sigurðard. Alltaf líf og fjör ☺.

Silfurstjarnan

línudanshópur :

Lítið verið gert nema þá á æfingum, erum alltaf að dansa á mánudagskvöldum. Fóru erlendis í æfingabúðir í línudansi.



Dansskóli Írisar

Árið 2017 var mjög gott ár, tókum þátt í öllum keppnum sem voru og við komumst á.

RIG 2017 - Fróði Hrafn Gíslason og Kinga Bogdan fengu 2.sætið í suður-amerískum dönsum og 3. sætið í standard dönsum í sínum flokki.

Jóel Þór Jóhannesson og Aldís Thea Daníelsdóttir fengu 1. sætið í suður-amerískum og standard dönsum.

Mateusz Kuptel og Íris Embla Andradóttir fengu 5. sætið í standard dönsum.

Sigrún Dóra Jónsdóttir og Líf Ramundt keppa í dömuflokki og fengu 1. sætið í báðum flokkum

Íslandsmeistarmót í 10.dönsum - 18. mars 2017

Fróði Hrafn Gíslason og Kinga Bogdan bættu við sig dansi og keppa nú í 2x og 2x fengu 3.sætið í Suður-amerískum dönsum og 5.sætið í standard.

Ellert Kári Samúelsson og Fura Claxton fengu 5.sætið í suður-amerískum dönsum

Mateuz Kuptel og Íris Embla Andradóttir fengu 3.sætið í suður-amerískum og standard dönsum.

Jóel Þór Jóhannesson og Aldís Thea Daníelsdóttir fengu 2. sætið í suður-amerískum dönsum og 1. sætið í standard dönsum.

Sigrún Dóra Jónsdóttir og Líf Ramundt fengu einnig 1. sætið í báðum flokkum í dömuriðli.

Íslandsmeistarmót í standard - 6.Maí 2017

Mateuz Kuptel og Íris Embla Andradóttir fengu 4. sætið í suður-amerískum dönsum

Ellert Kári Samúelsson og Margrét Björt Pálmadóttir (nýtt danspar) fengu 5. sætið í sama hópi.

Jóel Þór Jóhannesson og Aldís Thea Daníelsdóttir fengu 2. sæti í suður-amerískum og standard dönsum.

UMSK – 22. október 2017

Fróði Hrafn Gíslason og Kinga Bogdan fengu 4. sætið í suður-amerískum dönsum og 6. sætið í standard.

Jóel Þór Jóhannesson og Aldís Thea Daníelsdóttir fengu 1. sætið í bæði suður-amerískum og standard dönsum.

Lotto Open – 1. nóvember 2017

Fróði Hrafn Gíslason og Kinga Bogdan fengu þar 2. sætið í suður-amerískum dönsum og 3. sætið í standard dönsum.

Jóel Þór Jóhannesson og Aldís Thea Daníelsdóttir bætu við sig dansi og keppa nú í 4x og 4x dönsum, þar hrepptu þau 2. sæti í suður-amerískum og 3. sætið í standard.

Þetta eru 5 keppnir af 6 (en vegna veðurs misstum við af henni)

Öll þörin eru að standa sig ótrúlega vel og sýna góðar framfarir. Við fórum í æfingabúðir með Dansíþróttafélagi Hafnarfjarðar. Það er mikil samvinna með þeim og fáum við stundum gestakennara frá þeim til að koma til okkar og kenna. Einnig er þörinum frá Akranesi velkomið að sækja tíma í Hafnarfirði.

Nemendur sýndu á tveimur nemendasýningum hér á Akranesi. Sýndum einnig á 17. júní á Akranestorgi. Komum einnig fram með sýningu á Dvalarheimilinu Höfða og hjá FEBAN. Glæsilegir krakkar hér á ferð.



Hjóladeild Skipaskaga

Stofnuð var hjóladeild innan Skipaskaga 2016. Þar eru nú 29 iðkendur

Hjólafélagar voru með reglulegar hjólaæfingar í spinningsalnum á Jaðarsbökkum þrisvar í viku yfir veturinn. Hjólararnir fluttu sig svo út um leið og veður leyfði. Markmið hjóladeildarinnar er að efla hjólara og hjólaáhuga á Akranesi, vera til fyrirmyndar í umferðinni og að bæta sig sem hjólara.

Hjólafélagið bauð í hjólatúr ásamt léttri fræðslu um hjólreiðar í „Hreyfiviku á Akranesi“.

Helstu mót og verkefni sem félagar tóku þátt í voru: Tveir hjólarar tók þátt í KIA gullhringnum (105 km), tveir tóku þátt í Tour of Reykjavík (125 km. fyrri daginn og 60 km. þann seinni). Einn þátttakandi tók þátt í Bláalónsprautinni (60 km) og annar í Þingvallakeppninni (51 km). Tveir hjólarar hjóluðu á einni viku með fyrsta íslenska lið Team Rynkeby frá Kaupmannahöfn til Parísar (1.327 km) til styrktar krabbameinssjúkum börnum á Íslandi. Íslenska liðið safnaði rúmlega 9,4 milljónum.

Hjólafélagar í UMF Skipaskaga hvetja áhugamenn um hjólreiðar til að slást í hópinn og efla félagið enn frekar.

Önnur mál

Gestabókin á Guðfinnupúfu er orðið að föstu verkefni félagsins, alltaf eru fleiri og fleiri sem leggja leið sína á þúfuna og keppni hefur myndast í því að fara sem flestar ferðirnar. Skipaskagi hefur veitt verðlaun til þeirra karla og kvenna sem fara flestar ferðirnar og svo eru dregnir út þeir aðrir þátttakendur sem hafa ritað nafn sitt í bókina. Bókin var á þúfunni frá 5. maí – 20. desember sl. ár.



Skotfélag Akraness

Á síðasta aðalfundi voru kjörnir í stjórn Skotfélags Akraness: nýr formaður Guðrún Hjaltalín og Jón S gekk úr stjórn, Óskar Arnórsson gjaldkeri, Stefán Gísli Örlygsson, Elías M Kristjánsson og Hafsteinn Þór Magnússon.

Loftbyssusalurinn á Vesturgötunni hefur verið nokkuð nýttur og eru þar æfingar nánast í hverri viku. Alls eru skráðar 242 mætingar í salinn á árinu 2017.

Félagsmenn í Skotfélagi Akraness töldust 112 sem greiddu félagsgjald á árinu og er stefnt að enn frekari fjölgun á þessu ári. Um 15 félagsmenn eru virkir keppendur í dag. Þátttaka Skotfélags Akraness í mótum Skotíþróttasambandsins hefur verið góð og eigum við í dag mjög frambærilegt keppnisfólk.

Hið árlega Vesturlandsmót í loftskammbyssu og loftrifflí fór fram 26. apríl, haldið í öndvegisaðstöðu Skotfélags Vesturlands í Borgarnesi og var þátttaka góð að venju en 36 keppendur mættu, þar af 3 í unglingaflokki. Vesturlandsmeistarar árið 2017 urðu þau Stefán Ólafsson, SV í karlaflokki og Berglind Björgvinsdóttir, SKA í kvennaflokki. Á þessu móti var slegið Íslandsmet unglinga í kvennaflokki, það var Viktoría Bjarnadóttir úr SR með 362,6.

Akranesmótið í loftgreinum var haldið 11. nóv. í Borgarnesi, 26 þátttakendur og þar af 4 í unglingaflokki.

Loftskammbyssufólk SKA tók þátt í 7 mótum á mótaskrá liðins árs.

Haglavellir félagsins voru ágætlega nýttir. Nokkrir félagsmenn kepptu á 6 mótum í skeet og tveimur mótum í Trap á árinu á mótaskrá STÍ. Íslandsmót í Skeet með 21 þátttakanda og Trap með 10 þátttakendum haldin á vellinum og voru bætt Íslandsmet kvenna á báðum mótum. Auk STÍ móta var hér kvennamót Skytta og innanfélagsmót FÍR. Þar að auki voru haldin minni mót og viðburðir.

Alls eru skráðir 2.226 skotnir hringir á völlum árið 2017, 358 hringir á Trap og 1868 hringir á Skeet. Lætur nærri að notaðar voru 60.000 dúfur á völlum á árinu.

Riffilaðstaðan hefur einnig verið töluvert nýtt en ekki haldið sérstaklega um skráningu þar.

Til gamans má geta að völlurinn telst mjög góður og sem dæmi að landsliðshópurinn hefur æft með Grískum þjálfara á honum og komið vel út, sérlega þegar veður og vindur hefur torvelað notkun annara valla.

Stefán Örlygsson var tilnefndur skotíþróttamaður ársins 2017. Hann varð í fyrsta sæti á 3 landsmótum í sumar. Hann vann bikarmeistaratitilinn í haglabyssuskotfimi (skeet), það er sá skotmaður sem er stigahæstur eftir keppnistímabilið.



Þá skaut Stefán þrígang í sumar skor yfir Ólympíulágmarkinu (MQS). Stefán var valinn í landslið Íslands og keppti hann m.a. á heimsmeistaramótinu í Moskvu nú í haust. Hann hefur einnig tryggt sér þátttöku á heimsmeistaramótinu á næsta ári auk ýmissa annarra landsliðsverkefna.

Félagið tilnefndi hann sem skotmann ársins til Íþróttabandalags Akraness.

Félagið stóð fyrir hreindýraprófum Umhverfisstofnunar að venju og tóku 24 próf hjá félaginu auk þess að halda verklegan þátt í skotvopnanámskeiði stofnunarinnar samkvæmt verksamningi sem gerður var á árinu.

Uppbygging riffilsvæðisins hélt áfram en frágangur riffilhússins dróst og ekki tókst að ljúka þeim verkum eins og til stóð en allt byggingaefni er til taks. Þegar komið var fram í nóvember var fenginn verktaki til að lagfæra riffilvöllinn, grafa upp úr skurðum og hlaða upp bakstoppum sem voru farin að síga og aflagast.

Með auknum umsvifum á æfingasvæðinu er hugað að umbótum á hreinlætisaðstöðu og að fá rafmagn inn á svæðið auk þess að laga umhverfi og ásýnd.

Sá meðbyr sem vellirnir okkar fá er okkur áskorun sem við viljum taka og fram undan er vinna að því markmiði.

Núna í janúar áttum við þátttakanda í keppni í ólympískri púðurgrein sem kallast "frjáls skammybysa", á Landsmóti Skotíþróttasambands Íslands. Slíka æfingaaðstöðu er ekki að hafa hjá okkur.

Sundfélag Akraness

Sundtímabilið 2017 - 2018 hjá Sundfélagi Akraness var árangursríkt. Akranesmet og persónulegir sigrar unnir í sundlauginni hjá sundmönnum í öllum aldurshópum. Sundmaður Akraness, Ágúst Júlíusson varð fjórði í kjörinu um Íþróttamaður Akraness fyrir árið 2017.

Stjórn og starfsmenn

Ný stjórn var kjörin í mars 2017. Stjórnin er óbreytt frá fyrra ári. Trausti Gylfason heldur áfram sem formaður, Daníel Sigurðsson er gjaldkeri, Harpa Finnbogadóttir varaformaður, Guðrún Guðbjarnardóttir ritari og þær Kristín Björg Jónsdóttir, Svava Guðjónsdóttir og Ingibjörg Ösp Júlíusdóttir meðstjórnendur.

Yfirþjálfari og framkvæmdastjóri SA er sem áður Kjell Wormdal.

Á vorönn 2017 voru einnig þjálfarar æfingahópa hjá SA Bjarney Guðbjörnsdóttir, Guðrún Carstensdóttir og Hlín Hilmarsdóttir. Afleysinga- og aðstoðarþjálfarar voru þau Ágúst Júlíusson, Birna Sjöfn Pétursdóttir, Sigurður Sigurðsson (Siggi Skó), Hlöðver Már Pétursson, Katla Kristín Ófeigsdóttir og Óttar Bergmann Kristinsson.

Á haustönn voru við þjálfun þau Kjell Wormdal, Bjarney Guðbjörnsdóttir, Sólrún Sigþórsdóttir og Sigurður Sigurðsson (Siggi Skó). Afleysinga- og aðstoðarþjálfarar voru þau Ágúst Júlíusson, Natalia Wasilewska, Hlöðver Már Pétursson, Ásgerður Jing Laufeyjardóttir og Erlend Magnússon.

Um ungbarnasund og önnur námskeið á vorönn 2017 sáu Hildur Karen Aðalsteinsdóttir, Hlín Hilmarsdóttir, Guðrún Carsteinsdóttir og Friðrika Ýr Einarsdóttir. Afleysinga- og aðstoðarþjálfarar voru Júlía Björk Gunnarsdóttir, Júlía Rós Þorsteinsdóttir og Steinþór Gauti Guðmundsson.

Haustið 2017 voru við námskeiðsstörf Hlín Hilmarsdóttir, Friðrika Ýr Einarsdóttir, Una Raket Hafliðadóttir og Lilja Guðmundsdóttir. Afleysinga- og aðstoðarþjálfarar voru Júlía Björk Gunnarsdóttir, Natalia Wasilweska, Arna Ósk Jónsdóttir og Hlöðver Már Pétursson.

Íslandsmeistari

Félagið eignaðist á árinu einn Íslandsmeistara í fullorðinsflokki; Ágúst Júlíusson, sem jafnframt er Akranesmeistari. Ágúst varð tvöfaldur Íslandsmeistari: í 100m flugsundi bæði í 25m og 50m laug. Hann varð tvisvar í öðru sæti á Íslandsmeistaramóti í sundi; í 50m flugsundi í 50m laug og í 25m laug. Þrjú Akranesmet bætti Ágúst á árinu, tvívegis í 100m flugsundi, og í 50m flugsundi. Bætti þar með sín eigin met; í 100m frá 2012 en í 50m frá 2016. Ágúst setti landsmet með íslenska landsliðinu í 4x100m fjórsundi á Smáþjóðaleikunum í San Marino sl. sumar auk þess sem hann varð í þriðja sæti í 100m flugsundi á sama móti. Samtals syntu sundmenn í

Sundfélagi Akraness fjörutíu sinnum til úrslita á Íslandsmeistaramótum á árinu og unnu tvenn gullverðlaun, fimm silfur- og fimm bronsverðlaun.



Akranesmet

Fjöldi Akranesmeta voru slegin á árinu, m.a. tvö í fullorðinsflokki og níu í yngri flokkunum. Auk þess voru sett þrjú Akranesmet í boðsundi.

AMÍ

Aldursflokkameistaramót Íslands var haldið í Reykjavík á vegum Sundfélagsins Ægis. Alls syntu 24 sundmenn frá SA á AMÍ þetta árið. Í liðakeppninni endaði SA í 7. sæti en sundmenn sem lentu í 1.- 6. sæti unnu stig fyrir félagið en alls enduðu 34 sundmenn frá SA í efstu 6 sætunum sem er mun betri árangur en 2016/2017. Liðið fékk 8 verðlaunapeninga, tvenn silfurverðlaun og sex brons.

Bárumeistaramót

Bárumeistaramót 2018 fór fram í janúar. Mótið er fyrir sundmenn 8-12 ára og haldið í Bjarnalaug. Veittur er bikar fyrir bestan árangur samanlagt. Bárumeistarar 2018 urðu þau Guðbjarni Sigþórsson og Íris Petra Jónsdóttir. Við hlökkum til að fylgjast í framtíðinni með öllum sundmönnum sem tóku þátt í mótinu.

Sundmót erlendis

Sundmenn í afrekshópi SA sóttu tvö mót erlendis en það er nauðsynlegur þáttur í að bæta sig sem sundmenn og um leið að keppa við aðra sundmenn sem að jafnaði taka ekki þátt í mótum hérlandis.

Sex afrekssundmenn frá SA héldu til Noregs í maí þar sem þau tóku þátt í sterku sundmóti í Bergen. Þar syntu 624 keppendur frá 11 löndum. Margir bestu sundmenn í heiminum voru þar á meðal t.d. heimsmethafarnir Sarah Sjöström og Katinka Hosszu. Sundmennirnir sem fóru frá SA voru Ágúst Júlíusson, Una Lára Lárusdóttir, Brynhildur Traustadóttir, Ásgerður Laufeyjardóttir, Erlend Magnússon og Sindri Andreas Bjarnason. Vel gekk hjá flestum sundmönnum en Ágúst synti m.a. til úrslita í 100m flugsundi þar sem hann bætti Akranesmetið sitt enn og aftur. Þjálfari var Kjell Wormdal og farastjóri Jill Syrstad.

Tveir af elstu sundmönnum félagsins, þeir Ágúst Júlíusson og Sævar Berg Sigurðsson ásamt þjálfaranum Kjell Wormdal fóru til Kristiansand í Noregi í nóvember til að taka þátt í sterku sundmóti í þeim tilgangi að undirbúa sig fyrir ÍM50. Árangurinn var góður; Ágúst synti m.a. inn í A úrslit í 50 flugsundi. Sævar var að prófa nýja aðferð í bringusundi en mótið var m.a. notað til að fínþússa hana.

Norðurlandameistaramót 2017

Ágúst Júlíusson, Brynhildur Traustadóttir og Sævar Berg Sigurðsson náðu öll lágmörkum á Norðurlandameistaramótið sem haldið var í Laugardalslaug í Reykjavík og fram fór í byrjun desember 2017. Á mótinu var Ágúst fyrirliði íslenska landsliðsins. Öll stóðu þau sig vel og voru félagi sínu til sóma.

Bikarmeistaramót Íslands

Sundfélag Akraness sendi ekki lið á Bikarmót Sundsambands Íslands sem haldið var í Reykjanesbæ. Ekki var boðið upp á gistingu eða mat á mótinu. Tæpir 100km eru frá Akranesi til Keflavíkur og því var ferðalagið talið of langt og þátttaka of dýr. Þótti stjórn SA það miður þar sem þetta er eitt skemmtilegasta mót vetrarins þar sem sundmenn synda eingöngu fyrir félagið sitt en ekki er um einstaklingsverðlaun að ræða.





Akranesleikar

Akranesleikarnir í sundi voru haldnir síðustu helgina í maí. Leikarnir eru eitt stærsta barna- og unglingasundmót sem haldið er hér á landi. Árið 2017 voru þátttakendur um 412 frá 10 félögum en hafa skal í huga að sundfólkinu fylgja þjálfarar, fararstjórar, foreldrar og venslamenn. Gestir á Akranesi um mótstímann eru því fjölmargir.

Akranesmeistaramót

Akranesmeistaramót fór fram á Jaðarsbökkum föstudagskvöldið 22. september. 35 sundmenn, 11 ára og eldri, tóku þátt í mótinu sem var mjög vel heppnað. Fjölmargir voru á bakkanum að hvetja krakkana og myndaðist skemmtileg stemning en í fyrsta skiptið var mótið haldið að kvöldi til. Laugarsvæðið var lýst upp og mikil litadýrð stafaði frá ljóskösturum heitu pottanna. Akranesmeistarar 2017 urðu eftirtalin:

11-12 ára: Kristján Magnússon og Ingibjörg Svava Magnúsardóttir

13-14 ára: Alex Benjamín Bjarnason og Ragnheiður Karen Ólafsdóttir

15 ára og eldri: Ágúst Júlíusson og Brynhildur Traustadóttir

Stigahæstu sundin áttu þau Ágúst Júlíusson fyrir 50m flugsund og Brynhildur Traustadóttir fyrir 100m flugsund.

Ýmis sundmót

Sundmenn frá SA sækja fjölmörg sundmót og eru þau helstu talin upp sem A, B og C- hópar tóku þátt í. RIG sóttu 13 sundmenn frá SA, Speedomót IRB 9, Gullmót KR 40, Sundmót Fjölnis 27, Ásvallamót SH 15, IM 50 10, Ármannsmót að vori 18, Bergen Swim Festival 6, IRB mót 31, Akranesleikar 50, AMI 24, Sprengimót Óðins 12, Akranesmeistaramót 35, Bikarmeistaramót Sundsambands Íslands 7, Extramót SH 23, Speedomót að hausti 17, North Sea International Swim Meet (Stavanger) 2 og Fjölismót 18 sundmenn.

Fyrir yngstu iðkendurna eru Bárúsmótið og Landsbankamótið aðalviðburðirnir. Hátt á fjórða tug krakka syntu á þeim mótum. Jafnframt fara þessir ungu sundmenn á stór gistimót í Reykjanesbæ og Reykjavík. Þessi aldurshópur hlakkar alltaf jafnmikið til að taka þátt í slíkum verkefnum.

Uppskeruhátíð

Uppskeruhátíð SA var haldin í nóvember. Sundmaður Akraness 2017 varð Ágúst Júlíusson, stigahæsti sundmaður Akraness. Ingunnarbikarinn, í minningu Ingunnar Guðlaugsdóttur, er veittur sundmanni 12 ára og yngri sem syndir stigahæsta bringusundið en það gerði Guðbjörg Bjartey Guðmundsdóttir. Félagsbikarinn í minningu Arnars Freys Sigurðssonar og Karls Kristins Kristjánssonar fékk Ngosi Jóhanna Eze. Viðurkenningu fyrir bestu ástundun og framfarir fengu eftirfarandi:

Meyjar: Íris Rakel Aðalsteinsdóttir

Sveinar: Guðbjarni Sigþórsson

Telpur: Ngozi Jóhanna Eze

Drengir : Rafael Andri Williamsson

Stúlkur: Ásgerður Jing Laufeyjardóttir

Piltar: Enrique Snær Llorens

Viðurkenningu fyrir stigahæstu sundin hlutu:

Meyjar: Ingibjörg Svava Magnúsardóttir 406 stig, 100 skriðsund 1,08,73

Sveinar: Kristján Magnússon 309 stig, 1500 skriðsund 20.53.32

Telpur: Ragnheiður Karen Ólafsdóttir 479 stig, 100 bringusund 1.19,66

Drengir: Alex Benjamín Bjarnason 285 stig, 200 skriðsund 2.30,89

Stúlkur : Brynhildur Traustadóttir 650 stig, 400 skriðsund 4.30,68

Piltar: Sindri Andreas Bjarnason 534 stig, 1500 skriðsund 17.25.10

Konur: Una Lára Lárusdóttir 605 stig, 50m baksund 31.98 (50m laug)

Karlar: Ágúst Júlíusson 727 stig, 50m flugsund 24.94 (50m laug)

Sumarsund

Boðið var upp á 5 námskeið í sumarsundi á Jaðarsbökkum í júní fyrir elstu börnin í leikskólum Akraness og fyrir börn í 1. – 4. bekk grunnskóla. Samtals 67 börn á aldrinum 6 til 10 ára tóku þátt í námskeiðunum í júní 2017.

Kennarar sumarsunds í júní 2017 voru Hildur Karen Aðalsteinsdóttir og Guðrún Carstensdóttir. Aðstoðarkennarar í sumarsundi júní 2016 voru á vegum Vinnuskóla Akraness þau Brynhildur Traustadóttir, Erlend Magnússon, Matthildur Hafliðadóttir og Arnar Már Kárasón. Þau sem unnu við að sækja börn á leikskólann og aðstoða í búningsklefum í júní á vegum Vinnuskóla Akraness voru Egozi Jóhanna Eise og Hekla María Arnardóttir.

Heildarfjöldi þeirra sem sóttu námskeið á vegum Sundskólans og sumarsunds 2017 var 236 iðkendur - á aldrinum 3ja mánaða til 10 ára. Fjöldi námskeiða var 25.

Garpar

Heimsmeistaramót Garpa var haldið í Búdapest dagana 14. - 20. ágúst 2017. Hildur Karen Aðalsteinsdóttir tók þátt í tveimur greinum í flokki 45-49 ára, 50 metra skriðsundi og 100 metra skriðsundi en í því setti hún Íslandsmet á tímanum 1:16,72.

Hildur, Vignir Barkarson og Kári Geirlaugsson kepptu á Íslandsmeistaramóti Garpa sem haldið var í Ásvallalaug í maí. Kári sem kepptir í 65-69 ára flokki varð Íslandsmeistari í 800, 400, 200, 100 og 50 skriðsundi, 100 og 50m baksundi ásamt 100m fjórsund. Tíminn sem Kári náði í 50m baksundi var Garpamet.

Vignir, sem keppti í flokki 50-54 ára varð Íslandsmeistari í 200, 100 og 50m skriðsundi. Vignir varð jafnframt annar í 100 og 50m bringusundi ásamt 50m baksundi.

UMFÍ 50+

Hjördís Hjartadóttir var fulltrúi Sundfélags Akraness á Landsmóti UMFÍ 50+ í Hveragerði 2017. Hjördís, sem keppti í flokki 50 – 59 ára hefur verið á skriðsundsnámskeiðum hjá SA og að auki dugleg við æfingar, skráði sig til keppni í 4 greinum á landsmótinu, 100m bringusundi og skriðsundi, 50m bak- og skriðsundi. Er skemmst frá því að segja að Hjördís sigraði í tveimur af sínum greinum 100m bringu- og 50m baksundi og varð í öðru sæti í hinum tveimur, 50m og 100m skriðsundi.



Skriðsundsnámskeið

Sundfélag Akraness hefur síðustu misseri staðið fyrir skriðsundsnámskeiðum fyrir fullorðna og hafa þau notið mikilla vinsælda. Á árinu 2017 bauð félagið upp á skriðsundsnámskeið fyrir þá fullorðna sem vilja auka færni sína í skriðsundi. Kennari var Guðrún Carstensdóttir.

Faxaflóasund

Faxaflóasundið var að þessu sinni þeytt í blíðskaparveðri þann 9. september. Fjölmargir sundmenn tóku þátt í sjósundinu. Að venju var atburðurinn notaður til fjáröflunar vegna farar elsta sundhópsins í æfingabúðir á Spáni.

Útvarp Akraness

Útvarp Akraness sem hefur verið fastur liður í tilveru Akurnesinga í upphafi aðventu í 28 ár. Að venju nutu bæjarbúar vandaðrar dagskrár. Útvarpið er notað til fjáröflunar fyrir starfsemi SA.

Annað

Aðrar fjáraflanir hafa verið með svipuðu sniði og mörg undanfarin ár; rekstur ljósabekkja, auglýsingaskilti á sundlaugarbakkanum, kleinusala, vinna á þorabloti Skagamanna, útburður blaða og tilkynninga, vörutalningar, flatkökusala og ýmislegt fleira sem til fellur en þessir fjármunir eru nauðsynlegir til að greiða niður gjöld sundmanna. Þá hefur styrkur Akraneskaupstaðar til íþróttafélaganna vegna þjálfunar barna og ungmenna verið félaginu mikilvægur sem og fjárframlag Íþróttabandalags Akraness. Viljum við þakka þeim fjölmörgu félögum, fyrirtækjum og einstaklingum sem lagt hafa félaginu lið.

Lokaorð

Ýmislegt fleira hefur verið gert en verður ekki talið upp hér. Æfingaaðstaðan er óbreytt. Yngri hóparnir eru í Bjarnalaug og þrír elstu hóparnir í Jaðarsbakkalaug. Nýir heitir setpottar voru teknir í notkun sumarið 2017 og eru þeir mikið sóttir. Má segja að ný „ógn“ steðji að SA, það er aukinn fjöldi almenninga sem sækir Jaðarsbakkalaug. Hefur félagið stundum misst þriðju brautina til æfinga. Nefnd sem á vegum Akraneskaupstaðar var komið á fót sumarið 2017 og hittu forsvarsmenn SA nefndina eftir að hafa undirbúið vel og vandlega kynningu til handa nefndarmönnum. Fátt hefur gerst síðan þennan nefndardag í september og virðist lítið þokast í þá átt að fá 50m sundlaug sem nýtist bæði SA og ekki síst öllum almenningi á Akranesi. Sundmennirnir okkar spanna vítt aldursbil, eða frá 3 mánaða og upp í fólk á sextugsaldri. Í hópunum eru liðlega 418 manns. Þeir yngstu eru í sundskólanum Fjörfiskum og þeir elstu í Görpum. Það er sama á hvaða aldri þú ert, þú ættir að geta fundið hóp við þitt hæfi hjá SA.



Vélahjólaíþróttafélag Akraness

Framkvæmdir og félagsstarf Vifa árið 2017

Framkvæmdir félagsins árið 2017 snérust mestmegnis um að hirða brautina. Rippa hana upp, grjóttína og vökva daglega.

Fjárfest var í grjóttínluskóflu framan á traktorinn og virkar hún vel til að taka stærra grjót úr brautinni.

Motocross námskeið var haldið fyrir yngstu hjólarana og síðan fyrir unglingana. Ingvi Björn Birgisson var þjálfari en hann var tvöfaldur Íslandsmeistari í motocross og enduro akstri.

Minniháttar viðgerðir og viðbætur voru gerðar á vökvunarkerfinu.

Íþróttafélagið Þjótur

Stjórn Þjóts 2016-2017

Sigurlaug Njarðardóttir, formaður

Freyja Þöll Smáradóttir, varaformaður

Hörður Svavarsson, ritari

Sigríður Þórdís Reynisdóttir, meðstjórnandi

Guðbjörg Guðmunda Benjamínsdóttir, meðstjórnandi

Varamenn:

Emma Rakel Björnsdóttir

Áslaug Þorsteinsdóttir

Aðalfundur Þjóts haldinn í sal Brekkubæjarskóla 29. mars 2017

Sigurlaug Njarðardóttir setti fundinn. Fundarstjóri var nýr sviðstjóri velferðar- og mannréttindasviðs Akraneskaupstaðar, Svala Hreinsdóttir. Á dagskrá fundarins voru hefðbundin aðalfundarstörf. Formaður las upp skýrslu stjórnar sem innihélt samantekt af starfi stjórnar og félagsins, iðkendafjölda, þjálfaramál, þátttöku á mótum og árangur iðkenda og gerði ársreikningum skil. Ársreikningur og skýrsla stjórnar borin undir fundinn og bæði samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri stýrði kosningum og bar upp þær tillögur sem fyrir lágu.

- Bjarki Georgsson var kosin í aðalstjórn.
- Jón Þórir Guðmundsson var kosin í aðalstjórn.
- Áslaug Þorsteinsdóttir kosin um áframhaldandi setu í stjórn félagsins.

- Emma Rakel Björnsdóttir kosin um áframhaldandi setu í stjórn félagsins.
- Andrés Ólafsson var kosin endurskoðandi félagsins og honum færðar þakkir fyrir störf hans á liðnu ári.
- Samþykkt var tillaga frá stjórn félagsins um að félagsgjöldin yrðu 1800 kr.

Þórdís Reynisdóttir og Guðbjörg Guðmunda Benjamínsdóttir gáfu ekki aftur kost á sér í stjórn Þjóts og þeim færðar þakkir fyrir störf sín síðastliðinn ár.

Viðurkenningar til félagsmanna á árinu 2017 voru:

- Hvatningabikar ÍF hlaut: Guðmundur Elías Pálsson
- Lýðsbikarinn hlaut: Jón Agnarsson
- Hvatningabikar Þjóts til yngri iðkenda sem sýnir góða ástundun og/eða framfarir hlaut: Helena Káradóttir
- Íþróttamaður Þjóts árið 2016: Lena Kristín Hermannsdóttir.

Fundarstjóri sleit fundi og boðið var upp á veitingar. Alls mættu 34 á fundinn auk stjórnarmeðlima.

Stjórn félagsins starfsárið 2017-2018 er skipuð:

Sigurlaug Njarðardóttir, formaður félagsins

Freyja Þöll Smáradóttir, varaformaður

Hörður Svavarsson, ritari

Jón Þórir Guðmundsson, gjaldkeri

Bjarki Georgsson, meðstjórnandi

Varamenn: Áslaug Þorsteinsdóttir og Emma Rakel Björnsdóttir

Stjórnarfundir félagsins voru 3 talsins, auk þess voru samskipti á Facebook síðu stjórnar um mál og málefni sem komu upp á tímabilinu og þurfti að leysa.

Fjárafilanir og fjármálaleg staða

Innkoma er af félags- og æfingagjöldum félagsmanna og iðkenda. Fjáröflun var af árlegri jólakortasölu og sjálfboðastarf á Þorrablótí Skagamanna.

Styrkir

Þjótur fékk rekstrarstyrk frá Akraneskaupstað, ÍA og lottótekjur



Iðkendafjöldi, flokkar og þjálfaramál

Iðkendafjöldi árið 2017 var 20. Lítil endurnýjun hefur verið á iðkendum. Iðkendur eru eins og undanfarin ár blandaður hópur á öllum aldri. Nokkur hreyfing var í þjálfaramálum árið 2017.

Þjótur bauð upp á æfingar í eftirtöldum íþróttagreinum á starfsárinu:

Boccia: Þjálfarar voru vorönn 2017, Freyja Þöll Smáradóttir, Arnar Ólafsson og Hafsteinn Helgi Jóhannesson. Arnar hætti um vorið en í stað hans kom Ingileif Egilsdóttir í nóvember 2017. Æfingar voru 2x í viku.

Sund: Þjálfarar voru á vorönn 2017 Fanney Björnsdóttir og Ágúst Júlíusson. Á haustönn 2017 þjálfari Bjarney Guðbjörnsdóttir. Æfingar voru 2x í viku.

Sundleikfimi: þjálfari var Sigurður Sigurðsson. Æfing var 1x í viku.

Æfingar á vorönn hófust í janúar og æfingar á haustönn hófust í september.

Helstu viðburðir og þættir í starfi félagsins

- Pizzupartý var haldið í desember 2017 sem tókst mjög vel.
- Sambandsþing ÍF
- Félagið greiddi niður ferðakostnað vegna þátttöku í mótum sem félagið tók þátt í.
- Aðalstjórnarfundir og Ársþing ÍA
- Fundir framkvæmdarstjórnar og aðildarfélaga

Þátttaka og gengi á mótum

Sund:

Áslaug, Emma, Freyr, Halli, Helena og Stefán fóru á Asparmótið í sundi. Mótið gekk vel og allir náðu að bæta sína tíma.

Boccia:

Íslandsmót ÍF í sveitakeppni: Þjótur/ÍFR (Sigurður Smári Kristinsson og Aneta Beta Kaczmarek)– 3. sæti.

Hængsmót á Akureyri: Allir keppendur stóðu sig vel.

Íslandsmót í einstaklingskeppni: Guðmundur Örn Björnsson varð í 1. sæti í 1. deild.

Innanfélagsmót í Boccia: Guðmundur Örn Björnsson stóð upp úr sem sigurvegari.

Íþróttamaður Þjóts 2017 er Guðmundur Örn Björnsson.



Framtíðarsýn og aðrar hugleiðingar

- Aðgengi fyrir fatlað fólk sé eins og best er á kosið við öll tækifæri og viðburði sem ÍA stendur fyrir.
- Þurfum að finna leiðir til að ná til nýrra iðkenda sem ekki eru að æfa íþróttir nú þegar.
- Virkja heimasíðu félagsins þar sem fram koma fréttir af félaginu, bæði með skrifuðu máli og myndum.
- Við verðum að vera dugleg að passa upp á, nú þegar uppbygging á íþróttasvæðum er mikið í umræðu, aðgengi fyrir fatlaða og tækifærum til að auka starfið með nýjum greinum til að æfa.



Formenn aðildarfélaga ÍA 2017





Ársreikningar aðildarfélaga ÍA

**Badmintonfélag Akraness****Rekstrarreikningur****Tekjur**

Framlög og styrkir	2.904.275
Tekjur af mótum	428.800
Æfingagjöld	1.189.784
Aðrar tekjur	602.930
TEKJUR ALLS	5.125.789

Gjöld

Laun og verktakagreiðslur	1.904.413
Kostnaður v/mótahalds	131.350
Rekstur skrifstofu	166.020
Önnur gjöld	2.588.325
Gjöld alls fyrir fjármagnsliði	4.790.108

Hagnaður/tap fyrir fjármagnsliði	335.681
---	----------------

Fjármagnsliðir	24.116
-----------------------	---------------

GJÖLD ALLS	4.814.224
-------------------	------------------

HAGNAÐUR/TAP	311.565
---------------------	----------------

Efnahagsreikningur**Eignir**

Fastafjármunir	0
Veltufjármunir	1.472.380
EIGNIR ALLS	1.472.380

Eigið fé	1.469.211
-----------------	------------------

Skuldir

Langtímaskuldir	0
Skammtímaskuldir	3.169
SKULDIR ALLS	3.169

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ ALLS	1.472.380
---------------------------------	------------------

Blakfélagið Bresi**Rekstrarreikningur****Tekjur**

Framlög og styrkir	83.333
Tekjur af mótum	299.732
Félagsgjöld	481.258
TEKJUR ALLS	864.323

Gjöld

Búningar, áhöld og tæki	144.304
Þátttaka í mótum	298.000
Kynning, fræðsla og útbr.	84.392
Önnur gjöld	10.757
Gjöld alls fyrir fjármagnsliði	537.453

Hagnaður/tap fyrir fjármagnsliði	326.870
---	----------------

Fjármagnsliðir	-2.761
-----------------------	---------------

GJÖLD ALLS	534.692
-------------------	----------------

HAGNAÐUR/TAP	329.631
---------------------	----------------

Efnahagsreikningur**Eignir**

Fastafjármunir	
Veltufjármunir	666.500
EIGNIR ALLS	666.500

Eigið fé	555.397
-----------------	----------------

Skuldir

Langtímaskuldir	0
Skammtímaskuldir	111.103
SKULDIR ALLS	111.103

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ ALLS	666.500
---------------------------------	----------------



Fimleikafélag Akraness

Rekstrarreikningur

Tekjur

Framlög og styrkir	8.224.560
Æfingagjöld	24.466.299
Aðrar tekjur	7.223.265
TEKJUR ALLS	39.914.124

Gjöld

Laun og verktakagreiðslur	25.143.798
Búningar, áhöld og tæki	5.329.229
Ferðakostnaður og þátttaka í mótum	4.277.010
Ferðakostnaður v/móta erlendis	5.091.101
Önnur gjöld	2.779.923
Gjöld alls fyrir fjármagnsliði	42.621.061

Hagnaður/tap fyrir fjármagnsliði -2.706.937

Fjármagnsliðir -254.950

GJÖLD ALLS 42.366.111

HAGNAÐUR/TAP -2.451.987

Efnahagsreikningur

Eignir

Fastafjármunir	0
Veltufjármunir	13.420.047
EIGNIR ALLS	13.420.047

Eigið fé 10.920.526

Skuldir

Langtímaskuldir	
Skammtímaskuldir	2.499.521
SKULDIR ALLS	2.499.521

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ ALLS 13.420.047

Golfklúbburinn Leynir

Rekstrarreikningur

Tekjur

Framlög og styrkir	10.188.835
Tekjur af mótum	10.674.600
Húsa- og vallarleigutekjur	25.172.433
Félagsgjöld	21.859.640
Aðrar tekjur	3.699.524
TEKJUR ALLS	71.595.032

Gjöld

Laun og verktakagreiðslur	37.175.520
Þátttaka í mótum	1.680.042
Kostnaður v/mótahalds	6.030.106
Rekstur mannvirkja	24.514.937
Rekstur skrifstofu	1.632.497
Önnur gjöld	4.927.303
Gjöld alls fyrir fjármagnsliði	75.960.405

Hagnaður/tap fyrir fjármagnsliði -4.365.373

Fjármagnsliðir og fyrningar 5.678.413

GJÖLD ALLS 81.638.818

HAGNAÐUR/TAP -10.043.786

Efnahagsreikningur

Eignir

Fastafjármunir	109.036.840
Veltufjármunir	9.318.333
EIGNIR ALLS	118.355.173

Eigið fé 98.762.966

Skuldir

Langtímaskuldir	13.040.783
Skammtímaskuldir	6.551.424
SKULDIR ALLS	19.592.207

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ ALLS 118.355.173



Hestamannafélagið Dreyri

Hnefaleikafélag Akraness

Rekstrarreikningur

Tekjur

Framlög og styrkir	3.036.534
Tekjur af mótum og námsk.	852.123
Húsa- og vallarleigutekjur	404.171
Félagsgjöld	1.089.000
Aðrar tekjur	2.266.707
TEKJUR ALLS	7.648.535

Gjöld

Laun og verktakagreiðslur	914.305
Búningar, áhöld og tæki	15.776
Þátttaka í mótum	584.800
Kostnaður v/mótahalds	1.531.203
Rekstur mannvirkja	1.341.504
Rekstur skrifstofu	1.009.064
Önnur gjöld	1.187.531
Gjöld alls fyrir fjármagnsliði	6.584.183

Hagnaður/tap fyrir fjármagnsliði 1.064.352

Fjármagnsliðir og fyrningar -126.065

GJÖLD ALLS 6.458.118

HAGNAÐUR/TAP 1.190.417

Efnahagsreikningur

Eignir

Fastafjármunir	40.015.000
Veltufjármunir	6.543.463
EIGNIR ALLS	46.558.463

Eigið fé 46.430.397

Skuldir

Langtímaskuldir	0
Skammtímaskuldir	128.066
SKULDIR ALLS	128.066

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ ALLS 46.558.463

Rekstrarreikningur

Tekjur

Framlög og styrkir	879.175
Æfingagjöld	726.891
Aðrar tekjur	275.500
TEKJUR ALLS	1.881.566

Gjöld

Laun og verktakagreiðslur	965.600
Áhöld og tæki	380.600
Ferðakostnaður v/móta erlendis	85.823
Rekstur og viðhald mannvirkja	760.312
Kynning, fræðsla og útbr.	3.000
Gjöld alls fyrir fjármagnsliði	2.195.335

Hagnaður/tap fyrir fjármagnsliði -313.769

Fjármagnsliðir -3.578

GJÖLD ALLS 2.191.757

HAGNAÐUR/TAP -310.191

Efnahagsreikningur

Eignir

Fastafjármunir	0
Veltufjármunir	331.332
EIGNIR ALLS	331.332

Eigið fé 331.332

Skuldir

Langtímaskuldir	0
Skammtímaskuldir	0
SKULDIR ALLS	0

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ ALLS 331.332



Íþróttafélagið Þjótur

Rekstrarreikningur

Tekjur

Fjárafánir, framlög og styrkir	1.020.523
Félagsgjöld	68.400
Æfingagjöld	444.000
TEKJUR ALLS	1.532.923

Gjöld

Laun og verktakagreiðslur	1.012.115
Ferðakostnaður v/móta innanl.	625.815
Þátttaka í mótum	20.000
Önnur gjöld	171.253
Gjöld alls fyrir fjármagnsliði	1.829.183

Hagnaður/tap fyrir fjármagnsl. -296.260

Fjármagnsliðir -46.051

GJÖLD ALLS 1.783.132

HAGNAÐUR/TAP -250.209

Efnahagsreikningur

Eignir

Fastafjármunir	0
Veltufjármunir	2.444.299
EIGNIR ALLS	2.444.299

Eigið fé 2.420.729

Skuldir

Langtímaskuldir	0
Skammtímaskuldir	23.570
SKULDIR ALLS	23.570

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ ALLS 2.444.299

Karatefélag Akraness

Rekstrarreikningur

Tekjur

Framlög og styrkir	540.649
Æfingagjöld	1.726.529
Aðrar tekjur	313.280
TEKJUR ALLS	2.580.458

Gjöld

Laun og verktakagreiðslur	1.128.299
Ferðakostnaður v/móta innanl.	108.544
Ferðakostnaður v/móta erl.	311.073
Þátttaka í mótum	148.696
Kynning, fræðsla og útbr.	91.400
Önnur gjöld	243.217
Gjöld alls fyrir fjármagnsliði	2.031.229

Hagnaður/tap fyrir fjármagnsl. 549.229

Fjármagnsliðir 0

GJÖLD ALLS 2.031.229

HAGNAÐUR/TAP 549.229

Efnahagsreikningur

Eignir

Fastafjármunir	0
Veltufjármunir	1.587.496
EIGNIR ALLS	1.587.496

Eigið fé 1.525.581

Skuldir

Langtímaskuldir	0
Skammtímaskuldir	61.915
SKULDIR ALLS	61.915

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ ALLS 1.587.496



Körfuknattleiksfélag Akraness

Knattspyrnufélagið Kári

Rekstrarreikningur

Tekjur

Fjárafánir og styrkir	6.065.209
Tekjur af mótum	585.407
Æfingagjöld	4.123.571
TEKJUR ALLS	10.774.187

Gjöld

Laun og verktakagreiðslur	4.581.470
Búningar, boltar og tæki	732.782
Ferðakostnaður v/móta innanl.	3.092.809
Þátttaka í mótum	1.854.367
Kostnaður v/mótahalds	756.988
Rekstur mannvirkja og húsal.	303.480
Kynning, fræðsla og útb.	42.702
Önnur gjöld	105.354
Gjöld alls fyrir fjármagnsliði	11.469.952

Hagnaður/tap fyrir fjármagnsl. -695.765

Fjármagnsliðir og afskriftir 30

GJÖLD ALLS 11.469.982

HAGNAÐUR/TAP -695.795

Efnahagsreikningur

Eignir

Fastafjármunir	0
Veltufjármunir	814.289
EIGNIR ALLS	814.289

Eigið fé 814.289

Skuldir

Langtímaskuldir	0
Skammtímaskuldir	0
SKULDIR ALLS	0

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ ALLS 814.289

Rekstrarreikningur

Tekjur

Framlög og styrkir	3.554.144
TEKJUR ALLS	3.564.144

Gjöld

Laun og verktakagreiðslur	931.000
Styrkir til deilda	0
Félagaskipti og kaup leikmanna	106.000
Búningar, áhöld og tæki	608.433
Ferðakostnaður v/móta innanl.	206.280
Þátttaka í mótum	50.000
Önnur gjöld	1.263.997
Gjöld alls fyrir fjármagnsliði	3.165.710

Hagnaður/tap fyrir fjármagnsl. 398.434

Fjármagnsliðir 0

GJÖLD ALLS 3.165.710

HAGNAÐUR/TAP 398.434

Efnahagsreikningur

Eignir

Fastafjármunir	0
Veltufjármunir	551.564
EIGNIR ALLS	551.564

Eigið fé 551.564

Skuldir

Langtímaskuldir	0
Skammtímaskuldir	0
SKULDIR ALLS	0

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ ALLS 551.564

**Keilufélag Akraness****Rekstrarreikningur****Tekjur**

Framlög og styrkir	2.488.410
Húsa- og vallahleigutekjur	1.066.716
Æfingagjöld	424.825
TEKJUR ALLS	3.979.951

Gjöld

Laun og verktakagreiðslur	525.000
Félagaskipti og sala leikmanna	30.000
Áhöld og tæki	1.300.531
Þátttaka í mótum	1.365.611
Kostnaður v/mótahalds	9.862
Rekstur mannvirkja	71.897
Rekstur skrifstofu	289.739
Kostn. v/samkeppnisreksturs	50.000
Önnur gjöld	63.000
Gjöld alls fyrir fjármagnsliði	3.705.640

Hagnaður/tap fyrir fjármagnsl.	274.311
---------------------------------------	----------------

Fjármagnsliðir	124.073
-----------------------	----------------

GJÖLD ALLS	3.829.713
-------------------	------------------

HAGNAÐUR/TAP	150.238
---------------------	----------------

Efnahagsreikningur**Eignir**

Fastafjármunir	5.024.314
Veltufjármunir	713.591
EIGNIR ALLS	5.737.905

Eigið fé	4.184.886
-----------------	------------------

Skuldir

Langtímaskuldir	999.996
Skammtímaskuldir	553.023
SKULDIR ALLS	1.553.019

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ ALLS	5.737.905
---------------------------------	------------------

Klifurfélag ÍA**Rekstrarreikningur****Tekjur**

Framlög og styrkir	1.897.785
Félags- og æfingagjöld	1.666.733
Aðrar tekjur	196.616
TEKJUR ALLS	3.761.134

Gjöld

Laun og verktakagreiðslur	1.493.750
Áhöld og tæki	676.385
Kynning, fræðsla og útbr.	183.032
Önnur gjöld	443.657
Gjöld alls fyrir fjármagnsliði	2.796.824

Hagnaður/tap fyrir fjármagnsl.	964.310
---------------------------------------	----------------

Fjármagnsliðir og afskriftir	-30.879
-------------------------------------	----------------

GJÖLD ALLS	2.765.945
-------------------	------------------

HAGNAÐUR/TAP	995.189
---------------------	----------------

Efnahagsreikningur**Eignir**

Fastafjármunir	0
Veltufjármunir	1.404.375
EIGNIR ALLS	1.404.375

Eigið fé	1.404.375
-----------------	------------------

Skuldir

Langtímaskuldir	0
Skammtímaskuldir	0
SKULDIR ALLS	0

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ ALLS	1.404.375
---------------------------------	------------------



Knattspyrnufélag ÍA

Rekstrarreikningur

Tekjur

Framlög og styrkir	82.211.522
Tekjur af mótum	34.516.027
Félagsgjöld og sala leikm.	23.903.824
Æfingagjöld	39.223.933
Aðrar tekjur	22.553.841
TEKJUR ALLS	202.409.147

Gjöld

Laun og verktakagreiðslur	53.992.507
Afreksstyrkir og hlunnindi leikm.	33.118.166
Búningar, áhöld og tæki	6.089.225
Kostnaður v/mótahalds	15.171.673
Rekstur mannvirkja og húsaleiga	2.109.404
Rekstur skrifstofu	6.638.353
Önnur gjöld	83.679.883
Gjöld alls fyrir fjármagnsliði	200.799.211

Hagnaður/tap fyrir fjármagnsliði 1.609.936

Fjármagnsliðir 373.753

GJÖLD ALLS 201.172.964

HAGNAÐUR/TAP 1.236.183

Efnahagsreikningur

Eignir

Verðgildi leikmanna	5.400.000
Fastafjármunir	234.976
Veltufjármunir	21.382.475
EIGNIR ALLS	27.017.451

Eigið fé 19.242.046

Skuldir

Langtímaskuldir	0
Skammtímaskuldir	7.775.405
SKULDIR ALLS	7.775.405

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ ALLS 27.017.451

Kraftlyftingafélag Akraness

Rekstrarreikningur

Tekjur

Framlög og styrkir	309.765
Tekjur af mótum	285.000
TEKJUR ALLS	594.765

Gjöld

Þátttaka í mótum	154.000
Kostnaður v/mótahalds	242.058
Önnur gjöld	461.697
Gjöld alls fyrir fjármagnsliði	857.755

Hagnaður/tap fyrir fjármagnsliði -262.990

Fjármagnsliðir 1.705

GJÖLD ALLS 859.460

HAGNAÐUR/TAP -264.695

Efnahagsreikningur

Eignir

Fastafjármunir	0
Veltufjármunir	348.452
EIGNIR ALLS	348.452

Eigið fé 348.452

Skuldir

Langtímaskuldir	0
Skammtímaskuldir	0
SKULDIR ALLS	0

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ ALLS 348.452

**Sigurfari****Skotfélag Akraness****Rekstrarreikningur****Rekstrarreikningur****Tekjur**

Framlög og styrkir	181.350
Félagsgjöld	190.614
Félags- og æfingagjöld	34.000
TEKJUR ALLS	405.964

Tekjur

Framlög og styrkir	383.333
Tekjur af mótum	412.000
Félagsgjöld	888.000
Æfingagjöld	890.000
Aðrar tekjur	87.500
TEKJUR ALLS	2.660.833

Gjöld

Kynning, fræðsla og útbr.	54.267
Önnur gjöld	5.747
Gjöld alls fyrir fjármagnsliði	60.014

Gjöld

Kostnaður v/mótahalds	266.546
Rekstur mannvirkja	1.327.654
Önnur gjöld	658.864
Gjöld alls fyrir fjármagnsliði	2.253.064

Hagnaður/tap fyrir fjármagnsliði	345.950
---	----------------

Hagnaður/tap fyrir fjármagnsl.	407.769
---------------------------------------	----------------

Fjármagnsliðir	-187
-----------------------	-------------

Fjármagnsliðir	-22.314
-----------------------	----------------

GJÖLD ALLS	59.827
-------------------	---------------

GJÖLD ALLS	2.230.750
-------------------	------------------

HAGNAÐUR/TAP	346.137
---------------------	----------------

HAGNAÐUR/TAP	430.083
---------------------	----------------

Efnahagsreikningur**Efnahagsreikningur****Eignir**

Fastafjármunir	0
Veltufjármunir	396.793
EIGNIR ALLS	396.793

Eignir

Fastafjármunir	3.604.357
Veltufjármunir	2.002.482
EIGNIR ALLS	5.606.839

Eigið fé	396.793
-----------------	----------------

Eigið fé	5.596.839
-----------------	------------------

Skuldir

Langtímaskuldir	0
Skammtímaskuldir	0
SKULDIR ALLS	0

Skuldir

Langtímaskuldir	0
Skammtímaskuldir	10.000
SKULDIR ALLS	10.000

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ ALLS	396.793
---------------------------------	----------------

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ ALLS	5.606.839
---------------------------------	------------------



Sundfélag Akraness

Umf. Skipaskagi

Rekstrarreikningur

Tekjur

Framlög og styrkir	4.709.755
Tekjur af mótum	3.115.111
Æfingagjöld	9.859.508
Aðrar tekjur	5.813.720
TEKJUR ALLS	23.498.094

Gjöld

Laun og verktakagreiðslur	15.264.883
Búningar, áhöld og tæki	763.765
Ferðakostnaður v/móta innanlands	70.100
Þátttaka í mótum	2.369.351
Kostnaður v/mótahalds	1.319.118
Rekstur mannvirkja og tækja	885.934
Önnur gjöld	2.210.543
Gjöld alls fyrir fjármagnsliði	22.883.694

Hagnaður/tap fyrir fjármagnsl. 614.400

Fjármagnsliðir 26.254

GJÖLD ALLS 22.909.948

HAGNAÐUR/TAP 588.146

Efnahagsreikningur

Eignir

Fastafjármunir	678.358
Veltufjármunir	6.468.511
EIGNIR ALLS	7.146.869

Eigið fé 5.770.349

Skuldir

Langtímaskuldir	0
Skammtímaskuldir	1.376.520
SKULDIR ALLS	1.376.520

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ ALLS 7.146.869

Rekstrarreikningur

Tekjur

Framlög og styrkir	384.215
Félagsgjöld	81.000
TEKJUR ALLS	465.215

Gjöld

Styrkir til deilda	218.690
Kostnaður v/mótahalds	87.830
Auglýsingar, kynning og fræðsla	10.249
Önnur gjöld	174.756
Gjöld alls fyrir fjármagnsliði	491.525

Hagnaður/tap fyrir fjármagnsl. -26.310

Fjármagnsliðir -2.290

GJÖLD ALLS 489.235

HAGNAÐUR/TAP -24.020

Efnahagsreikningur

Eignir

Fastafjármunir	0
Veltufjármunir	1.033.978
EIGNIR ALLS	1.033.978

Eigið fé 1.033.978

Skuldir

Langtímaskuldir	0
Skammtímaskuldir	0
SKULDIR ALLS	0

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ ALLS 1.033.978

Vélahjólaiþróttafélag Akraness**Rekstrarreikningur****Tekjur**

Framlög og styrkir	2.086.613
Tekjur af mótum	130.610
Félagsgjöld	237.000
TEKJUR ALLS	2.454.223

Gjöld

Laun og verktakagreiðslur	810.000
Áhöld og tæki	75.977
Kostnaður v/mótahalds	92.230
Rekstur mannvirkja	1.271.652
Kynning, fræðsla og útbr.	20.000
Önnur gjöld	464.223
Gjöld alls fyrir fjármagnsliði	2.734.082

Hagnaður/tap fyrir fjármagnsliði **-279.859**

Fjármagnsliðir **-5.666**

GJÖLD ALLS **2.728.416**

HAGNAÐUR/TAP **-274.193**

Efnahagsreikningur**Eignir**

Fastafjármunir	700.000
Veltufjármunir	287.847
EIGNIR ALLS	987.847

Eigið fé **987.847**

Skuldir

Langtímaskuldir	0
Skammtímaskuldir	0
SKULDIR ALLS	0

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ ALLS **987.847**

